

„Ég er hörku businessmaður“

SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON UM BJARTS-ÆVINTÝRIÐ, HARRY POTTER OG LÍFIÐ MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Í KAUPMANNAHÖFN



32

„MENGELLA TJÁDI SIG ANNARS UM FLEST OG Á ÝMSU HAFÐI ÉG PERSONULEGA ENGAN ÁHUGA. ÉG VAR YFIRLEITT ÓSAMMÁLA HENNI.“

Leynibloggarinn Mengella kemur út úr skápnunum

36



FRÍTT


FRÉTTABLAÐIÐ

24. nóvember 2007 – 320. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



Mynd Anítu vekur athygli

Myndbrot úr nýrri mynd með Anítu Briem er sýnt á undan Bjólfskviðu og hefur vakið mikla athygli ytra.

FÓLK 66

Vinsæl, þægileg og hjálpsöm

Vefpulan Ragga aðstoðar lesblinda.

TÍMAMÓT 28



Versta vörnin í 28 ár

Varnarleikur íslenska landsliðsins í undankeppni EM var sá slakasti í 28 ár. Síðast þegar vörnin var svona léleg tapaði Ísland öllum leikjum sínum.

ÍPRÓTTIR 62


Hús&heimili

Nytjalist, aðventukransar, arkitektúr og legódót er meðal efnis í Hús&heimili.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG



LÆGIR UM ALLT LAND þegar líður á daginn, síðast á Austurlandi. Hæg norðanátt og bjart sunnanlands, en skýjað og él norðantil.

VEÐUR 4

Einn líkfundarmanna aftur í gæsluvarðhald

Tomas Malakauskas, einn þriggja sem dæmdir voru til refsingar í líkfundarmálinu í Neskaupstað, situr í gæsluvarðhaldi. Malakauskas var vísað úr landi að afplánun lokinni. Hann var handtekinn í vikunni með fíkniefni í fórum sínum.

LÖGREGLUMÁL Tomas Malakauskas, sem þekktur varð fyrir þátttöku sína í líkfundarmálinu svokallaða í Neskaupstað árið 2004, situr nú í gæsluvarðhaldi hér á landi, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Hann var handtekinn í vikunni og síðan úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Malakauskas var dæmdur í tveggja og hálf árs fangelsi ásamt tveimur öðrum í nóvember 2004 og afplánaði fangelsisdóm á Litla-Hrauni. Eftir að hann losnaði var honum vísað úr landi og hefur hann síðan verið í endurkomubanni hingað til lands. Það að hann hafi komið

FJÖLDI Í GÆSLUVARÐHALDI 23. NÓVEMBER 2007

Staður	Fjöldi
Hegningarhús	2
Litla-Hraun	16
Kópavogur	1
Þjóðerni	
Íslendingar	12
Útlendingar	7

HEIMILD: FANGELISMÁLSTOFNUN

til landsins, þrátt fyrir endurkomubann, getur varðað allt að sex mánaða fangelsi. Þá leikur grunur á að hann hafi verið með fíkniefni í

fórum sínum þegar hann var handtekinn nú.

Upphaf líkfundarmálsins var það að annar Lithái, Vaidas Jucevicius að nafni, komst inn í landið með mikið magn af amfetamíni innvortis í febrúar 2004. Í vitorði með honum og Malakauskas voru Grétar Sigurðarson og Jónas Ingi Ragnarsson. Jucevicius dvaldi í íbúð Malakauskas, þar sem hann færveiktist og lést síðan.

Malakauskas og Jónas Ingi fluttu líkið innpakkað í jeppa í Neskaupstað, þar sem Grétar var fyrir. Þar var líkið þyngt og síðan sókkt við bryggjuna.

- sjá síðu 4



UMKRINGDUR LÍFVÖRÐUM Saeed Hariri, leiðtogi þingmeirihlutans, fyrir miðri mynd. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarkreppa í Líbanon: Forseti lýsir yfir neyðarástandi

LÍBANON, AP Emile Lahoud, forseti Líbanons, lýsti yfir neyðarástandi í gær þegar ljóst var að þingi landsins tókst ekki að kjósa nýjan forseta, en kjörtímabil Lahouds rann út í gær.

Þingforsetinn, Nabih Berri, hafði ákveðið að fresta þingi um viku svo meiri tími fengist til að ná samkomulagi um kosningu forseta.

Ríkisstjórnin, undir forystu Fuad Saniora, tekur samkvæmt stjórnarskrá að sér forsetavaldið nú þegar kjörtímabil Lahouds er runnið út, en Lahoud óttast að Saniora noti sér tækifærið til að skipa nýja ríkisstjórn.

- gb

Nýtt æði komið í Hafnarfjörð: Brúnkuklefinn talar við gesti

LÍKAMSÆKT Brúnkuklefi sem talar hefur verið tekinn í notkun í Hafnarfirði. Klefinn talar við gesti í gegnum meðferð þar sem sprautað er á þá brúnkukremi.

Sólveig Birna Gísladóttir, eigandi Airbrush og Makeup Gallery í Dalshrauni, segir ekkert lát vera á brúnkuaði Íslendinga sem flykkist í klefann. Aðspurð segir hún að sem betur fer hafi enginn misskilningur komið upp enn þá á milli klefans og viðskiptavina.

„Ég fer vel í gegnum þetta með fólki áður en það fer inn. Þetta á að sleppa fyrir þá sem eru sæmilega skarpir,“ segir Sólveig.

- gar / sjá síðu 66



TÍMINN LÍÐUR Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Axel Eiríksson, formaður Úrsmiðafélagsins, skoða klukkuverkið sem áður var í turni Sjómannaskólans. Úrsmiðafélagið hefur gert verkið upp og er það til sýnis í anddyri Fjöltækniskólans.

Félagsmálaráðherra vill semja við lífeyrissjóðina sem boðað hafa skerðingar: Fá 100 milljónir fyrir óskertan lífeyri

FÉLAGSMÁL Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur sent þeim lífeyrissjóðum, sem boðað hafa skerðingar á greiðslum til öryrkja, bréf og boðið þeim að ganga til viðræðna við ríkið um að þeir falli frá þeim áformum. Ríkisvaldið býður allt að 100 milljónir úr ríkissjóði gegn því að þeir falli frá fyrirhuguðum aðgerðum út næsta ár. Vonast er til að ná samn-

ingum við sjóðina og finna viðvarandi lausn á málinu.

Örn Arnþórsson, skrifstofustjóri hjá lífeyrissjóðnum Gildi, sem Öryrkjabandalagið stendur nú í málafærlum við, staðfesti að bréfið hefði borist en neitaði að tjá sig frekar um málið. Félagsmálaráðherra fór yfir stöðu öryrkja með forsvarsmönnum lífeyrissjóðanna í október.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, fagnar frumkvæði félagsmálaráðherra. „Ég tel að lífeyrissjóðirnir hefðu aldrei þurft að grípa til skerðinga. Ég treysti því að sjóðirnir bregðist hratt við þannig að margt af fátækasta fólki landsins verði ekki fyrir því um næstu mánaðamót að afkomu þeirra sé ógnað,“ segir Sigursteinn Másson.

- kdk

Fylgstu með á www.jolamjolk.is

Spennandi leikur hefst 1. desember.

E S E D R A

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

home art



HOME ART ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND



ORMSSON



Svanur, er þetta ekki bara þröngsýni í þér?

„Nei, maður verður að taka öllu með opnum huga en ekki svo opnum að heilinn detti út.“

Svanur Sigurbjörnsson lyflæknir segir nýaldarfræði geta verið varhugaverð.

Meirihlutinn í borgarstjórn vill ekki breyta Orkuveitu Reykjavíkur í hlutafélag:

Verði alltaf eign sveitarfélaga

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur skal alltaf vera í 100 prósent eigu sveitarfélaga og verður ekki breytt í almennt hlutafélag. Þetta er ein þeirra hugmynda sem dregnar eru upp í minnisblaði meirihlutans í borgarstjórn sem lagt var fram í stýrihópi um mál-efni Orkuveitunnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þetta verði hluti af skýrri stefnumörkun borgarstjórnar í málefnum fyrirtækisins.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, staðfestir að þetta sé ein af þeim hugmyndum sem er að finna í skjalinu og þar sé á



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLmsson Oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn vill hlutafélagavæða Orkuveitu Reykjavíkur. Hann segir einkavæðingu ekki koma til greina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

mjög afdráttarlausan hátt kveðið á um að hlutafélagavæðing fyrir-

tækisins komi ekki til greina. Spurður hvort það komi til greina af hálfu sjálfstæðismanna í borgarstjórn að samþykkja tillöguna segir Vilhjálmur ljóst að sjálfstæðismenn í borginni hafi viljað breyta Orkuveitunni í hlutafélag en jafnframt komi ekki til greina að hún verði einkavædd. „Það er ekki hægt að binda hendur borgarfulltrúa til eilífðarnóns um hvernig þessu verður háttað. Við myndum ekki samþykkja ákvæði eins og þetta. Það er stefna okkar að Orkuveitan verði gerð að hlutafélagi til að aðlaga fyrirtækið að rekstri fyrirtækja í landinu.“

- shá

Bruninn í Vestmannaeyjum:

Voru að stelast til að reykja

VESTMANNAEYJAR Glóð eftir laumureykningar fjórtán ára unglunga olli líklega brunanum í Tangahúsi í Vestmannaeyjum í vikunni.

Lögreglan segir að krakkarnir, tveir strákar og ein stelpa, séu ekki líklegir til að standa að íkveikjum, en getur samt ekki útilokað það. Málið er í rannsókn og er gengið út frá því að um óvitaskap hafi verið að ræða, enda hafa unglungarnir aldrei komið við sögu lögreglu áður.

Eldurinn kom upp um klukkan fjögur í fyrradag og meiddist slökkviliðsmaður lítillag við slökkvistörf.

- kóp

Vonbrigði að þurfa að fara frá félaginu

Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður REI, segir það vonbrigði að þurfa að kveðja fyrirtækið. Áhugi á þátttöku í orkuútrásinni er sá sami og áður og hann mun skoða spennandi kosti. „Málið hefur ekki gert neinum gott,“ segir Bjarni.

ORKUMÁL „Það er alveg ljóst að þetta mál hefur endað með allt öðrum hætti en ég hafði væntingar um og í því ljósi eru þetta vonbrigði,“ segir Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest, um brotthvarf sitt frá fyrirtækinu. Hann segir áhuga sinn á orkuútrásinni ekkert hafa minnkað og hann muni skoða spennandi tækifæri, bjóðist þau. Hann segir REI-málið ekki hafa gert neinum gott sem því tengist.

Orkuveitan og eignarhaldsfélag Bjarna og Jóns Diðriks Jónssonar hafa komist að samkomulagi um að Orkuveitan kaupi aftur það hlutafélag í REI sem þau lögðu inn í félagið. Samkomulag er um að Bjarni Ármannsson sitji sem formaður REI til áramóta.

En ég er leiður yfir því hvernig þetta mál hefur þróast, það er ekki hægt að draga dul á það. Þetta mál hefur ekki gert neinum gott sem að því hefur komið eða á því snert.

BJARNI ÁRMANNSSON
STJÓRNARFORMAÐUR REI

„Það er ljóst að fyrirtækið er á allt annarri vegferð en var lagt upp með þegar ég var beðinn um að koma að félaginu. Í ljósi þess taldi ég eðlilegast að ég seldi minn hlut og Orkuveitan eignaðist að fullu félagið,“ segir Bjarni um ákvörðun sína.

Spurður hvort það hafi verið mistök af hans hálfu að fara í samkrull með Orkuveitunni segir Bjarni að málið hafi endað með allt öðrum hætti en hann hafði væntingar um. „Í því ljósi eru þetta vonbrigði. Ég held að þeir þættir sem tengdust því að fyrirtækið er í opinberri eigu feli í sér miklar flækjur. Það var strax markmiðið að breyta því og að Orkuveitan yrði í minnihluta í félaginu. En við náðum því miður ekki að komast þangað.“

Haft hefur verið á orði að ímynd Bjarna hafi beðið hnekki með aðkomu hans að REI. Bjarni segir að ímynd sé hverful og vill vera dæmdur af verkum sínum. „En ég er leiður yfir því hvernig þetta mál hefur þróast, það er ekki hægt að draga dul á það. Þetta mál hefur ekki gert neinum gott sem að því hefur komið eða á því snert. Hafa ber þó í huga að


BJARNI ÁRMANNSSON Segist hafa komið að félaginu með ákveðnum forsendum og unnið af heilindum að þeim markmiðum sem lagt var af stað með.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ekki eru öll kurl komin til grafar.“ Bjarni útilokar ekki að fara með viðskiptahugmyndir sínar og fjármagn inn í annað orkufyrirtæki, en svarar því ekki hvort til greina komi að hann fari til samstarfs við Geysi Green Energy. „En trú mín á orkugeiranum er sú sama og áður. Efnahagslega verða því mikil tækifæri í orkuframleiðslu með nýtingu jarðvarma. Auðvitað er því hugurinn enn þá þar og ef það koma tækifæri sem mér finnst spennandi mun ég leggja yfir það,“ segir Bjarni.

svavar@frettabladid.is



Rúmlega 56.000 fleiri lesa Fréttablaðið en 24 stundir

Allt sem þú þarft...



...alla daga



Mikil viðmælingur á töluþátt, þingdags, til laugardags, 12-18 ára fyrir allt land.

Pakistan hefur verið vísað úr breska samveldinu:

Sharif ætlar að snúa aftur

PAKISTAN, AP Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra Pakistans, ætlar í næstu viku að gera aðra tilraun til að snúa aftur heim úr útlegðinni.

„Um það er enginn efi,“ segir Zafar Ali Shah, varaformaður stjórn málaflokks Sharifs. „Nawaz Sharif verður hjá okkur í næstu viku, en á þessu stigi getum við ekki sagt nákvæmlega hvenær og hvar hann verður.“

Sharif hefur verið í útlegð síðan Pervez Musharraf steypti honum af stóli árið 1999. Sharif reyndi að snúa aftur í síðasta mánuði, en var strax snúið til baka og sendur aftur úr landi. Hann hefur harðlega gagnrýnt Musharraf og vill taka höndum saman gegn honum með Benazir Bhutto, leiðtoga stærsta stjórnarandstöðuflokksins.

Óljóst er hvort Pervez Musharraf forseti ætli að segja af sér sem yfirmaður hersins nú um helgina.

Pakistan var rekið úr breska samveldinu á fimmtudag, en þá rann út sá frestur sem Musharraf hafði til þess að segja af sér og aflétta neyðarástandi.

Musharraf hefur sagst ætla að segja af sér yfirmennsku hersins þegar hæstiréttur væri



KVEIKT Í DEKKJUM Stuðningsmenn Sharifs leggja áherslu á mál sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/APP

þúinn að staðfesta að forsetakjör hans í byrjun október hafi verið löglegt. Það gerði hæstiréttur, sem nú er skipaður dómurum hlíðhollum Musharraf, í vikunni.

- gb

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA



ÚTISERÍUR

Vandaðar - sterkar og mikið úrval!

20%

HELGARAFSLÁTTUR



blóm
helgarímar



Eldljur
295kr



heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

NÝTT Í GARDHEIMUM
EUKANUBA HUNDAFÓÐUR OG IAMS KATTAFÓÐUR



20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	62,58	62,88
Sterlingspund	128,83	129,45
Evra	92,60	93,12
Dönsk króna	12,418	12,490
Norsk króna	11,511	11,579
Sænsk króna	9,926	9,984
Japanskt jen	0,5786	0,5820
SDR	99,76	100,36

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,4064
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýr forsætisráðherra Póllands flytur fyrstu stefnuræðu sína: Pólski herinn heim frá Írak

PÓLLAND, AP Ný ríkisstjórn Póllands hyggst kalla pólsku hermennina í Írak heim á næsta ári en halda áfram þátttöku í verkefni NATO í Afganistan. Þetta var meðal þess sem nýi forsætisráðherrann Donald Tusk boðaði í stefnuræðu sinni í pólska þinginu í gær.

En þar sem Lech Kaczyński forseti hefur sem æðsti yfirmaður pólska heraflans sitt um þetta að segja verður ekki ljóst hvað úr verður fyrr en hann hefur kveðið upp úr um hvort hann hyggst reyna að hnekkja áformum ríkisstjórnarinnar eða ekki. Um 900 manna pólskt herlið fer fyrir 2.000

manna fjölþjóðlegu herliði í Írak. Tusk sagði enn fremur að stjórnin myndi taka upp á ný samningaviðræður við Bandaríkjastjórn um að hýsa eldflaugavarnastöð í landinu, en hún muni þó fyrst ráðfæra sig við NATO og önnur grannríki. Með því gaf hann til kynna meiri varkárni í málinu en fyrri stjórn síndi; hún var mjög áfram um að verða við óskum Bandaríkjamanna.

Þá sagði Tusk að hann hygðist sjá til þess að hinn nýi umbótasáttmáli Evrópusambandsins yrði fullgiltur fyrir Póllands hönd á næstu dögum, og að evran yrði tekin upp „eins fljótt og auðið er“.



DONALD TUSK Nýi forsætisráðherrann flytur ræðu sína í þinginu í Varsjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Með þessu sýnir Tusk einnig mikla stefnubreytingu frá fyrri stjórn, sem var meira og minna upp á kant við Evrópusambandið. - aa

22 skemmur leigðar út: Starfsemi hafin á Tæknivöllum

SKIPULAGSMÁL Starfsemi er hafin á stærstum hluta iðnaðarsvæðis á svonefndum Tæknivöllum á Miðnesheiði. Að sögn Ríkharðs Ibson, framkvæmdastjóra Lykilráðgjafar, hafa 22 skemmur verið leigðar út og eftir standa þrjár skemmur. Meðal fyrirtækja á Tæknivöllum eru, ÍAV Þjónusta ehf., Hringrás, Vélsmiðjan Völlur og Bílaleigan Geysir.

Svæðið, sem er í eigu fyrirtækisins Base ehf., er um 40.000 fermetrar. Hugmynd eigenda Base er að koma á fót iðnaðarsvæði, þar sem sterkir aðilar koma sér fyrir með möguleika á samstarfi við aðra á svæðinu. - eb

Ár frá láti Litvinenkos: Málið sent til Mannréttindadómstólsins

BRETLAND, AP Ættingjar og vinir Alexanders Litvinenkos, rússneska athafnamannsins sem myrtur var í London, minntust þess í gær að ár var liðið frá láti hans. Þeir saka rússnesk stjórnvöld enn um aðild að morðinu.

Lögmenn Marínu, ekkju Litvinenkos, hafa sent mál hans til Mannréttindadómstóls Evrópu og krefjast þess að Rússar sýni bresku lögreglunni meiri samvinnu í rannsókn málsins.

Rússar hafa neitað því að framselja Andrei Lugovoi, sem grunaður er um morðið, til Bretlands þar sem stjórnarskrá Rússlands heimili ekki slíkt framsal. - gb

RÚSSLAND

Gífurlegt mengunarslys

Tæplega 15.000 fuglar hafa drepist vegna olíulekans frá rússneska olíuskipinu sem sökk í óveðri á Svartahafi 11. nóvember. Auðlindaráðherra Rússlands mat í gær að skaðinn af olíulekanum gæti numið hátt í 15,7 milljarða króna.

SELFOSS

Bílvelta í hálkunni

Prennt undir tvítugu var flutt til rannsóknar í Reykjavík, eftir bílveltu um kvöldmatarleytið í gær. Bíllinn fór út af hálum Laugarvatnsveginum við bæinn Efra-Apavatn. Þau voru ekki talin alvarlega slösuð.

ÁRÉTTING

Í frétt um að bændur vilji gefa kýr til bóndans á Stærta-Árskógi var missagt að bóndinn, Ástþór Örn Arnason, ætti áttatíu nautgripi. Hið rétta er að hann á áttatíu mjólkandi kýr.

LEIT AÐ LAGVOPNI Kafarar leituðu að lagvopni í Norðfjarðarhöfn eftir að stungusárin fundust á líkinu. Héraðsdómur dæmdi þremmenningana í málinu í tveggja og háls árs fangelsi.



Líkfundarmaðurinn var með fíkniefni

Tomas Malakauskas var handtekinn í vikunni og situr nú í gæsluvarðhaldi. Hann var einn þriggja sem dæmdir voru í líkfundarmálinu svokallaða. Hann er í endurkomubanni. Á honum fundust fíkniefni þegar hann var handtekinn.

LÖGREGLUMÁL Tomas Malakauskas situr nú í gæsluvarðhaldi hér á landi en hann er í endurkomubanni til landsins eftir líkfundarmálið í Neskaupstað. Malakauskas notaði ekki fölsk skilríki til að komast inn í landið, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Grunur leikur á að hann hafi dvalið hér um hríð en kona hans hefur verið búsett hér að undanfögnu. Malakauskas var handtekinn fyrr í vikunni og úrskurdaður í gæsluvarðhald. Fíkniefni fundust í fórum hans við handtökuna. Hann hefur verið vistaður á lög-reglustöðinni við Hverfisgötu þar til í gær að hann var fluttur á Litla-Hraun. Þar hóf hann fangelsisvist vegna líkfundarmálsins árið 2004. Upphaf þess var þegar kafari fann fyrir tilviljun í febrúar það ár lík í sjónum við netagerðarbryggjuna í Neskaupstað. Um var að ræða Lit-

háa, Vaidas Jucevicius, sem var nýkominn til landsins. Í fyrstu var talið að um kaldrifjað morð væri að ræða þar sem fimm stungusár voru á líkinu. Krufning leiddi í ljós að hinn látni var með um 400 grömm af fíkniefnum innvortis í 50 til 60 hylkjum.

Böndin bárust fljótt að þremur mönnum; Grétari Sigurðarsyni, Jónasi Inga Ragnarssyni og Tomasi Malakauskas. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að Jucevicius hafði komið til landsins 2. febrúar. Hann fékk verki í kvíðarhol fljótlega eftir komuna og versnaði jafnt og þétt þar til hann lést að morgni 6. febrúar í íbúð Malakauskas. Honum hafði ekki tekist að losa sig við fíkniefnin þrátt fyrir stólpípugjafir og fleiri aðgerðir félaga hans.

Þeir settu líkið í plastpoka og límdu fyrir. Því næst rúlluðu þeir

honum inn í teppi og límdu og hnýttu fyrir með snæri. Líkinu komu þeir fyrir í jeppa og óku til Neskaupstaðar. Þar sökktu þeir því eftir að hafa þyngt það og stungið á það göt til að koma í veg fyrir gasmyndun sem myndi auka hættuna á að það flyti upp.

Í ljós kom að Malakauskas hafði verið í stöðugu símasambandi við mann í Litháen þá daga sem Jucevicius var veikur. Lögreglan rakti á þriðja hundrað símtöl, flest úr farsímum hans, til litháísks karlmanns sem talinn er höfuð-paur skipulagðrar glæpastarfsemi þar í landi.

Ekki er ljóst hvernig farið verður með mál Malakauskas hér á landi nú. Samkvæmt lögum um útlendinga varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum sé endurkomubann brotið, eins og hann hefur nú gert.

Smit tvöfaldast frá 1999: Fjölgun HIV-smita í Evrópu

EISTLAND, AP 86.912 ný HIV-smit voru skráð í Evrópu árið 2006. Tvö af hverjum þremur smitum komu upp í fyrrum aðildarríkjum Sovétríkjanna að sögn Zsuzsanna Jakab, forstjóra Evrópsku sóttvarnastofnunarinnar. Hlutfall nýrra HIV- og eyðnismita hefur nær tvöfaldast frá 1999 samkvæmt skýrslu stofnunarinnar.

HIV-smituðum fjölga hraðast í Eistlandi af öllum Evrópulöndunum. Í fyrra voru 504 ný HIV-smit skráð á hverja milljón íbúa, sem er næstum fimm sinnum herra en meðaltalið í Evrópu.

Úkraína, Rússland og Portúgal koma næst á eftir í fjölda smita. - sdg



EXPLOER SKIPIÐ hefur oft komið til Íslands á undanföllum árum.

Skip rakst utan í Ísjaka: Mannbjörg við Suðurskautið

ARGENTÍNA, AP Alls 154 farþegum og áhöfn var bjargað eftir að kanadískt skemmtiferðaskip rakst utan í Ísjaka skammt frá Suðurskautinu í gær.

Landhelgisgæslur Bretlands og Argentínu námu neyðarkall frá skipinu í gærmorgun og brást norskt skemmtiferðaskip sem var skammt frá við. Þegar það bar að voru farþegar og áhöfn komnir í björgunarbáta og var þeim bjargað um borð í norska skipið. Sjórinn var lygn og lítill vindur á svæðinu í gærmorgun. Engum varð meint af. - sdg

Bjartara skammdegi!

1.990,-

GLÄNSA ljósakrans Ø40 cm

www.IKEA.is


VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C rigning	London	9°C skúrir	Eindhoven	6°C léttskýjað
Billund	4°C skúrir	Paris	7°C heiðskirt	Basel	7°C léttskýjað
Osló	2°C slydda	Frankfurt	7°C léttskýjað	Alicante	15°C skúrir
Stokkhölmur	3°C léttskýjað	Friedrichshafen	7°C rigning	Róm	17°C skúrir
Gautaborg	2°C rigning	Berlin	5°C skýjað	Las Palmas	22°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Við stækkum landhelgina

Fasteignafélagið **Landic Property** hf. er íslenskt fyrirtæki að langmestu í eigu Íslendinga. Þótt starfsemin sé í mörgum löndum verður heimahöfn félagsins áfram á Íslandi og það verður skráð í Kauphöll Íslands á fyrra helmingi næsta árs. Eftir skráninguna verður **Landic Property** eitt af tíu stærstu fyrirtækjunum í Kauphöllinni.

Landic Property varð til við samruna Fasteignafélagsins Stoða við Keops og Atlas Ejendomme í Danmörku. Það er eitt af stærstu fasteignafélögum Norðurlanda og á 2,7 milljónir fermetra af verslunar- og skrifstofuhúsnaði á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Þetta alþjóðlega nafn, **Landic Property**, gefur aukinn byr í seglin og skapar sóknarfæri á alþjóðlegum markaði. Enda er stefnan tekin á enn frekari landvinninga.

KJÖRKASSINN



Er bygging nýja tónlistar- og ráðstefnuhússins góð hugmynd?

Já	49,7 %
Nei	50,3 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að endurskoða innheimtu vangoldinna fasteignagjalda?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)

13 sagt upp hjá Skjánum:

Innlendri dag-skrárgerð hætt

MENNING Skjárinn hefur sagt upp þrettán fastráðnum starfsmönnum sem unnið hafa við framleiðslu á innlendu efni.

Aformað er að semja við framleiðslufyrirtæki um framleiðslu á innlendu efni stöðvarinnar til þess að ná fram aukinni hagkvæmni við dagskrárgerð og tryggja gæði efnisins, að því er kemur fram í tilkynningu.

Gert er ráð fyrir að framleiðsluverkefni Skjásins verði komin til viðkomandi framleiðslufyrirtækis í febrúar á næsta ári. Fastráðnir starfsmenn Skjásins eftir breytingar verða 38. - eb

Bílslys varð í Hrutáfirði:

Grunaður um ölvun við akstur

SLYS Maður um fimmtugt er grunaður um ölvun við akstur, eftir að hann keyrði bíl út af veginum í gær. Slysioð varð í Hrutáfirði, rétt utan við Borðeyri.

Farþegi var í bílnum, sem valt og var mikið skemmdur, um 30 til 40 metrum utan vegar, þegar lögreglu bar að. Vitni herma að bíllinn hafi ekki verið á miklum hraða en hálka var á veginum.

Mennirnir voru fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann og voru lagðir inn á slyshadeild til rannsókna. Þeir voru ekki taldir í lífshættu.

Að sögn lögreglu virtist farþeginn hafa slasast meira en ökumaður. - kóp

RÚSSLAND

Ráðherra handtekinn

Sergei Storchak, aðstoðarfrjármálaráðherra í Rússlandi, hefur verið handtekinn fyrir stórfelld fjárvik. Storchak hefur notið virðingar í rússneska fjármálaheiminum og handtaka hans þykir áfall fyrir helstu bankastjóra landsins.

Dómsmálaráðherra ógildir ákvörðun lögreglustjóra um lokun á veitingastað:

Hlustaði hvorki né leiðbeindi

ATVINNULÍF Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu fór ekki að stjórnsýslulögum við lokun á veitingastaðnum Strawberries.

Að sögn lögreglu var stundaður nektardans á Strawberries þótt leyfi fyrir slíku væri ekki fyrir hendi. „Gafst viðskiptavinum kostur á að káfa á dansmeyjum í lokuðu rými og dansmeyerjar káfuðu jafnframt á viðskiptavinum. Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um hvort áfram verður boðið upp á káf og aðra kynferðislega tilburði í starfsemi staðarinnar,“ segir í umsögn sem lögreglustjóri sendi dómsmálaráðuneytinu undir rekstri málsins.



STEFÁN EIRÍKSSON

Dómsmálaráðuneytið segir lögreglustjóra hafa borið að leiðbeina eiganda Strawberries um úrbætur. Ekki verði annað séð en að eigandinn hafi einmitt leitast við að gera það sem í hans valdi hafi staðið til að breyta rekstrinum til samræmis við kröfur og sent lö-

reglustjóra upplýsingar um það. Ekki hafi verið tekið tillit til þess.

„Þrátt fyrir þær úrbætur og tilögur til úrbóta fór lögregla ekki á staðinn til að ganga úr skugga um hvort og þá hvernig kærandi [Strawberries] hefði staðið að breytingum á húsnæðinu svo sem rétt hefði verið,“ segir dómsmálaráðuneytið.

Lögreglan nefndi hátt verð á áfengum drykkjum sem vísbendingu í málinu. Tuttugu sentilítra kampavínsflaska hafi kostað 7.500 krónur. Dómsmálaráðuneytið segir um þetta að verðlagning á áfengi sé frjálsg og utan starfssviðs lögreglustjóra. - gar

Arababandalagið:

Arabar mæta til Annapolis

EGYPTALAND, AP Stjórnvöld arabaríkjanna ákváðu á fundi sínum í Egyptalandi í gær að mæta í næstu viku til friðarfundarins í Annapolis, þar sem reyna á eina ferðina enn að koma af stað friðarviðræðum milli Ísraels og Palestínunnanna.

Utánríkisráðherra Sádi-Arabíu sagði þó að hann tæki ekki þátt í neinum „leiksynningum“, eins og að taka í höndina á ísraelskum ráðamönnum.

Bandaríkin hafa boðið mörgum fulltrúum ríkja og alþjóðastofnana til ráðstefnunnar. Vægi fundarins hefði orðið harla lítið ef arabaríkin hefðu ákveðið að sitja heima. - gb

Frumvarp þrengir heimildir lögreglu

Notkunar eftirfararbúnaðar er hvergi getið í lögum um meðferð opinberra mála. Í nýju frumvarpi eru heimildir lögreglu til að beita eftirfararbúnaði þrengdar. Engar reglur voru til um notkun búnaðarins til ársins 1999.

LÖGREGLA Ekki er getið um notkun eftirfararbúnaðar í lögum um meðferð opinberra mála og því hefur lögregla notað slíkan búnað undanfarin ár án þess að þurfa til þess sérstaka heimild hjá dómstólum.

Í skýrslu nefndar um málið sem skipuð var af dómsmálaráðherra árið 1998 og skilað var í apríl 1999 var fjallað sérstaklega um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að á þeim tíma hafi engar verklagsreglur verið til hjá lögreglu um hvenær og hvernig búnaðurinn skyldi notaður. Ríkissaksóknari setti svo í kjölfar skýrslunnar verklagsreglur um notkun á slíkum búnaði.

Nefndin lagði til í skýrslu sinni að kveðið yrði á um heimild til þess að koma eftirfararbúnaði fyrir inni í bifreið eða öðru farartæki, varningi eða í fatnaði einstaklings. Yrði heimild til slíkra aðgerða háð dómurskurði.

Í skýrslunni segir jafnframt að verði eftirfararbúnaði hins vegar komið fyrir með því að festa hann á ökutæki eða varning á almanna-færi eða á stöðum sem almenn-ingur eigi aðgang að megi falla frá skilyrði um dómurskurð.

Þá lagði nefndin til að heimild-um til símhlerana og annarrar hlerunar, hljóðupptöku, myndatöku og notkunar eftirfararbúnaðar yrði markaður ákveðinn tími í lögum, sem lengst væri fjórar vikur í senn. Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að setja aðgerð ákveðin tímamörk í



LÖGREGLUMENN VIÐ STÖRF Í nýju frumvarpi um meðferð sakamála eru heimildir lögreglu til að beita eftirfararbúnaði þrengdar frá því sem nú er. Þar segir að ætli lögregla sér að koma fyrir búnaði á eða inni í farartæki, í varningi eða á manni til að veita honum eftirför eða í öðrum lögmætum tilgangi þurfi dómurskurð. - gar

dómurskurði en þau eru ekki nánar tilgreind þar. Sé þörf á lengri tíma fyrir aðgerð getur lögregla óskað eftir dómurskurði um framlengingu en rökstyðja þarf rannsóknarþarfirnar fyrir dómi.

Í nýju lagafrumvarpi dómsmálaráðherra um meðferð sakamála eru heimildir lögreglu til að beita eftirfararbúnaði þrengdar frá því sem nú er. Þar segir að ætli lögregla sér að koma fyrir búnaði á eða inni í bifreið eða öðru farartæki, í varningi eða á

manni til að veita honum eftirför eða í öðrum lögmætum tilgangi þurfi dómurskurð.

Þá er skilyrði fyrir aðgerðunum að ástæða sé til að ætla að upplýsingar sem fást með þeim geti skipt miklu fyrir rannsókn máls og að rannsókn beinist að broti sem geti varðað átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

Ekki fæst uppgefið hjá lögreglu hversu oft hún hefur beitt eftirfararbúnaðinum né hvenær notkun hans hófst. aegir@frettabladid.is



PORSKUR Steft er að aukinni samvinnu og miðlun upplýsinga um rannsóknir á þorski. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nefnd um þorskranssóknir:

Miðlun upplýsinga verði efl

SJÁVARÚTVEGSMÁL Einar K. Guðinnsson sjávarútvegsráðherra hefur skipað nefnd til að styrkja tengsl og miðlun þekkingar milli allra þeirra sem vinna að þorskranssóknum hér við land. Nefndin á að afla upplýsinga um núverandi samstarf rannsóknahópa og meta hvernig hægt er að efla það enn frekar.

Nefndin á einnig að taka saman yfirlit yfir rannsóknir sem nú eru unnið að, benda á hvaða þekkingar skorti og hvar helst þurfi aukinna rannsókna við til að bæta skilning á þáttum sem hafa áhrif á viðkomu, nýliðun, vöxt og afrakstur þorsks við Ísland.

Nefndin skal skila lokaskýrslu fyrir 1. desember 2008. Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Háskóla Íslands, veitir nefndinni forystu. - shá

SJÁVARÚTVEGUR

Verðmæti flaka minnkar

Á fyrstu níu mánuðum ársins hefur útflytningur ferskra þorsklaka dregist saman um 30 prósent eða um tæp 2.600 tonn miðað við sama tíma í fyrra. Þó að 18 prósentu verðhækkun hafi orðið á milli ára, er útflyttingsverðmæti nú nálægt 1,1 milljarði lægra en í fyrra. Í lok september hafði árið skilað um 5,3 milljörðum.

Kópavogsbúar fá vatn úr eigin vatnsbólum eftir áratuga viðskipti við Reykvíkingsa:

Ódýrara vatn með eigin veitu

SVEITARSTJÓRNIR Kópavogsbær tók í gær í notkun eigið vatnsból í Vatnsendakrikum í Heiðmörk.

„Framkvæmdin er í höfn á þeim tíma sem við áætluðum þótt við hefðum kosið að þetta gengi enn hraðar,“ sagði Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri í tilefni opunarinnar. Vísadri bæjarstjórnin í deilu vegna vatnslagna um skóglendi í Heiðmörk.

Fram til þessa hefur Orkuveita Reykjavíkur selt Kópavogsbúum vatn en eftirleidis eru þeir sjálfum sér nógir og vel það því þeir munu einnig selja vatn til Garðbæinga.

Í tilefni af þessum tímamótum verður vatnsskattur í Kópavogi lækkaður um tíu prósent. - gar



KAMPKÁTIR ODDVITAR Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri og Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs, voru ánægðir við opnun vatnsbólans í Vatnsendakrika í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

YACoubian BYGGINGIN EFTIR ALAA AL-ASWANY

INNILEG, GRÍPANDI OG SKEMMTIL EGG

Hrífandi og beinskeytt mynd af fjölbreyttu mannlífi í Kaíró

„HEILLANDI OG SLÁANDI BLANDA AF ÆRSLASÖGU OG SAMFÉLAGSGREININGU, BRJÁLADRI SKEMMTUN OG FÚLUSTU ALVÖRU.“

★★★★★
- JYLLANDS-POSTEN

„BESTA BÓK ÁRSINS“
- THE GUARDIAN

BJARTUR

Heimilisprýði




Fækkaðu snúrunum og njóttu fullkonnunar í hljóði og mynd

- Vandað 32" 100Hz Sony LCD sjónvarp af D gerð.
- Kröftugt heimabíókerfi frá Bose.
- 2 hátalarar og bassi í stað 6 hátalara í hefðbundnum kerfum.
- DVD spilar og útvarp.
- Borðstandar fyrir sjónvarp og hátalara.
- Ein Bose fjarstýring fyrir sjónvarp, afruglara og hljómteki.
- Akstur heim að dyrum.
- Fagleg uppsetning og tenging á búnaði.
- Forritun fjarstýringar fyrir sjónvarp, afruglara og hljómteki.
- Kennsla á búnað.
- Einstök upplifun.




Heildarverð 349.000,-

(Uppfærsla í 40" háskerputæki (1920x1080) 50.000,-)




RÁÐGJÖF

Söluráðgjafar veita þér ráðgjöf um hentugustu lausnina




UPPSETNING

Tæknimenn setja upp allan búnað og stilla í samráði við þig



KENNSLA

Sérfræðingar veita kennslu og leiðbeina þér um helstu stillingar



UPPLIFUN

Njóttu fullkonnunar í hljóði og mynd



BOSE **SONY**



sense

HLÍÐASMÁRA 3 - 201 KÓPAVOGUR - SíMI 585 3800 - www.sense.is



- 1 Hvað heitir húsið sem brann í Vestmannaeyjum í vikunni?
- 2 Í hvaða landi sviptu andstæðingar kjarnorkuvopna sig klæðum í mótmælaskyni?
- 3 Hvað heitir danski tónlistarmaðurinn sem spilar í Vodafone-höllinni í kvöld?

Segir svör um þátttöku bæjarsjóðs í kostnaði við afmælisbækling ekki standast:

Keyptu bækling á 250 þúsund

STJÓRNSÝSLA Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði segjast ekki hafa tekið þátt í kostnaði við gerð bæklinga vegna eitt hundrað ára afmælis bæjarins. Hins vegar hafi bærinn ákveðið fyrirfram að kaupa eintök af bæklingum fyrir 250 þúsund krónur.

„Þetta svar er mótsagnakennt og stenst ekki skoðun,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Rósa er í sérstakri nefnd sem undirbýr hundrað ára afmælið sem er á næsta ári. Hún segir bæklinginn ekki hafa verið ræddan í nefndinni. „Ég varð því mjög undrandi þegar þessi bæklingur birtist allt í einu inn um lúguna,“ segir hún.



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR Vill fá betri svör um auglýsingabækling.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Í svörum bæjaryfirvalda segir að útgefandi bæklingins heiti Triad. Það er danskt fyrirtæki.

Upplagið hafi verið nú þúsund eintök. Kaup á „aukæintökum“ af bæklingunum hafi verið afráðin eftir að útgáfan hafi verið kynnt fyrir upplýsingafulltrúa og menningar- og ferðamálafulltrúa bæjarins í september 2006. Rósa telur svörin ekki tæmandi.

„Merki bæjarins er notað á mjög áberandi hátt framan á þennan bækling sem er uppfyllur af auglýsingum. Það þarf að svara því hvaða reglur gilda í Hafnarfirði um nýtingu á merki bæjarins í hagnaðarskyni. Ég vil fá að vita hver það var sem ákvað þessi viðskipti af hálfu bæjarins,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir.

Frídagur neytenda í dag:

Fólk hvatt til að kaupa ekkert

NEYTENDUR Neytendasamtökin hvetja neytendur til þess að taka frí frá innkaupum í dag og íhuga hvaða áhrif innkaup hafa á líf þeirra og umhverfi.

Síðasti laugardagur nóvembermánaðar er gjarnan upphafsdagur jólainnkaupa og minna verslanir sífellt fyrr á jólin í auglýsingum segir í tilkynningu Neytendasamtökunum.

Viða um heim er þess vegna haldinn frídagur neytenda hinn 24. nóvember ár hvert, undir slagorðinu Kaupu ekkert dagurinn. Dagurinn á uppruna sinn að rekja til Kanada fyrir fimmtán árum.

- eb



Útgáfupartý

í dag kl. 17 með Óttarri Norðfjörð í tilefni af útgáfu bókarinnar Hnífur Abrahams.

BOKABÚÐ
MÁL & MENNINGAR
LAUGAVEGI 1B

Krónprins Foghs í fjármálaráðuneytið

Danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen kynnti nýja ríkisstjórn sína í gær eftir uppstokkun í kjölfar kosninganna 13. nóvember. Sjálfur segir hann hana vera blöndu „reynslu, yngingar, framhalds og endurnýjunar“.

DANMÖRK Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, kynnti í gær nýja ráðherraskipan ríkisstjórnar sinnar. Í henni sitja eftir sem áður aðeins fulltrúar Venstre, flokks Foghs, og Íhaldsflokksins, þótt hún sé eftir kosningarnar 13. nóvember háð stuðningi bæði Danska þjóðarflokksins, fulltrúa færeyska Sambandsflokksins og að hluta til einnig Nýja bandalagsins undir forystu Nasers Khader.

Lars Løkke Rasmussen, varaformaður Venstre, færir sig úr heilbrigðis- og innanríkisráðuneytinu í fjármálaráðuneytið í stað Thors Pedersen, sem verður forseti þjóðþingsins. Með tilfærslunni er álitnið að Løkke Rasmussen sé að setja sig í stellingar til að verða eftirmaður Foghs í formannsstól Venstre og hugsanlega sem ríkisstjórnarleiðtogi.

Connie Hedegaard úr Íhaldsflokknum færir sig úr umhverfisráðuneytinu í nýtt embætti ráðherra orku- og loftslagsmála, en stofnun þess er liður í undirbúningi Dana fyrir alþjóðlegu loftslagsráðstefnunna í Kaupmannahöfn árið 2009.

„Þetta endurspeglar pólitíska forgangsroðun ríkisstjórnarinnar,“ sagði Fogh er nýja stjórnin kom fyrst fram fyrir fjölmiðla á tröppum Amalienborg-hallar eftir fund hjá Margréti Þórhildi drottningu.

Hinn 31 árs gamli Troels Lund Poulsen er nýr umhverfisráðherra og Carina Christensen nýr samgönguráðherra.



NÝ STJÓRN Anders Fogh Rasmussen ásamt nýja ráðherraliðinu á tröppum Amalienborg-hallar í Kaupmannahöfn í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Hin orðhvata Birthe Rønn Hornbech tekur við af Rikke Hvilshøj sem ráðherra flóttamanna- og innflytjendamála. Þeirri breytingu fagnaði Pia Kjaersgaard, formaður Danska þjóðarflokksins, með þeim orðum að með ráðherradómi „lokaðist fyrir kjaftinn“ á Hornbech. Hornbech hefur háð ýmsa rímmuna á þingi við fulltrúa Danska þjóðarflokksins um innflytjendamál.

„Birthe Rønn Hornbech veit, að hún er háð því að fá meirihluta - og það er með Danska þjóðarflokknum, þegar kemur að inn-

flytjendamálum,“ hefur Politiken.dk eftir Kjaersgaard.

Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi jafnaðarmanna og stjórnarandstöðunnar, sagði að sér litist illa á hvaða fólk hefði valist í þau tvö ráðherraembætti sem hefðu mest um velferðarmálin að segja, Lars Løkke Rasmussen í fjármálunum og Karen Jespersen í ráðuneyti velferðar- og jafnréttismála. Thorning-Schmidt telur þau hafa „ræktað átök“ frekar en samvinnu, og það boði ekki gott fyrir hina boðuðu „gæðabyltingu“ í velferðarkerfinu.

audunn@frettabladid.is

Græna ljósið á DVD

GOING TO PIE
ZOO
DEATH OF A PRES
GOING TO PIE
FOR YOUR CONSID
COCAINE COWE
THE BRIDGE
HALLAM FO

Eymundsson
Bóksali frá 1872




SINNUM BETRA

Mest seldi bókin á Íslandi í dag!



Leifur Kolbeinsson
La Primavera

Ítölsk matargerðarlist
framreidd af einum færasta
matreiðslumanni landsins í ítalskri
matargerð!



1.499kr

GOTT VERÐ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



DRENGUR Á ÖSKUHAUG Þessi ungi drengur ténir upp málmhluti á öskuhaug á Austur-Tímor, sem enn er eitt fátækasta land Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisútvarpið fær auknar fjárheimildir í fjárukalögum 2007:

65 milljónir vegna skulda

ALPINGI Lagt er til í fjárukalögum 2007 að veitt verði 65 milljóna króna fjárheimild til að létta skuldum sem því nemur af Ríkisútvarpinu.

Þá er lagt til að veitt verði 10 milljóna króna fjárheimild þar sem áformað er að hækka afnotagjöldin um fjögur prósent frá og með 1. desember. Þannig megi gera ráð fyrir að tekjur hlutafélagsins aukist um 109 milljónir króna á ársgrundvelli á næsta ári.

Lagt er til að fjárheimild vegna afnotagjalda verði hækkuð um 142 milljónir króna og lækkuð aftur jafn mikið þar sem komið



NÝJAR AÐGERÐIR Með nýjum aðgerðum í fjárukalögum verður eiginfjárlutfall RÚV væntanlega um fimmtán prósent eins og til stóð.

hefur í ljós að virðisaukaskattur er ekki innifalinn í fjárheimildinni og hefur lækkun á skattinum

því ekki áhrif á hana. Þetta er því leiðrétting vegna mistaka við framlagningu frumvarpsins við fyrstu umræðu.

Með þessu sem og öðrum aðgerðum verður eiginfjárlutfall í hlutafélaginu um fimmtán prósent eins og til stóð við stofnun þess. Stofnun félagsins seinkaði um þrjú mánuði og varð rekstrarafkoma á því tímabili nokkru lakari en ráð var fyrir gert í upphaflegri áætlun, einkum vegna aukinna biðlauna og hærri launakostnaðar.

Frumvarp til fjárukalaga 2007 var afgreitt til þriðju umræðu í þinginu í fyrradag.

- ghs

Samningur á Skagaströnd:


Samstarf um sjávarlíffræði

VÍSINDI Sjávarlíffræðisnetrið BioPol ehf. á Skagaströnd og Veiðimálastofnun hafa gert samstarfssamning um rannsóknir á sviði sjávarlíffræði, fiskavistfræði, auðlindanýtingar, sjávarlíffræði og tengdra sviða. Þetta kemur fram á vef Skagastrandar.

Meginmarkmið samningsins er að efla þekkingu og tækniþróun á þessu sviði með rannsóknasamstarfi. Bæði er lítið til ferskvatns og sjávarstofna. „Sérstaklega er í því ljósi horft til rannsókna á strand- og ósasvæðum við Húnaflóa og í Skagafirði,“ segir um samstarfið á skagaströnd.is.

- gar

Hvað gerist þegar forsetanum leiðist í vinnunni?



„Gaman þegar maður sér barnabækur sem höfða bæði til foreldra og barna ... Það er gott grín í þessari bók“

Svanhildur Hólm /
Ísland í dag, Stöð 2

„Hrikalega fyndin og skemmtileg.“

gurrihar.blog.is



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



MAGNÚS GUNNARSSON Stjórnarformaður Próunarfélags Keflavíkurflugvallar segir allar eignir hafa verið auglýstar. Einn bauð hátt verð en vildi hefja eiturefnaeyðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Formaður Próunarfélags Keflavíkurflugvallar:

Er ekki sáttur við spillingarumræðu

STJÓRNSÝSLA „Við erum fullsæmdir af okkar verki,“ segir Magnús Gunnarsson, formaður stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, vegna ásakana um að ekki sé eðlilega staðið að sölu fasteigna á varnarsvæðinu.

Próunarfélagið sem er í eigu ríkisins hefur þegar selt um 80 prósent þeirra fasteigna sem bandaríski herinn skildi eftir sig í fyrra á Keflavíkurflugvelli.

Atli Gíslason, alþingismaður Vinstri grænna, er meðal þeirra sem gagnrýnt hafa fyrirkomulag sölu á þessum eignum. Atli telur að eðlilegra hefði verið að Ríkiskaup annaðist söluna. Ríkið fól hins vegar málið í hendur Próunarfélaginu.

„Okkur er falið að reyna að koma þessu í verðmæti eins hratt og auðið er þó þannig að við ruglum markaðinn sem minnst,“ segir Magnús sem kveður vel þurfa að hyggja að allri þróun svæðisins við val á kaupendum.

Í samningi við ríkið er ákvæði um

að Próunarfélagið gæti þess að í störfum þess sé gegnsæi og að jafnræðis og sanngirni sé gætt gagnvart almenningi.

„Þessi samningur er fullkomlega uppfylltur. Allt hefur verið auglýst og kynnt en svo er verið að saka okkur um spillingu. Ég er alls ekki sáttur við þessa umræðu,“ segir Magnús.

Að því er Magnús segir voru eignirnar í Keflavík einfaldlega auglýstar í einu lagi. Síðan hafi borist tilboð í ýmsa hluta og rætt hafi verið við menn. Tilboðin hafi verið metin bæði út frá upphæðum og þeirri starfsemi sem tilboðsgjafarnir höfðu í huga.

„Við höfum fengið tilboð sem eru hærri en við höfum selt á frá aðilum sem hafa verið með hugmyndir um einhverja starfsemi sem passar ekki inn á svæðið. Við höfnum til dæmis ágætis tilboði frá aðilum sem ætluðu að fara í eiturefnaeyðingu í skemmunum inni í miðri íbúðabygginginni.“

- gar

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

HJÓLHÝSASÝNING UM HELGINA

SÝNUM GLÆSILEGT ÚRVAL HJÓLHÝSA FRÁ LMC, FENDT OG KNAUS

ÁRGERÐIR 2008

VERIÐ VELKOMIN!
OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16 OG SUNNUDAG KL. 13-17.
WWW.VIKURVERK.IS

VELDU ÞAÐ BESTA!

VÍKUR
V · E · R · K

VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720

KNAUS SPORT 450 FU 4 manna **2.199.000.-** KNAUS SPORT 500 QDK 6 manna kojuhús **2.344.900.-** LMC MÜNSTELAND 475 RD 4 manna **2.685.000.-** LMC CASA FAMILIA 720 RBK 7 manna kojuhús **3.398.900.-**

Tvær stúlkur í Flóanum: Fóru þrjár veltur í jeppa

LÖGREGLUMÁL Tvær stúlkur um tvítugt sluppu með minni háttar áverka eftir að jeppi sem þær voru í fór þrjár veltur út af Gaulverjabæjarvegi í Flóa.

Samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á Selfossi sáu íbúar á nálægum bæ þegar jeppi stúlnanna kútveltist þar um móana um klukkan hálfátta á fimmtudagskvöldið. Var þeim illilega brugðið en sáu sér til léttis þegar að var komið að stúlkurnar voru heilar. Þær voru þó í talsverðu áfalli og voru fluttar á sjúkrahús til aðhlyningar. Talið er að jeppinn hafi lent í lausamöl. - gar



CHIRAC Hefur réttarstöðu sakbornings.

Chirac í sakarannsókn: Bráðabirgða- ákæra gefin út

FRAKKLAND, AP Franskur rannsóknardómari gaf á þriðjudag út bráðabirgðaákæru á hendur Jacques Chirac, fyrrverandi forseta, í tengslum við rannsókn á grunsemdum um að starfsmenn flokks hans hafi verið settir á launaskrá Parísarborgar í borgarstjóratíð hans, áður en hann varð forseti árið 1995.

Að því er lögmaður Chiracs greindi frá hefur hann nú réttarstöðu sakbornings í rannsókninni, grunaður um að bera ábyrgð á misnotkun opinbers fjár, í kjölfar þess að rannsóknardómariinn yfirheyrði forsetann fyrrverandi í nærri fjóra tíma. - aa



Sýn 2, háskerpuútsendingar og VOD bíó heima í stofu

Allt þetta færðu aðeins í Sjónvarpi Símans. Þú leigir bíómyndir með einum takka á fjarstýringunni og getur horft á allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar og tugi erlendra stöðva í mestu mögulegu myndgæðum.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn



Sími



Netið



Sjónvarp




Sigga & Timo

GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 • SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRID
Stærri snertiflötur - aukid öryggi



Tvíhlíða munstur Eykur grip-öryggi og stuðlar að betri aksturs- eiginleikum við hemlun og í beygjum

Tennt brún Eykur gripöryggi

Bylgjött mynstur Til að tryggja betra veggrip

• Þrívíðir gripkubbar Zik-Zak löðrétt lögun kubbanna tryggir minni hreyfingu á þeim og aukna rástestu

TOYO

Harðskeljadekk

Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur

Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkjum hjá okkur, við umfangum fyrir þig hratt og örugglega.

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílabúð
Benni

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opíð virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.





FLÓTTAMENN Á KANARÍEYJUM Nærri fimmtíu flóttamenn komu að landi á Kanaríeyjum í vikunni. Flóttamannastraumurinn þangað frá Afríku hefur heldur minnkað undanfarið vegna aukins eftirlits á vesturströnd Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Karlmaður dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir nauðgun:

Notfærði sér ölvunarástand

DÓMSTÓLAR Karlmaður hefur verið dæmdur í 15 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa haft samræði við konu og notfært sér að hún gat ekki spornað við því sökum ölvunar. Manninum var gert að greiða henni 800 þúsund krónur í miskabætur.

Konan hafði verið á skemmtistað með fleirum, þar á meðal umræddum manni. Hún varð veik og fór að kasta upp. Maðurinn fylgdi henni þá heim og hafði við hana samfarir. Hún kvaðst ekki hafa getað veitt neina mótspyrnu, þar sem hún hefði verið alveg máttlaus og ekkert getað sagt. Hún hafði enga skýringu á máttleysinu. Þegar hún vaknaði kærði hún manninn fyrir nauðgun. Við lyfjaleit í þvagi fundust hvorki slævandi efni né smjörýsra. Um fimmtán klukkustundir liðu frá því að konan var á skemmtistaðnum þar til sýnin voru tekin.

DNA-sýni voru tekin úr konunni og send til rannsóknar ytra. Þau samsvöruðu sýnum sem tekin



FRÁ SELFOSSI Héraðsdómur Suðurlands á Selfossi dæmdi í málinu.

voru úr manninum. Hann neitaði í fyrstu sök, en viðurkenni síðan að hafa haft samræði við konuna. Dómurinn taldi vitnisburð hennar staðfastan og trúverðugan, en framburð mannsins ekki trúverðugan.

- jss

Nagladekkjum fer fækkandi: Fjórða hver bifreið á nöglum

UMFERÐ Fjórðungur bíla í umferðinni í Reykjavík er á nagladekkjum. Þetta kemur fram í talningu Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar sem gerð var um miðjan þennan mánuð.

Á sama tíma í fyrra reyndist um þriðjungur bíla á nagladekkjum þegar sambærileg talning fór frma. Leyfilegt var að segja neglda hjólbarða undir bíla um síðustu mánaðamót.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að sterkt samband sé á milli fjölda bifreiða á negldum hjólbörðum og svifryksmengunar í borginni.

- æþe

FRUMLEG OG FYNDIN



„... fyrir miklu fleiri en börn með foreldravandamál, hún er fyrir alla sem hafa gaman af hryllings- og ærslasögum.“ ★★★★★

Hildur Heimisdóttir, Fréttablaðið

„Einhver óvenjulegasta bók sem kemur út fyrir þessi jól, ef ekki sú óvenjulegasta á síðari árum.“

Sigmundur Ernir, Mannamál, Stöð 2

„Bráðskemmtileg og sérlega frumleg barnabók.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, 24 stundir



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is



FULLTRÚAR MEIRIHLUTANS Dagur B. Eggertsson, Svandís Svavarsdóttir, Björk Vilhelmsdóttir og Margrét Sverrisdóttir voru á borgarráðsfundi á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nektardanslög ekki nógu skýr

Sjálfstæðismenn segja borgaryfirvöld verða að fara að lögum þótt menn hafi skömm á nektardansstöðum. Meirihlutinn í borgarráði segir pólitíska stefnu að hafna því að líkamar kvenna sé hlutgerðir.

REYKJAVÍK „Þetta er alger geðþóttaákvörðun,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um þá samþykkt meirihluta borgarráðs að veita neikvæða umsögn um þá beiðni þriggja veitingastaða að fá að sýna nektardans.

Sjálfstæðismenn í borgarráði sátu hjá þegar umsagnirnar um Óðal, Bóhem og Vegas voru afgreiddar. Sögðu þeir lögfræðinga borgarinnar hafa bent á að slík ákvörðun gæti skapað borginni skaðabótaábyrgð. Gísli Marteinn og Vilhjálmur Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismannanna, segjast þar hafa verið að vísa í óformlegt álit sem lögfræðingarnir hafi gefið þeim áður en meirihlutasamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lauk.

EKKI náðist í Kristbjörgu Stephensen borgarlögmann í gær og Ólafur K. Hjörleifsson, lögfræðingur skrifstofu borgarstjóra, segist ekki vilja tjá sig um þetta mál.

Lögreglustjóri gefur út rekstrarleyfi veitingastaða. Meirihluti borgarráðs segir neikvæða umsögn sína til lögreglustjórans vera lið í baráttu borgaryfirvalda gegn klámvæðingu og vændi.

„Umsögnin er send með almannahagsmunum í fyrirrúmi sem og þá pólitísku sannfæringu að yfirvöldum beri að hafna því að líkamar kvenna séu hlutgerðir með þessum hætti,“ segir í bókun meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og Framsóknarflokks.

Gísli Marteinn og Vilhjálmur segja að fulltrúar núverandi meirihluta hafi áður tekið þátt í því að veita jákvæðar umsagnir í sams konar málum. Gísli Marteinn segir að þótt menn hafi skömm á starfsemi nektarstaða,



BORGARRÁÐSFULLTRÚAR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS Gísli Marteinn Baldursson og Vilhjálmur P. Vilhjálmsson sátu hjá þegar umsögn um beiðni fyrir nektardansi var afgreidd í borgarráði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

eins og borgarfulltrúar bókuðu, helgi tilgangurinn ekki meðalið í þeim efnum. Vilhjálmur segir að ef ætlunin sé að banna nektardans þurfi lögin að kveða skýrt á um að slík starfsemi sé algerlega bönnuð.

„Í lögum sem tóku gildi 1. júlí segir að bannað sé að gera út á nekt starfsmanna en að þó megi heimila nektardans með undanþágum. Í greinargerð með lögum segir að í þeim felist engin efnisleg breyting hvað varðar nektardans. Við verðum að gæta okkar á því að fara að lögum,“ segir Vilhjálmur og bendir á að fyrir nokkrum árum hafi borgin þurft að greiða hátt í tuttugu milljóna króna bætur að núvirði fyrir að leyfa ekki spilasal á Skólavörðustíg.

Meirihlutinn segist hins vegar ekki reiðubúinn að veita umrædda undanþágu því það myndi brjóta í bága við stefnu borgarinnar í mannréttindamálum.

gar@frettabladid.is

HEILDSÖLU LAGERSALA -aðeins í 3 daga!

Við nýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði. Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golfatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

50-80% afsláttur

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	11.900,-
Skíðabuxur:	15.900,-	8.900,-
Soft Shell peysur	13.900,-	6.900,-
Barnaúlpur	7.900,-	2.900,-
Skíðaúlpur	18.900,-	7.900,-
Golfjakkar	16.900,-	7.900,-

Opnunartími:

Föstudagur	23. nóvember	kl. 14-20
Laugardagur	24. nóvember	kl. 10-18
Sunnudagur	25. nóvember	kl. 11-18

**FYRSTUR
KEMUR
FYRSTUR
FÆR**

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 - Kópavogi

ZO-ON
ICELAND

HÁTIÐ ER Í BAÐ

Komið upp fyrir jóll!



SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**



Vandaðar innréttingar í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

20% afsláttur af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar.



Þú verslar innréttinguna í dag

Þú færð hana afhenta beint af lager

Þú sparar með því að setja hana saman sjálf/ur



GLÆSILEGAR HTH INNRÉTTINGAR

- Beint af lager – og komið upp fyrir jóll
- Flatar pakkningar sem auðvelt er að flytja
- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Sérniðið hönnunarforrit fylgir
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð



ORMSSON

AKUREYRI · Sími 461 5003


ORMSSON



ORMSSON

SELFOSSI · Sími 480 1160

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Beinn sími í HTH 530 2907 og 530 2908



LÍFSBJÖRG Í GÍNEU-BISSÁ

Malaría er gríðarlegt heilbrigðisvandamál í Gíneu-Bissá og ein helsta dánarorsök barna þar í landi. Flugnanet eru með áhrifamestu forvörnum gegn sjúkdómnum, sem berst á milli manna með moskítóflugum.



Árið 2005 stóðu Baugur Group, Fons og FL Group fyrir fjáröflunarkvöldverði til styrktar starfi UNICEF í Gíneu-Bissá. Ríflega 80 milljónir króna söfnuðust, sem varið var að mestu til kaupa og dreifingar á ríflega 200.000 flugnanetum til varnar malaríusmiti.


Árangur af þessu verkefni er ótvíræður. Fram kemur að notkun flugnaneta í Gíneu-Bissá hefur margfaldast. Árið 2000 er talið að 2-7% íbúa hafi sofið undir slíku neti en við lok árs 2006 var það hlutfall komið upp í 40%.

Er talið að netin geti lækkað dánartíðni barna í landinu um allt að 20% og þegar áætlað að netin hafi bjargað lífi um 4.000 barna.

Auk þessa runnu fjármunirnir sem söfnuðust til þess að auka læsi stúlkna og joðbæta salt. Þá fengu um 80% allra barna á aldrinum sex mánaða til fimm ára A-vítamín og lyf gegn ornum í meltingarvegi.

*Menntun og heilsa





SAÚDE*



Gínea-Bissá er á vesturströnd Afríku og á landamæri að Gíneu og Senegal. Íbúar eru tæplega 1,5 milljón. Á lista Sameinuðu þjóðanna yfir lífsgæði er landið í einu af neðstu sætunum.

Lífslíkur íbúa við fæðingu eru að meðaltali 45 ár og er rétt rúmur helmingur íbúa yngri en 18 ára. Eitt af hverjum fimm börnum nær ekki 5 ára aldri.

MENNT ER MÁTTUR

FL Group, Fons og Baugur Group standa einnig saman að öðru verkefni í Gíneu-Bissá. Fyrir stuðning þeirra er m.a. verið að reisa 135 skóla í landinu, sem rúma munu yfir 30 þúsund börn.

Markmið verkefnisins eru einkum að veita börnum tækifæri til að sækja skóla, innleiða nýjar kennsluáferðir og auka gæði grunnmenntunar, bæta umhverfi og aðstæður í skólum, þjálfar og fræða starfsfólk og endurskoða námsefni og kennsluskrár.

Sérstök áhersla er lögð á að auka innritun og endurkomu stúlkubarna, bæta aðstæður þeirra innan skólans og stuðla að almennri viðhorfsbreytingu til menntunar kvenna.

Í apríl 2007 höfðu um 13 þúsund börn fengið tækifæri til að sækja skóla, börn sem annars ættu þess ekki kost. Auk þess að byggja nýja skóla hafa um hundrað skólastofur verið endurnýjaðar og vatnssalernum komið upp í um 50 skólum á landsbyggðinni, fræðsla um HIV/alnæmi hefur verið stóraukin og gerð þriggja ára áætlunar um víðtæka þjálfun kennara er nú lokið.

Þessi verkefni skipta sköpum fyrir lífsbjörg og framtíð íbúa Gíneu-Bissá.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
6.752 +0,15%Fjöldi viðskipta: 651
Velta: 7.804 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ EIK BANKI 3,8%
MAREL 1,15%
BAKKAÖR 1,08%

MESTA LÆKKUN

↓ 365 4,67%
SPRON 2,66%
FL GROUP 0,94%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,15 +0,50% ... Bakkavör 56,40 +1,08% ... Eimskipafélagið 35,85 -0,14% ... Exista 24,70 +0,82% ... FL Group 21,00 -0,94% ... Glitnir 24,45 +0,00% ... Icelandair 26,00 +0,78% ... Kaupþing 900,00 +0,00% ... Landsbankinn 36,55 +0,69% ... Straumur-Burðarás 15,50 -0,32% ... Össur 98,00 +0,72% ... Teymi 6,15 -0,32%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fundað í einkaflugvél

Orri Hauksson stendur í ströngu í Finnlandi þar sem hann fer fyrir Novator, fjárfestingarfélagi Björgólfs Thors Björgólfssonar. Áður var Orri framkvæmdastjóri hjá Símanum. Á þeim tíma kallaði Björgólfur Thor Orra til sín á fund. Hittust þeir í einkaþötu Björgólfs á Reykjavíkurlugvelli þar sem Orra var boðið starf. Að fundi loknum hélt hann sína leið. Það gerði Björgólfur líka, en ekki upp í háloftin heldur á bil sínum. Einkaþotan var notuð til fundahalda. Ekki þáði Orri starfið í þetta sinn. Miklar hræringar voru á vettvangi Símans og fjölmörg tækifæri í loftinu fyrir metnaðarfullan mann. Orri hætti svo hjá Símanum, fór sjálfur í rekstur en er nú kominn í breiðan faðm ríkasta manns Íslands.

Aa3/C/P-1

Stundum verður umfjöllun um viðskipti fyrirferðarmikil í fjölmiðlum. Þá fara oftast að heyrast skritin orð, sem er látið líta út fyrir að allir eigi að skilja. Þau birtast jafnvel á forsiðum stærstu blaða landsins. Nú heyrst mikið talað um skuldatryggingarálag banka. Skuldatryggingarálag hafa verið í umræðunni í samhengi við svokölluð undirmáslán. EBITDA varð fræg á einni nóttu. Nú má sjá orðið veðköll en minna er um jóklabréf. Lánshæfiseinkunn getur orðið að stórrí frétt og þá fylgja stundum bókstafir á borð við Aa3/C/P-1. Vissulega eru þessi heiti bráðnaðsýnleg sérhæfðri umfjöllun um viðskipti. En það er ekki langt síðan fólk fékk einhverja hugmynd um hvað úrvalsvísitala væri. Er nokkuð hægt að hafa það flóknara?



MARKAÐSPUNKTAR

Álag á skuldatryggingar bankanna tók hækkunarkipp eftir breyttar horfur S&P í lánshæfi ríkisins. Greiningardeild Glitnis upplýsti í gær að álag á bréf Kaupþings væri komið í 367 punkta, Landsbankans í 211 og Glitnir í 271 punkt. Hinn 1. júní var álagið nálægt 20 og 30 punktum.

Breska hagkerfið óx um 0,7 prósent á þriðja ársfjórðungi, samkvæmt endurskoðum tölum, en það mun samkvæmt greiningardeild Kaupþings vera minnsti vöxtur þess í eitt ár.

Lækkun dollarans kemur niður á Airbus SAS, að því er greiningardeild Landsbankans segir. Félagið, sem er stærsti flugvélaframleiðandi heims, gæti þurft að skera niður rannsóknir og þróun vegna veikingar dalsins gagnvart evru. Flugvélar félagsins eru verðlagðar í dollurum. Kostnaður er að mestu í evrum.

Erlend öfl stýra íslenskum markaði

„Þróun á erlendum hlutabréfamörkuðum og álag á skuldatryggingaálag íslensku bankanna stýrir markaðnum hér núna. Það er ekkert sem skýrir svona mikla lækkun í bókum fyrirtækja hér að öðru leyti,“ segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis. Hann bendir þó á að skuldatryggingaálagið, sem í gær fór í hæstu hæðir, sé óeðlilega hátt.

Úrvalsvísitalan hækkaði lítillega í gær eftir sex lækkanadaga í röð. Þróunin var ekki í takti við erlenda hlutabréfamarkaði, sem voru á uppleið, ekki síst í Danmörku, en vísitalan þar hækkaði um tæp þrjú prósent.

Ofan á miklar sveiflur á hlutabréfamarkaði í gær veiktist gengi krónunnar um tæp 1,3 prósent. Það vegur þungt í bókum fjárfesta sem hafa skuldsett sig í erlendri mynt og komið illa við kaunin á mörgum, að sögn Grétars. Á móti séu góðu fréttirnar þær að virði eigna fyrirtækja í erlendri mynt aukist á móti. Hann segir hins vegar ómögulegt að segja til um hvenær þróunin snúist við en reiknar með að það gerist þegar ljóst verði að fullu hversu djúpstæð áhrif bandaríska fasteigna-



MÍÐLARAR AÐ STÖRFUM Sérfræðingur hjá Glitni segir fátt í bókum íslenskra fyrirtækja skýra lækkun á gengi þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lánakrísan hafi haft á fjármála-fyrirtæki.

Grétar segir ljóst að vísitöluspa Glitnis, sem spáði 32 prósent hækkun Úrvalsvísitölnunnar á árinu, gangi ekki eftir og sé nú unnið að nýrri spá. - jab

VÍSITÖLUBREYTING Í GÆR

Dow Jones (Bandaríkin)*	+1,42%
Nasdaq (Bandaríkin)*	+1,34%
Nikkei (Japan)	+0,34%
ICEX115 (Ísland)	+0,15%
OMX C20 (Danmörk)	+2,80%
OMX 30 (Svíþjóð)	+0,70%
FTSE (Bretland)	+1,74%
Dax (Þýskaland)	+0,62%
* Fyrir lokun markaða	

Novator vill kljúfa finnska símafélagið

Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, krefst hluthafafundar í finnska fjarskiptafyrirtækinu Elisa til þess að ná í gegn skipulagsbreytingum. Stjórn fyrirtækisins segir að vel hafi gengið. Engu þurfi að breyta.

„Þetta kemur á óvart. Þeir hafa í einkasamtölum aldrei gagnrýnt stefnuna, þvert á móti hafa þeir hrósað okkur fyrir gott gengi,“ segir Pekka Ketonen, stjórnarformaður Elisa.

Novator, sem er langstærsti hluthafinn í fyrirtækinu með 11,5 prósent hlutfjár, vill breyta skipulagifélagsins og hefur krafist hluthafafundar í því skyni.

Fundurinn verður haldinn 18. desember.

Orri Hauksson, talsmaður Novators í Finnlandi segir að í Elisa liggja vanýttir möguleikar, sem ekki verði séð að nýtist við núverandi skipulag. „Þarna er mikið af óinnleystum verðmætum í félaginu. Við viljum að félagið geti nýtt sér Finnland sem stökkpall til frekari útrásar, en það getur illa gerst við núverandi skipulag þess. Til þess þarf að auka sveigjanleikann.“

Orri Hauksson segir að Novator vilji einnig fá fulltrúa í stjórn Elisa þar sem ljóst sé að nú sé



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Félag hans á símafyrirtæki í Finnlandi, Póllandi og Grikklandi.

munur á stefnu stjórnarinnar og stærsta hluthafans.

„Ég fæ ekki séð að við eigum að breyta skipulagi félagsins ef við vitum hvorki hver framtíðarsýn Novators er né hvernig slíkri sýn yrði hrint í framkvæmd,“ segir Ketonen. Hann bætir því við að núverandi áætlanir Elisa passi ekki vel við hugmyndir Novators, um að kljúfa félagið upp í fjárfestingarhluta annars vegar og rekstrarhluta hins vegar.

Fjölmíðlar í Finnlandi sýndu málinu áhuga í gær. Þar kom fram að stjórn Elisa hefði sent út fréttatilkynningu og sagt að ekki yrði orðið við beiðni Novator. Kom fram að ekki væri nauðsynlegt að gera skipulagsbreytingar til að bæta núverandi áætlanir um vöxt félagsins.

Greiningaraðilar í Finnlandi spá því að forsvarsmenn Novator vilji væntanlega sameina Elisa öðru félagi á vaxandi markaði í mið- og austur-Evrópu. Þetta útspil sé fyrsta skrefið á lengri vegferð. Novator eigi tvö fjarskiptafyrirtæki í Póllandi. Vodafone vilji auka markaðshlutdeild sína í Póllandi og ef takist að sameina þessi félög sé það ákjósanlegur fjárfestingakostur Vodafone þar í landi. Björgólfur Thor myndi þá selja allan pakkann.

Elisa starfar einkum í Finnlandi en er líka með starfsemi í Eistlandi.

Verðmæti hlutabréfa í félaginu hefur tvöfaldað frá árinu 2005, en Novator eignaðist hlut í því um það leyti. Félagið er skráð í kauphöllina í Helsinki. ingimar@markadurinn.is

Útilokar ekki kreppu

Ekki er útilokað að hér skelli á kreppa, að mati dr. Jóns Daniéls-sonar, dósentis við London School of Economics. Hann segir matsfyrirtækin hafa staðið sig afar illa að undanfögnu.

Jón hélt erindi á morgunverðarfundum í Háskólanum í Reykjavík í gær undir yfirskriftinni „Fjármálakreppan 2007“. Hann segir matsfyrirtækjum hafa tekist illa upp að mæla áhættu, bankarnir hafi verið lánaglaðir úr hófi fram og fullvissir

um að hér gæti einfaldlega ekki kreppa skolið á, enda tímarnir breyttir. Jón segir hins vegar dæmigerða bankakrísu í gangi núna.

Þrátt fyrir slæmar horfur á næstu mánuðum segir Jón íslenska banka hafa bætt áhættustjórnun sína töluvert og séu mun betur búnir undir að mæta skelli en þeir hafi verið fyrir til dæmis tveimur árum. Hann er þó ekki mjög bjart-sýnn á að ástandið lagist í brád.

- ss/óka

BRÁÐUM KOMA BLESSUÐ JÓLIN

Tótem heildverslun www.totem.is

Helstu sölustaðir: Höfuðborgarsvæðið Debenhams, Englabörn, Fífa, Skýjabörn, Stúlkur og stælgæjar, Útillf

Enn vex framboð á húsnæði

„Það er vöxtur á framboðinu í ár og líka á því næsta,“ segir Lúðvík Elíasson hjá greiningardeild Landsbankans.

Fram kom á Fasteignaráðstefnu Kaupþings í fyrradag að framboðið hefði náð hámarki. Landsbankamenn eru á öðru máli. „Menn eru að byggja svo mikið. Það gæti dregið úr framboðinu á nýjum eignum ef verð lækkar mikið. Þá kynnu verktakar að tefja það að setja nýjar íbúðir á markaðinn,“ segir Lúðvík. - íkh

HAGNAÐUR Á HLUT* HJÁ ATORKU GROUP

Tímabil	Upphæð
Móðurfélag	
jan.-sept. 2007	2,11 krónur
jan.-sept. 2006	1,86 krónur
Samstæða	
jan.-sept. 2007	0,75 krónur
jan.-sept. 2006	0,04 krónur

*þynntur hagnaður

Atorka hagnast um 6,7 milljarða

Móðurfélag Atorku Group hagnaðist um rúma 6,7 milljarða króna eftir skatta fyrstu níu mánuði þessa árs, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Hagnaður samstæðunnar nemur á sama tíma tæpum 2,5 milljörðum króna. Milli ára eykst hagnaður móðurfélagsins um tæp 25 prósent.

Sé einvörðungu horft til þriðja ársfjórðung, sem var mörgum fjárfestingarfyrirtækjum þungur í skauti, nemur hagnaður móðurfélagsins 2,7 milljörðum, en samstæðunnar rúmum 734 milljónum króna. Í útreikningum fyrir samstæðuna er tekin afkoma margvíslegra dótturfélaga Atorku. - óká

Atorka hreinsar vatn í Kína

Atorka hefur eignast tíu prósent hlut í Asia Environment Holdings (AENV). Fyrirtækið framleiðir vatnshreinsilausnir í Kína.

Samkvæmt tilkynningu Atorku nemur kaupverð 1,1 milljarði króna. Kaupin eru sögð hafa staðið yfir undanfarnar vikur, en AENV er skráð í kauphöllina í Síngapúr. Kaupin eru sögð fjármögnuð með handbæru fé Atorku. Áætluð velta fyrirtækisins á næsta ári er sögð vera um áttafju milljónir dala.

Fram kemur að AENV sérhæfi sig í heildarlausnum á sviði vatnshreinsunar, allt frá framleiðslu á búnaði til reksturs og eignarhalds á vatnshreinsistöðvum. Til dæmis hafi AENV nýlökíð við uppbyggingu á 200.000 rúmmetra vatnshreinsistöð í Kína sem félagið muni eiga og reka næstu tuttugu árin. - óká



Komdu og upplifðu ...

NYFUNDNALAND OG LABRADOR

GJAFAVÖRUR | LISTMUNIR | VEIÐI | FERÐALÖG

MARKAÐSTORG | HELGINA 24. – 25. NÓVEMBER
Í PERLUNNI | KL. 11:00 til 18:00

AÐGANGUR ÓKEYPIS

DAGSKRÁ

Laugardagur og sunnudagur
13:00- Kanadískur jólasveinn kíkir í heimsókn
15:00- Shawn Silver sýnir írsku dansa
16:00- Duane Andrews, jassgítarleikari, slær á strengi

VIÐBURÐIR

Duane Andrews og Björn Thoroddsen
á Domo, Þinghóltsstræti 5
Sunnudaginn 25. nóvember
Kl. 21:00

Sælkeraveisla frá Nýfundnalandi og Labrador
Þrjár frakkar og Humarhúsió
24.– 25. nóvember

To Dublin with Love og Moebius Redux
í Regnboganum
Sunnudaginn 25. nóvember
Kl. 16:00 – Frítt í bíó!

Newfoundland
Labrador
CANADA



TICKET
TO HEAVEN

Grænland á sjálfstæðisbraut:

Tímamót hjá grannþjóð

AÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Í drögum að nýjum heimastjórnarlögum Grænlandinga er viðurkennt að Grænlandingar séu þjóð í skilningi þjóðaréttar, sem hefur í för með sér að þeir geti í krafti sjálfsákvörðunararréttar lýst yfir sjálfstæði frá Danmörku. Þetta staðfesti Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenzka landsþingsins sem stýrir dansk-grænlenzku nefndinni sem í þrjú ár hefur unnið að gerð nýju laganna, í samtali við Fréttablaðið í vikunni.

Í þessu felast mikil tímamót fyrir næstu grannþjóð Íslendinga í vestri. Það var fyrst árið 1979 sem fyrsta grænlenzka landstjórnin var mynduð á grundvelli fyrstu heimastjórnarlaga. Í þeim eru Grænlandingar skilgreindir sem „et selvstyrende folkesamfund i det danske Rige“. Orðið „folkesamfund“ í þessu sambandi er illþýðanlegt en aðalatriðið er að Grænlandingar eru með því ekki sagðir uppfylla skilgreininguna fyrir þjóð. Það á nú að breytast.

Í grænlenzku landstjórninni, sem nú situr og tók við fyrir tveimur árum, eru bæði harðir sjálfstæðissinnar og aðrir sem vilja fara hægar í sakirnar í að draga úr tengslunum við Danmörku. Þó hefur ríkt um það þverpólitísk sátt milli þeirra flokka sem eiga fulltrúa á grænlenzka landsþinginu, að standa saman að samningsmarkmiðum Grænlandinga í samningaviðræðunum við Dani.

Fyrir hönd Dana hefur danski forsætisráðherra Anders Fogh Rasmussen líka sagt, að óski Grænlandinga sjálfstæðis muni það verða Grænlandinga einna að taka ákvörðun um það. En Danir gera eðlilega þá mótkröfu, að hverju skrefi í átt til aukins sjálfræðis verði að fylgja aukin eigin ábyrgð, sérstaklega á eigin fjármálum. Landssjóðir bæði Færeyja og Grænlands fá enn drjúgan hluta tekna sinna í formi styrks af dönsku fjárlögum. Þetta hlutfall er mun hærra á Grænlandi en í Færeyjum, enda hafa Færeyingar lengi haft mun meiri stjórn yfir eigin málum og færeyskt efnahagslíf verið fjölbreyttara og sterkara en það grænlenzka.

Það er enda ekki svo að Grænlandingar hyggist segja sig úr lögum við danska ríkið um leið og þeir hafa öðlast lagatæknilegan rétt til þess, sem mun gerast með gildistöku nýju heimastjórnarlaga á næsta ári. En það breytir miklu fyrir sjálfsvirðingu grænlenzku þjóðarinnar að hafa skjalfest að hún njóti viðurkenningar sem þjóð meðal þjóða, þótt hún kjósi enn um sinn að eiga náin tengsl við þá dönsku. Grundvallaratriði fyrir efnahagslegt sjálfsforræði Grænlandinga í framtíðinni er þó að þeir eigi nýtingarréttinn að olú og öðrum auðlindum sem finnast kunna í grænlenzkri lögsögu. Auk sjálfsákvörðunararréttarins var þetta atriði aðalsamningsmarkmið Grænlandinga í viðræðunum við Dani.

Ísland hefur lengi verið bæði Færeyingum og Grænlandingum fyrirmynd í sjálfstæðisumleitunum sínum. Tengsl Íslands og Færeyja eru náin; um það vottar til að mynda Hoyvíkursamkomulagið sem gerir bæði lönd að einu markaðs- og þjónustusvæði. Tengslin yfir Grænlandssund hafa hins vegar verið öllu minni. Þetta hefur að hluta til verið að rekja til þess að hve miklu leyti Grænlandi var í raun stjórnað frá Danmörku. Með auknu sjálfstæði Grænlands skapast nýjar forsendur fyrir samstarfi grannþjóðanna. Eins og Íslandsvinurinn Jonathan Motzfeldt staðfesti binda Grænlandingar miklar vonir við eftt samstarf við Ísland. Íslendingar ættu líka að vera sér meðvitaðir um tækifærin sem í slíku samstarfi liggja.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

FRÉTTASTJÓRNAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 ABSTODARRITSTJÓRN: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál).
 FULLTRÚRITSTJÓRN: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3971.

BERGLIND GUNNARSDÓTTIR

Tímavillt

Áróru liður best einni með bókunum sínum og hún fordast karlmenn. En maður á aldrei að segja aldrei!


„Þetta er ljúflega skrifuð Reykjavíkursaga sem óneitanlega vekur hughrif liðinna tíma.

Berglind setur hér fram ljóðrænan og rómantískan texta án þess að vera nokkurn tíma væmin.“

Elisabet Brekkan – Fréttablaðið, 18. nóv. 2007



Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur
 sími 561 0055 • www.ormstunga.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Frelsi í helsi

Valgerður Sværísdóttir er nýkomin af heimspingi frjálshydra flokka í Þýskalandi, innblásin af notkun heimamanna á orðinu freiheit – frelsi. Sjálfsagt hefur þýskunám hennar við Berlitz-skóla í Hamborg veturinn 1968–69 komið henni að góðum notum. Valgerði þykir frelsishugtakinu lítil sömi sýndur á Íslandi, sérstaklega sjálfstæðismönnum. Á heimasíðu sinni verður Valgerði hugsað til frelsisþyrstu landnámsmannanna sem flúðu skattþinginu Noregskonungs og settust hér að með afleiðingum sem allir þekkja: „Frelsi einstak-

ingsins er óviða meira en á Íslandi.“ Valgerður lítur hins vegar fram hjá að nú er svo komið að sprengingin á fasteignamarkaði – sem Framsóknarflokkurinn ber ríka ábyrgð á – er farin að þrengja svo rækilega að frelsi ungra Íslendinga að sumir ihuga alvarlega að fara að fordæmi áa sinna og flýja land.

Ekkert ákveðið

Björn Ingi Hrafnsson segir frá því á heimasíðu sinni að í kjölfar bloggfaerslu um dagbók sem hann hefur lengi haldið, hafi sér boðist útgáfuþilboð og að Borgarskjalasafnið vilji varðveita dagbækurnar. Björn hefur áður látið að því liggja að í

þessum dagbókum megi finna býnsa mergjað lesefni, ekki síst frá aðdraganda Íraksstríðsins þegar hann var aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar. „Enn hef ég ekkert ákveðið í þessum efnum,“ skrifar Björn Ingi í véfréttastíl, „en skráset hjá mér það helsta sem gerist sem fyrr. Það hefur reynt mér notadrujúgt hingað til, en ég hygg þó að margt sé þess eðlis að betra sé að lengri tími líði áður en það verði gert opinbert!“ Ætlar maðurinn að drepa okkur úr spennu?
 bergsteinn@frettabladid.is



Hárkollugengið

Ígrennd við mig hafa að undanfögnu hangði uppi tilkynningar um að einn kaupmaðurinn í hverfinu, André að nafni, kallaður „Dédé“, muni árita sjálfsæfissögu sína á hinum og þessum stöðum. Enginn efast um að kaupmaðurinn hafi sitthvað um æfi sína að segja sem sé merkilegra en þau viðskipti með DVD-diska, geisladiska og slíkt sem hann rekur nú, en í æfissögunni liggur þó margt af því í þagnargildi.

Rætur þessara atburða liggja aldarfjórðung aftur í tímann. Síðla árs 1981 komu fram á sjónarsviðið bírafarir ræningjar sem stunduðu það að brjótast inn í banka í auðmannahverfum Parísar, fara niður í neðanjarðarhvelingar og tæma bankahólf. Meðan þeir voru við iðju sína náðu öryggismyndavélar myndum af þeim, en það kom fyrir ekki, því þeir voru dulbúnir með hárkollur, í gerfi enskra lávarða, rabbía eða sovéskra diplómata og annarra slíkra; því voru þeir jafnan kallaðir „hárkollugengið“.

Fáheyrðir atburðir

Þeir komu sér upp sérstakri tækni til að opna bankahólfin, og er haft fyrir satt að á sínum fremur stutta ferli hafi þeir tæmt ein þrettánhundrað hólf. Einnig höfðu þeir fjarskiptatæki, gátu hlustað á lögregluna og vissu því hvenær ráðlegast var að hypja sig á braut. Þetta var eigi að síður áhættusamt starf, en það gaf líka mikið í aðra hönd.

Vorið áður en „hárkollugengið“ fór á stúfana hafði sósíalistinn Mitterrand verið kjörinn forseti, og í fyrstu stjórn hans voru nokkrir ráðherrar úr kommúnistaflokknum. Þetta voru fáheyrðir atburðir, og margir efnaðir menn voru nánast því viti sínu fjær af ötta: þeir bjuggust allt eins við því að trylltir kommar



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Ævisaga

kæmu aðvífandi einn daginn og hirtu allt sem þeir gætu gripið af eignum þeirra. Margir reyndu að koma fjármunum sínum undan til Sviss og fengu menn þá atvinnu við að flytja þangað peninga í ferðatöskum. Þjölaskyldudýrgripi, alls kyns gull og silfur og demanta, leituðust menn við að fela með ýmsu móti, t.d. með því að koma þeim fyrir í bankahólfunum. Því er ekki að furða þótt þýfið hafi oft á tíðum verið drjúgt. En um þessa menn sem voru í gerfi Hróga hattar og voru jafnan á braut þegar lögreglan kom lék æfintýraljómi.

Hlutverk „Dédé“ í þessum atburðum upplýstist aldrei. Það er þó talið fullvíst, að hann hafi verið í nánum tengslum við „hárkollugengið“, aðstoðað það á ýmsa vegu, og kannske tekið þátt í einhverjum ránum líka. Einn sinni þegar hann dúsaði í tughúsínu fyrir eitthvað annað, komst hann á braut í þyrlu með aðstoð manna úr genginu; hún lenti á þakinu og sveif svo með „Dédé“ út í bláinn, en fangaverðirnir göndu á eftir og sögðu „hver andskotinn“.

Örlög „hárkollugengisins“

Þau urðu örlög „hárkollugengisins“, að það tókst að leggja fyrir það gildru í ársbyrjun 1986 en fyrir hreinan klaufaskap lögreglunnar endaði handtakan, sem hefði getað orðið friðsamleg, með blóðugum skotbardaga, og varð mannfall á báða bóga.

Mál gengisins upplýstust því aldrei að fullu, og var „Dédé“, sem náðist ekki fyrr en í árslok 1986, einungis dæmdur fyrir aðstoð við bankaræningja en sýknaður af öllum ákærum fyrir bankaræningja vegna skorts á sönnunum. Hann dvaldist þó langdvölum í steininum fyrir smávægileg bankaræningja (önnur) hér og þar og ýmiskonar lítillræði annað, en var endanlega látinn laus fyrir tæpum áratug.

Eftir það hefur hann reynt með góðum árangri að feta sig eftir vegum dyggðarinnar, með aðstoð konu sinnar og dóttur, sem er lögfræðingur; „fyrirmyndardæmi um glæpamann sem kemst aftur inn í samfélag heilbriggra manna“, segir lögreglan. Hann er kaupmaður, æfissöguritari og síðast ráðgjafi við gerð kvikmynda sem nýlega var frumsýnd og fjallar á frjálsléggan hátt um „hárkollugengið“. Frá þessu öllu segir hann í sjálfsæfissögunni, og fjölyrðir þar um allt sem á hann sannaðist en síður um hitt, en þessar endurminningar nefnast „Æfi mín án hárkollu“. Þar lýsir hann því m.a. hvað það hafi verið undarleg tilfinning að fara í fyrsta skipti inn í banka bara í venjulegum erindagerðum, án þess að ætla að ræna, og eru þeir færri sem geta státað af slíkri reynsu.

En það er að segja um auðmennina sem urðu svo hræddir árið 1981, að það komu aldrei neindir órákaðir bolsévíkkar með rýtinginn milli tannanna og heimtuðu fjölskyldudýrgripina. Eftir stutta stund sneri Mitterrand hvort sem er alveg við blaðinu, kommúnistar viku úr stjórn og þótt enginn hefði hugmynd um það þá var það upphaf að ferli sem hefur haldið áfram til þessa dags. En í staðinn lentu ættargripirnir í „hárkollugenginu“.

Fyrir fólkið eða fjárfestana?

UMRÆÐAN

Fjárlög

Um miðja næstu viku fer fram á Alþingi önnur umræða um fjárlög, nánar tiltekið næstkomandi fimmtudag. Þá kemur í ljós að hvaða marki fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar verður breytt frá upphaflegum drögum. Ætla má að ríkisstjórnin komi saman til fundar nú yfir helgina til að ráða ráðum sínum um það efni. Mun hún hlusta á varnaðarorð Magnúsar Péturssonar, forsetjara Landsþítala – háskólasjúkrahúss?

Í athyglisverðri grein í Morgunblaðinu í síðustu viku sagði hann að „ónóg fjárlögmál til opinberu heilbrigðisþjónustunnar munu óhjákvæmilega leida til þess að fleiri þættir heilbrigðisþjónustunnar flytjast út fyrir almannatrygginguna og einkarekin starfsemi eflist og einkasjúkratryggingar bjóðast. ... Afgreiðsla Alþingis á fjárlögum fyrir árið 2008 mun gefa tóninn.“

Eftir því sem ég hef komist næst hefur framlag til Landsþítala háskólasjúkrahúss ekki aukist að raungildi undanfarin sjö eða átta ár. Ríkisendur-



ÖGMUNDUR JÓNSSON

fjárlagatillögu til að halda í horfinu! Sama gildir um aðrar stofnanir sem hér hefur verið vísað til.

Ætlar ríkisstjórnin að axla ábyrgð? Eða er hún staðráðin í því að brjóta niður velferðarþjónustuna til að byggja hana upp að nýju, einkarekna og rándýra? Afgreiðsla komandi fjárlaga er prófsteinn á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Er hún fyrir fólkið eða fjárfestana?

Höfundur er formaður BSRB og alþingismaður.

heima

HEIMA ER BEST!

HÚLSTA NOW7
SJÓNVARPSSKÁPUR
86.900

FLÍSAR
KYNNINGARVERÐ
9.900

LAMPI
OSLO
49.500

METALARTE
LAMPI JOSEPHINE
159.000

KRISTALIA
BOUM
BORÐSTOFUSTÓLL
59.800

OKHA
SÆNGURVER 9.900
KODDAVER 2.400


KRISTALIA
BORÐ/BEKKUR
34.800/39.800

HEIMA
HÚSIÐ

mood
heima
Ordrögi
BÚUM BETUR
HÚSBAGNAVERSLUN

OPIÐ Í DAG KL. 11-16
Á MORGUN, SUNNUDAG KL. 13-16

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 • www.heimahusgogn.is • heima@heimahusgogn.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16



- 90% fjármögnun
- Afsláttur af lántökugjöldum
- Jólatilboð á álfelgum
- Vetrardekk fylgja öllum bílum
- Sérvaldir Volkswagen-bílar á sannkölluðu jólaverði
- Aukahlutapakkar á sérkjörum

Ferðahappdrætti

Nöfn þeirra sem reynsluaka Volkswagen fara í pott og eiga þeir möguleika á glæsilegum ferðavinningi. Dregið 24. desember.

Opið í dag kl. 10–14



eruppbót



Við erum komin í jólaskap

Við erum í jólaskapi og bjóðum Volkswagen-aðdáendum glæsilega desemberuppbót – og við ætlum að byrja strax! Margs konar spennandi tilboð og sérkjör sem munar um og **allir sem reynsluaka Volkswagen eiga möguleika á glæsilegum ferðavinningi:**



1. vinningur

Ferðavinningur fyrir tvo með Úrvali-Útsýn til Madonna di Campiglio á Ítalíu, gist á fjögurra stjörnu hóteli með hálfu fæði. Verðmæti vinnings er 300.000 kr.

2.–7. vinningur

Skíðaferð fyrir tvo til Akureyrar. Flug með Flugfélagi Íslands, bílaleigubíll, gisting á Hótel KEA með morgunmat og skíðapassi í Hlíðarfjall.



Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér!

Jói Fel

B A K A R Í
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan

Bakari – Konditor hjá Jóa Fel

Óskum eftir bakara – Konditor til starfa hjá Jóa Fel, viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir hafið samband við Jóa Fel í síma 897 9493.

www.joifel.is
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan

TÖLVUNARFRÆÐI - háskólanám með vinnu

Opið fyrir umsóknir



Í Háskólanum í Reykjavík er hægt að stunda fjarnám og nám með vinnu í tölvunarfræði. Frábær leið fyrir fólk sem ekki hefur tækni á að stunda nám í dagskóla vegna vinnu eða búsetu.

Nýir nemendur verða teknir inn á vorönn 2008. Umsóknarfrestur um nám í tölvunarfræði er til 30. nóv.

Nánari upplýsingar:
Ásrún Matthíasdóttir
s.: 599 6272
asrun@ru.is
www.hr.is


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

MAÐUR VIKUNNAR

Segir hlutina hreint út

Snaebjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi (SMÁIS), hefur verið áberandi í fréttum vikunnar af lokun vefsíðunnar torrent.is og hótunum sem honum hafa borist í

kjölfarið frá reiðum notendum síðunnar. Á vefsíðunni var hægt að hlaða niður tónlist, myndefni og fleiru frá öðrum notendum á síðunni og var henni lokað eftir að sýslumaðurinn í Hafnarfirði samþykkti lögbannsbeiðni SMÁIS og fleiri höfundarréttarsamtaka sem hafa höfðað mál á hendur forsvarsmönnum torrent.is.

Snaebjörn er í annasömu starfi og er það mál manna að stundum sé erfitt að ná í hann. Í starfi sínu vinnur hann mikið með tölur og mikið af starfinu felur í sér samskipti við fólk erlendis. „Það eru kannski fáir sem standast honum á sporði í því,“ segir einn viðmælenda og vísar til þess að enskukunnátta hans beri þess merki að hann bjó og lærði í Glasgow í nokkur ár. Snaebjörn þykir þægilegur í samstarfi og hvers manns hugljúfi. Einn viðmælendi segir það einkenna Snaebjörn hvað hann sé fróður. „Maður kemur aldrei að tómunum kofunum hjá honum.“ Hreinskilni Snaebjörns er nefnd sem bæði kostur og galli í fari hans. „Hann segir hlutina beint út og getur stundum verið óþarflega hreinskilinn.“ Er hann sagður stundum helst til kærulaus varðandi stundvísi.

Þeir sem umgangast Snaebjörn segja hann búa yfir miklu jafnaðargæði og að mikið þurfi til að hann skipti skapi. Það sem helst geti þó orðið til þess að skapa tilfinningasveiflur hjá Snæbírni sé skoska fótþoltaliðið Glasgow Rangers sem á hug hans og hjarta. Snaebjörn er ástríðufullur áhangandi liðsins og segja kunnugir að það sem geti orsakað særðar tilfinningar, píring eða jafnvel reiði hjá honum sé þegar Glasgow Celtic vinni sigur á Glasgow Rangers.

„Hann sér rautt þegar hann heyrir minnst á Celtic.“

Fyrirverandi vinnufélagi Snaebjörns lýsir því hvernig hann einsetti sér að halda með Celtic í því skyni að skaprauna Snæbírni en það hafi

runnið út í sandinn eftir að Snaebjörn lagði sig allan í það í nokkrar vikur að leiða sig í sannleika um af hverju ekki ætti að halda með Celtic. Eftir það snerist vinnufélaginn á sveif með Glasgow Rangers og segir Snaebjörn hafa haft svipuð áhrif á fleiri í kringum sig sem halda nú með liðinu.

Snaebjörn þykir listakokkur og liggur hans framlag til heimilisstarfanna í eldamennsku öðru fremur að sögn kunnugra. Er hann sagður þeim hæfileika gæddur að geta galdrað fram dýrindismat og að hann þurfi ekki að reiða sig á hið algenga hjálpartæki uppskriftir. Þó að Snaebjörn þyki alæta á mat, og þá sérstaklega hrifinn af kjöti, er hann ekki fyrir fisk. Borðar hann reyndar sjávarfang en soðin ýsa á alls ekki upp á pallborðið.

Einn viðmælenda lýsir Snæbírni sem svo að hann sé til í allt og mikið keppnisþak geri það að verku að á góðri stundu sé hægt að mana hann upp í ótrúlegustu hluti. „Ef ég myndi til dæmis skora á hann að hlaupa upp á Esjuna eða hlaupa marabon þá væri hann vís með að taka mig á orðinu.“

Snaebjörn er mikill tónlistarunnandi og af íslenskum tónlistarmönnum hlustar hann til dæmis á Björgvin Halldórsson. Viðmælendur eru þó sammála um að einn tónlistarmaður sé óumdeilanlega uppáhaldstónlistarmaður Snaebjörns og hafi verið til margra ára. Einn viðmælendi segir Snaebjörn hafa haldið upp á George Michael frá Wham-tímabilinu. Annar lýsir því hvernig Snaebjörn viti allt sem hægt sé að vita um tónlistarmanninn og hafi farið á nokkra tónleika til að berja góði augum. „Snæbjörn var alvöru „Whamari“ á sínum tíma.“

SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON



ÆVIÁGRIP

Snaebjörn fæddist árið 1972 og fluttist ellefu ára gamall með foreldrum sínum og systur til Glasgow í Skotlandi þar sem faðir hans var við læknanám. Sautján ára fluttist Snaebjörn aftur heim til Íslands og hafði þá lokið igildi stúdentsprófs. Á átjándra ári hóf hann nám í læknisfræði og skipti svo yfir í sálfræði í nokkur ár áður en hann fór út á vinnumarkaðinn. Snaebjörn á tólf ára son og sambýliskona hans tvær dætur, ellefu ára og fjögurra ára.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Fór á tónleika með George Michael eftir að hafa verið heitur aðdáandi til margra ára.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann heldur mikið upp á gamla tónlist, til dæmis Dean Martin. Við gerum mikið af því saman að hlusta á gömul lög.“ Soffía Sigurjónsdóttir, sambýliskona Snaebjörns, í samtali við Fréttablaðið 23. nóvember 2007.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Við viljum fá lögbann á vefinn og að lögreglan taki tækjabúnað torrent í sína vörslu á meðan mál á hendur fyrirtækinu er fyrir dómi.“ Á visir.is 19. nóvember 2007.

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið

DRAUMATAEKIÐ



PIXEL PLUS 2 HD

TRYGGIR
YFIRBURÐA
MYNDGÆÐI

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN
EYKUR LÍNUFJÖLDA
OG SKERPU

TÆKIÐ FÆST
Í TVEIMUR
ÚTFÆRSLUM

32" LCD
PHILIPS 32PFL7762D

TILBOÐ

139.995

FULLT VERÐ 169.995

42" LCD
PHILIPS 42PFL7762D

TILBOÐ

239.995

FULLT VERÐ 269.995

INCREDIBLE
SURROUND

PHILIPS 7762D



PIXEL PLUS 2 HD

HÁGÆÐA MYNDGÆÐI

Pixel Plus 2 HD myndleiðréttingarbúnaður sem bætir myndina og gerir hana framúrskarandi skýra hvort sem um er að ræða hefðbundnar útsendingar eða myndir í háskerpuæðum.

DIGITAL
NATURAL MOTION

Digital Natural Motion sem tryggir að hröðustu hreyfingar verða mjúkar og fínar.

BBE
DIGITAL


SPENNANDI HLJÓMGÆÐI

BBE Digital hljóðkerfi með 7 banda tónjafnara, innbyggðum bassahátalara og incredible surround.

HDMI
HIGH DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

NOTALEG ÞÆGINDI

Snúningsstandur, innbyggður stafrænn móttakari og miklir tengimöguleikar, m.a. 3x HDMI tengi tryggja fullkomin þægindi.



REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFÖSS

SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

EYRARVEGI 21
480 3700



Heimilistæki

ht.is

Rafmagnsleikföng

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** eru sagðar fréttir af jólavertíðinni. Einnig er minnst á lífshættuleg lögregluleikföng, íburðarmiklar myndlíkingar, helgarpissara, svefnkeppni og stungið upp á nýju orði í stað „ráðherra“.

Rafmögnuð löggæsla

FÖSTUDAGUR, 16. NÓVEMBER.

Mætti í þáttinn Mannamál hjá Sigmundi Erni á Stöð 2 til að spjalla um bókina mína. Sigmundi Erni finnst bókina vera eins og nákvæm og miskunnarlaus úttekt blaðamanns á miklu vandamáli. Gaman eftir þær rannsóknir sem ég lagðist í að fá þannig umsögn hjá einum af stjórnfréttamönnum landsins.

Að undanfögnu hefur það komið til tals að íslenska löggæsla sonefndum taser-byssum í vopnabúr sitt. Þetta eru rafmagnaðar stuðbyssur sem í tilefni af degi íslenskrar tungu mætti kalla BB-byssur. Í dag drap kanadíska lögreglan ölvandan mann með svona áhaldi: Robert Dziekanski beið eftir móður sinni á flugvelli í Vancouver. Hann var fertugur, kunni ekki stakt orð í ensku og nýkominn úr fyrstu flugferð sinni. Mæðginin fórust á mis og maðurinn missti stjórni á skapi sínu af hræðslu. Í stað-

inn fyrir að róa karlgreyið eða yfirbuga með handafla gat löggætti ekki á sér setið að prófa BB-byssuna. Hún svínvirkaði. Maðurinn steinlá. Og stundur ekki upp frammar.

Þetta – og ein tvö hundruð dæmi til viðbótar – ætti að duga til að sanna að BB-byssurnar eru lífshættuleg vopn en ekki mannúðleg aðferð til ná stjórni á fólki.

Ef íslensku löggæslu langar til að gera rafmagnsprell ættu þeir frekar að leiða soldið rafmagn í einhvern bárujárnsvegg sem helgarpissara leggja í einelti.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu eða Jónasar Hallgrímssonar eða hvort tveggja var blessaður gamli biskupinn okkar heiðraður með Jónasarverðlaununum. Hann þarf þá ekki að öfunda Megas.

Íburðarmiklar myndlíkingar

LAUGARDAGUR, 17. NÓVEMBER.

Sund og herlegheit.

Ekki veit ég hvort það eru áhrif frá Jónasi Hallgrímssyni en nú er mjög í tísku að tala um að hlutir sem eru í undirbúningi séu „í burðarliðnum“.

Mér finnst þetta

soldið skrýtt talsmáti. Ekki svo að skilja að mér sé illa við að fólk temji sér íburðarmiklar myndlíkingar en þegar jakkafataherinn fer að masa um að einhverjar fjárfestingar séu „í burðarliðnum“ rifjast upp fyrir mér þegar ég varð þátttakandi í því að hjálpa belju að bera fyrir langa löngu. Burðurinn gekk illa og loks kom bóndinn reipi á framfætur kálfsins og við drógum hann út. (Kálfurinn var andvana borinn en kúnni heilsaðist vel eftir burðinn og lifði til hárrar elli).

Allar götur síðan finnst mér það hljóma andkannalega að tala um að vaxtahækkun sé í burðarliðnum.

Svefnkeppni

SUNNUDAGUR, 18. NÓVEMBER.

Litla Sól, sem er ákaflega vanaföst manneskja, átti erfitt með að sofna í kvöld og var orðin mjög óróleg í rúminu og bylti sér á alla kanta.

Fyrst las ég fyrir hana heillanga sögu og svo fórum við með faðirvorið og bænirnar. Þá brá svo við að hún fann enga eirð í sínum beinu og bylti sér á alla kanta. Ég reyndi að dáleiða hana með því að fá hana til að telja með mér og var næstum fallinn sjálfur í dá þegar við vorum komin upp í sjöttú. Hún var glaðvakandi.

Í örvæntingu stakk ég upp á að við færum í svefnkeppni. „Nú komum við í kapp að sofna,“ sagði ég.

Sú stutta er mikil keppnismanneskja og var strax til í þetta. Herpti aftur augun og lá grafkyrr í heila mínútu. Venjulega dugir henni mínúta til að sofna svo að mér brá þegar hún opnaði annað augað, kíkta á mig og hvíslaði: Hvor var á undan?



KÆRA DAGBÓK
Práinn Bertelsson skrifar



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Magimix

- réttu tækin fyrir eldhúsið



GLÆSILEGAR BRAUÐRISTAR

MAGIMIX brauðristar

MAGIMIX brauðristar fyrir tvær eða fjórar sneiðar. Fást í stáli, svörtu eða rauðu. Þessar glæsilegu brauðristar frá Magimix afþýða og rista flestar gerðir af brauðum.

Verð frá kr.: 19.500



magimix

KAFFIHÚSIÐ HEIM Í ELDHÚS



MAGIMIX-NESPRESSO kaffivélur

Njótið þess að fá rjúkandi kaffi og expressó kaffi á innan við mínútu heima í eldhúsi.

Verð frá kr.: 23.500



EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Ráðherfa eða ráðgjafi?

ÞRIÐJUDAGUR, 20. NÓVEMBER.

Steinnur Valdis Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa breytingar á stjórnarskrá og lögum til að taka meggi upp nýtt starfsheiti ráðherra sem bæði kynin geta borið.

Sverrir Stormsker stakk upp á starfsheiti „ráðherfa“. Hann er herfilega fyndinn.

Hvernig væri að taka upp hið auðmjúka orð „ráðgjafi“ í staðinn fyrir „ráðherfa“? Eða man kannski enginn lengur að löggjafarsamkundan á að vera æðri framkvæmdavaldinu?

Kiljan og knattspyrman

MÍÐVIKUDAGUR, 21. NÓVEMBER.

Bókakynningin heldur áfram. Í dag mætti ég í Kiljuna hjá Agli Helgasynti. Þar hitti ég Óttar Norðfjörð sem skrifaði bók sem hefur vakið heilmikla athygli og heitir „Hnífur Abrahams“. Ég hef tröllratrú á Óttari og er sannfærður um að hann á eftir að verða mikill rit höfundur.

Það var gaman að spjalla við Egil. Áður en hann braust upp á stjórnuhimin fjölmiðla var eins og bókmenntir og stjórnmál væru einkaæign einhverra útvalinna hópa og ekki gert ráð fyrir að sauðsvartur almúginn næði upp í umræðu um þessi efni. Egill hefur blásið nýju lífi í stjórnmálaumræðu á Íslandi og



jafnvel hefur hann þokað henni upp um þrep. Sama virðist honum vera að takast í bókaþættinum og fyrir mína parta finnst mér að hann ætti að fá „íslensku bókmenntaverðlaunin“ eða að minnsta kosti Jónasarverðlaunin við fyrsta hentugleika. Honum þykja bækur skemmtilegar og skiljanlegar og er kominn vel á veg með að sannfæra þjóðina um að svo sé – enda þótt það hafi lengi verið í tísku að halda fram hinu gagnstæða.

Í kvöld tapaði íslenska fótboltalandsliðið enn eina ferðina



fyrir Dönum. Ég er ekki tapsár fyrir hönd landsliðsins yfirleitt en samt er mér alltaf meinilla við að tapa fyrir hinum Norðurland-

þjóðunum. En hvað mega Englendingar segja sem eins og Íslendingar, Andorra, Lúxembúrgarar, Færeyingar og fleiri merkilegar þjóðir sem eru ekki nógu góðar í fótbolta verða að sitja heima þegar keppt verður til úrslita um Evrópubikarinn í fótbolta?

Næst á eftir Biblíunni

FIMMTUDAGUR, 22. NÓVEMBER.

Á metsölulista Forlagsins eru „Englar dauðans“ í sjötta sæti, næst á eftir Biblíunni sem er líka fantagóð bók og erfitt að toppa.

Fór í þátt á Útvarpi Sögu til Sigurðar G. Tómassonar, sveitunga míns úr Þingvallasveit. Ég átti fullt í fangi með að einbeita mér að því að tala um bókina því að ég var með allan hugann við veiðiskap. Ég hef nefnilega orðið þess heiðurs aðnjótandi að njóta leiðsagnar Sigurðar við veiðar í Þingvallavatni og þar að auki dreymdi mig laxveiðar í nótt.

Draumfarirnar eiga sér þá skýringu að ég sofnaði út frá indælli bók eftir Bubba Morthens sem heitir „Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð“. Mér hundleiddast allar veiðisögur nema mínar eigin en það er hlý og falleg tilfinning í þessari bók.

Í kvöld hlustaði ég á Eddu Andrésdóttur og Lóu Pind Aldisardóttur lesa upp úr nýju bókunum sínum í Bókasafni Hafnarfjarðar. Bókin hennar Eddu heitir „Í öðru landi“ og segir frá föður Eddu sem fékk Alzheimer-sjúkdóminn. Lóu bók heitir „17“ og segir frá konu sem skreppur í gæsaferð með vinkonum sínum.

Hafnfirðingar eru greinilega bókneigðir því að þarna var húsfyllir og meira að segja stóðu margir upp á endann, enda var það þess virði að hlusta á skáldkonurnar.

Rithöfundum finnst stundum súrt í brotið að Íslendingar skuli ekki vera nema þrjú hundruð þúsund talsins. Maður verður ekki ríkur á því að skrifa fyrir svona lítinn hóp. Og þó. Ég er viss um að J.K. Rowling hefur aldrei lesið fyrir betri áheyrendur en við höfðum þarna í Bókasafni Hafnarfjarðar.



BRÉF TIL BLAÐSINS

Hugsað upphátt

Kjör aldraðra

Þegar skammdegið hvolfist yfir okkur háa sem lága er gott að hugsa til þess að eftir rúman mánuð fer aftur að birta um hænufet.

En í svartasta skammdegi er einnig gott að hugsa til þess sem bjart og fagurt er. Vissulega er það orkan í fallvötnum og iðrum jarðar sem veitir okkur birtu og yl, gerir okkur lífið fegurra og litríkara. Það er vissulega frábært framtak er sveitarstjórnir í Vogum, Grindavík og Hafnarfirði hafa gert með sér. Gefur okkur öllum von um skynsamlega nýtingu þeirrar orku er þessi sveitarfélög hafa innan sinn bæjarmarka, fyrst og síðast íbúum þessara bæjarfélaga til hagsbóta.

Nú hafa 60+ á landsvísi og Samband eldri sjálfstæðismanna náð að stilla saman strengi sína og sameinast um stefnu í helstu baráttumálum eldri borgara þessa lands. Það er að mínu mati stórkostlegt tækifæri sem í þessu stefnumarkandi samkomulagi felst og ber að fagna því af heilum hug. Nú er það ríkisstjórnar og þingmanna Samfylkingar og sjálfstæðismanna fyrst og fremst að koma þessum málum á koppinn. Ég vil trúa því og treysta að þessum markmiðum sem þessi félagasamtök hafa komið sér saman verði hrundið í framkvæmd stig af stigi sem allra fyrst. Við sem erum kominn á efri ár og höfum að mínu mati átt stærstan þátt í því velferðarþjóðfélagi er við þekkjum á Íslandi eigum það inni

hjá íslenskum stjórnvöldum að tekið sé hraustlega og af skilningi á okkar málum. Í þeirri trú vona ég að við sem á efri árum erum, getum lítið til bjartari tíma með sól í hjarta og sól í sinni.

Þar sem undirritaður er tiltölulega nýfluttur á Vellina í Hafnarfirði vil ég þakka bæjaryfirvöldum fyrir frábæra umgjörð hér í kring. Frábærir göngustígar, hraunið nýtur sín og fögur og óendanlega stórkostleg fjallasýn. Ég segi bara kærar þakkir til þeirra er hafa skipulagt þetta svæði, þið eigið heiður skilið fyrir gott starf.

Jón Kr. Óskarsson

Höfundur er formaður 60+ Hafnarfirði.

15% vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára | spron

Nú skal segja nú skal segja

hvenær á að skila pökkum

Það er best að ganga tímanlega frá jólasendingunum því það er í nógu að snúast síðustu dagana fyrir jól. Síðustu öruggu skiladagar í desember:

4. desember	Jólapakkar utan Evrópu
7. desember	Jólakort utan Evrópu
12. desember	Jólapakkar til Evrópu
14. desember	Jólakort til Evrópu
18. desember	TNT-hraðsendingar utan Evrópu
19. desember	TNT-hraðsendingar til Evrópu
19. desember	Jólapakkar innanlands
20. desember	Jólakort innanlands

HITA HUSIÐ / SA 07-1338



www.postur.is

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ – GERÐU GÓÐ KAUP



30% AFSLÁTTUR
3.421 á mán/18 mán*

CARDIFF 3 sæta sófi, B:214 D:86 cm. **2 SÆTA** B:164 D:86 cm kr. **39.980** eða **3.922** á mánuði/12 mánuði áður kr.-59.980.
2 1/2 **SÆTA** B:194 D:86 cm. kr. **44.980** eða **3.095** á mánuði/18 mánuði áður kr. 64.980

CARDIFF
10.000 kr
AUKA AFSLÁTTUR EF
ÞÚ KAUPIR 2 SÓFA

48.980
Verð áður: 69.980



30% AFSLÁTTUR
6.310 á mán/36 mán*

TRIPOLI sófi B:466 X D:172 cm, áklæði julian antrazit.

169.980

Verð áður: 249.980



40% AFSLÁTTUR
4.524 á mán/36 mán*

EMOTION tungusófi B:285 D:225 H:90 cm, fæst með gráu og kaki áklæði með tungu hægra megin.

119.980

Verð áður: 199.980

NÚNA
40%
EMOTION
TUNGUSÓFI



* Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VISA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi



HÚSGAGNAHÖLLIN

SÓFAVEISIAN ENNÍ FULLUM GANGI



20% AFSLÁTTUR
6.340 á mán/36 mán*

PUEBLO hornsófi með tungu hægra eða vinstra megin B:315,5 D:229 cm. Einnig fánlegt PUEBLO skammel B:122 D:63,5 H:46 cm kr. 44.980 eða kr. 3.095 á mánuði/18 mánuði áður kr. 59.980

169.980

Verð áður: 219.980

48.980

Verð áður: 69.980



30% AFSLÁTTUR
3.421 á mán/18 mán*

BOSTON 3 sæta sófi B:244 D:90 H:78 cm, microfiber áklæði, fæst í sand og camel. BOSTON 2 sæta sófi B:174 D:90 H:78 cm kr. 39.980 eða kr. 3.922 á mánuði/12 mánuði áður kr. 59.980. BOSTON skammel 73 x 73 H:45 cm kr. 12.980 áður kr. 19.980.



30% AFSLÁTTUR
3.421 á mán/18 mán*

AUSTIN 3 sæta sófi B:210 D:85 H:85, fæst í hvítu eða camel microfiber áklæði. 2 sæta B:150 D:85 H:85 cm kr. 39.980 eða 3.922 kr. á mánuði/12 mánuði áður kr. 59.980.

48.980

Verð áður: 69.980

10.000
AUKA AFSLÁTTUR
EF ÞÚ KAUPIR SETT
3+2 AF AUSTIN
OG BOSTON

**FREDDIE MERCURY TÓNLISTARMAÐUR
LÉST PENNAN DAG ÁRIÐ 1991**

„Ég vissi alltaf að ég væri stjarna og núna virðist restin af heiminum vera sammála mér.“

Freddie Mercury, söngvari hlómveitarinnar Queen, var þekktur fyrir stórkostlegar sýningar á tónleikum. Freddie Mercury lést úr eyðni aðeins 45 ára að aldri.




PETTA GERÐIST: 24. NÓVEMBER 1859

Uppruni tegundanna kom út

Breski náttúru- og guðfræðingurinn Charles Darwin fæddist í Shrewsbury á Englandi árið 1809 og var af efnuðu fólki kominn. Fjölskyldan naut mikillar virðingar innan vísindasamfélagsins enda faðir hans, Robert Darwin, mikilsvirtur læknir og afi hans, Erasmus Darwin, þótti byltingarkenndur vísindamaður sem hafði rannsakað þróunarkenningar.

Darwin stundaði lækisfræði við Cambridge en gafst upp því hann átti erfitt með að vera viðstaddur aðgerðir án deyfingar. Í staðinn einbeitti hann sér að náttúrufræði og tók sér ólaun- aða stöðu um borð í skipi sem sigldi í fimm ár.



Þar rannsakaði hann lífríki á framandi slóðum og gerði uppgötvanir sem lögðu grunninn að þróunarkenningunni.

Aðalatriðið í Uppruni tegundanna er að allar lífverur á jörðinni eru skyldar og ekki nein skörp skil á milli tegunda. Einnig að svokallað náttúruval skýri sundurgerð lífins og hvernig afkomendur sömu lífveru þróast í ólíkar áttir og mynda fyrst ólík afbrigði innan sömu tegundar og síðan ólíkar tegundir.

Kenningar Darwins fóru gríðarlega illa í kirkjunnar menn á sínum tíma en í dag er stór hluti rannsóknar Darwins grunnur að nútíma sál- og náttúrufræði.

MERKISATBURÐIR

- 1407 Lúdvík af Orléans er myrtur. Þessi atburður varð kveikjan að stríði milli Orléans og Búrgundi.
- 1632 Baruch Spinoza, hollenskur heimspekingur, fæðist. Hann lést árið 1672.
- 1951 Þátturinn Óskalög sjúklinga í umsjá Björns R. Einarssonar hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu.
- 1963 Lee Harvey Oswald, meintur morðingi Johns F. Kennedy, skotinn til bana af Jack Ruby í Dallas, Texas. Ruby var dæmdu til dauða en lést úr lungnabólgu í varðhaldi.
- 1972 Suðurlandsvegur frá Reykjavík til Selfos er formlega tekinn í notkun eftir endurgerð sem tók sex ár.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

Íslensk jóla kynnt innflytjendum

Opið hús er hjá Bókasafni Reykjanesháskólans í Kjarna í dag milli 11 og 13 á vegum starfshóps um fjölmenningu. Tilfnið er að kynna innflytjendum siði og menningu í sambandi við jólahald á Íslandi. Pólskur túlkur verður á staðnum. „Við fræðum fólk um helgidagana og frúin í skólunum í tengslum við þá, aðfangadaginn og aðfangadagskvöldið á Íslandi og svo auðvitað um íslensku jólasveinana,“ segir Kristbjörg Leifsdóttir, félagsráðgjafi í Reykjanesháskólans, og heldur áfram. „Ekkert land er með þrettán jólasveina nema Ísland og það er talsvert atriði fyrir innflytjendur að vita það þegar sveinarnir fara á stjá til að gefa góðum börnum í skólinn.“



JÓLASVEINARNIR ERU ÓVENJU MARGIR Á ÍSLANDI.



HIMINLIFANDI Þóririnn Stefánsson, framkvæmdastjóri Hexia.net, segir frá Vefpulunni Röggum sem auðveldar lesblindum að nálgast og skilja efni af tölvuskjám.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VEFPULAN RAGGA: HJÁLPAR LESBLINDUM AÐ NJÓTA TEXTA Á NETINU

Vinsæl, þægileg og hjálpsöm

Tölvuröddin Ragga er ný vefvera á netinu. Fyrst heyrðist til hennar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Síðan hafa þúsundir Íslendinga tekið henni opnum örmum, en það var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sem þá startaði íslensku vefþjónustuni Vefpulu.

„Ragga hefur verið í undirbúningi síðastliðin þrjú ár og varð að veruleika fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar sem ákvað árið 2002 að fara í tungutækniátak. Hluti af því var að gera móður-málið tölvutækt og þar á meðal með fullkominni tölvurödd,“ segir Þóririnn Stefánsson, framkvæmdastjóri Hexia.net, sem á og rekur Vefpuluna sem er ætluð lesblindum námsmönnum og gerir þeim kleift að fá uppléttu hvaða texta sem er á netinu, auk þess að geta sjálfir skrifað texta og fengið hann lesinn fyrir sig.

„Ragga var fullnuma í byrjun árs og í framhaldi fórum við að velja fyrir okkur sniðugum notkunarmöguleikum. Fljótlega bárust út fréttir af rödd-

inni og í kjölfarið bönkuðu upp á stuðningsfulltrúar og foreldrar lesblindra námsmanna sem vildu vita hvort hægt væri að nota hana fyrir lesblinda. Mótökurnar hafa verið stórkostlegar og fyrstu vikuna fóru notendafjöldinn yfir 5.000 manns,“ segir Þóririnn sem fær óteljandi þakkarskeyti dag hvern fyrir Vefpuluna.

„Við viljum gefa öllum sem einhverja hluta vegna eiga erfitt með lestur af tölvuskjám, möguleika á þægilegum upplestri. Það hefur komið verulega á óvart fyrstu opunarvikuna hve mikið magn af lögfræðitextum hefur runnið í gegnum kerfið hjá okkur, en það er tilkomið vegna þess að lögfræðingar og lagannar vilja fá þurrar lögfræðigreinar uppléttar og gera eitthvað skemmtilegra á meðan þær eru fjasaðar í eyru þeirra í i-podnum. Af þessum sökum breyttum við framburði skammstöfunarinnar gr í grein í stað gramma, svo notendur verða að nota almenna skynsemi og trúu ekki öllu sem er upplétt

blint, eins og í sambandi við greinar og grömm í mataruppskriftum,“ segir Þóririnn hlæjandi, en nafnið hlaut Vefpuluna Ragga í höfuð sjónvarpsþulunnar fyrrverandi Ragnheiðar Clausen sem ljáði henni hljómbýða, kvenlega rödd úr mannheimum.

„Við höfum því fengið fyrirspurnir víða að þar sem menn vilja vita hvernig við fórum að þessu og hvernig röddin virkar. Við höfum strax fengið fullt hús stiga frá íslenskum stórfyrirtækjum og senn verður hluti vefpulunnar felldur inn á íslenskar vefsíður þar sem boðið verður upp á valmöguleikann „Lestu þetta“, en þá verður umbeðinn texti lesandans lesinn yfir, eins og þægilegt er í dagblaðgreinum,“ segir Þóririnn. Þess má geta að Landsbankinn er bakhjarl verkefnisins og Vefpulan er opin öllum endurgjaldslausum. Engan sérstakan búnað þarf á tölvu notenda því Vefpulan virkar alfarið yfir netsamband. <http://www.hexia.net/upplestur>

thordis@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Guðjónsson

rafvirkjameistari, Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Brautarlandi 6, Reykjavík,

Lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 21. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

Arndís Guðjónsdóttir	Sigríður Þorlákisdóttir
Guðjón Magnús Jónsson	Margrét Katrín Jónsdóttir
Hrönn Guðjónsdóttir	Björn Baldvinsson
Magnea Ólóf Guðjónsdóttir	Halldór Kjartansson Björnsson
Arndís Guðjónsdóttir	Magnús Örn Guðmarsson
Jón Þór Guðjónsson	Eva Björg Torfadóttir
Hrafn Eyjólfsson	Halldór Ingi Hákonarson
Hrafnhildur Eyjólfsdóttir	Jón Örn Eyjólfsson
Jón Örn Eyjólfsson	og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Elsa Halldórsdóttir

áður til heimilis að Lindasiðu 2, Akureyri,

Lést að dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri þriðjudaginn 13. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Starfsfólki Hlíðar eru færðar hjartans þakkir fyrir góða alúð og umönnun.

Birgir Pálmason	Sigurbjörg Sigfúsdóttir
Elisabet Pálmadóttir	Ketill Tryggvason
Ásta Pálmadóttir	
Hjördís Pálmadóttir	Pétur Haraldsson
Elsa Pálmadóttir	Valmundur Einarsson
Hreinn Pálmason	Þórunn Sigurðardóttir
Jón Karl Pálmason	Kolbrún Jónasdóttir
Viðar Pálmason	Kamilla Hansen
stjúpbörn, barnabörn og barnabarnabörn.	



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar elskaðs föður okkar, tengdaföður, aja og langafa,

Guðmundur Þorleifssonar

frá Svínólum í Lóni.

Innilegar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilis HSSA fyrir hlýðug og góða umönnun.

Unnsteinn Guðmundsson	Sigríður Kristjánsdóttir
Ragnhildur Guðmundsdóttir	Eysteinn Ingólfsson
Áslaug Guðmundsdóttir	Jón Bjarnason
Júliús Guðmundsson	barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Eiríkur Annas Guðjónsson

frá Skjaldbjarnarvík,

Lést 19. þessa mánaðar. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 1. desember kl. 14.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Blindrafélagið.

Eyvindur P. Eiríksson
Guðjón Eiríksson
og aðrir aðstandendur.

BONUS BONUS BONUS BONUS



1798

Nóa konfekttkassi nr.12 940g
Vinsælasti gjafakassinn 1798 kr.



479

Bónus kryddaður heill kjúklingur. Tilbúinn í ofninn
479 kr/kg. Merkt verð 799 kr/kg.



395

Holta ferskir leggir 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr/kg.



1559

Holta ferskar kjúklingabringur 1559 kr/kg. Merkt verð 2599 kr/kg.



395

Holta fersk læri 395 kr/kg. Merkt verð 659 kr/kg.

**40%
AFSLÁTTUR**



98

BANANAR 98 KR/KG.

BONUS BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.00

FRÁBÆR



Leðursófasett
Hvítt/kremað 4200206-208

3ja sæta **109.900**
verð áður **169.900**

2ja sæta **79.900**
verð áður **129.900**

stóll **49.900**
verð áður **84.900**



egg afsláttur
75%
egg afsláttur

Hilla, eik/svört/hvít
200x55x178 sm 4200562

19.900
verð áður **79.900**

egg afsláttur
40%
egg afsláttur



Borðstofuborðsett
Borðstofuborð 180x90sm / 6 stólar með svartri setu 4200500+508

77.900
verð áður **130.300**



egg afsláttur
60%
egg afsláttur

Sjónvarpsskenkur
Hvítur/140x40x50 4200420

19.600
verð áður **49.000**



Leðursófi
2ja sæta 4200210

71.900
verð áður **89.900**



Eldhúsinnréttingar

Baðinnréttingar

Skápar

Húsgögn

Hreinlætistæki

Parket

Flísar

EGG ER STÓRVERSLUN

- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

VIÐ BENDUM Á NÆG BÍLASTÆÐI Í BÍLAKJALLARA

TILBOÐ



Leðursófasett
Svart 4200223-225

3ja sæta **99.900** 2ja sæta **79.900**
verð áður **159.900** verð áður **119.900**

20%

til **80%**

afsláttur af glæsilegum húsgögnum og búshöldum

GERÐU FRÁBÆR KAUP FYRIR JÓLIN!



Borðstofustólar
Eik/svört seta 4200508

6.540
verð áður **10.900**



Sjónvarpsskápar
Hvít/ svartir/140x45x45 4200422/3

5.900
verð áður **42.900**



Tungusófi 936
Hvítur/svartur 4200461•62/4200458•59

135.900
verð áður **169.800**



Ljós

Raftæki

Gjafavara

Heimilistæki

Búshöld

Hurðir

Veggfóður

Hönnunarsetur

Það fór vel á því að Harry Potter og dauðadjánsin – sjöunda og jafnframt síðasta bókin um galdrastrákinn – kom út sama dag og Snæbjörn Arngrímsson, forleggjari hjá Bjarti, varð 46 ára. Bákurinn hefur verið mjólkurkúr Bjarts í tæpan áratug og lagt grunninn að því sem er nú orðið næststærsta bókaforlag á Íslandi, með verðlaunaríthöfunda í vasanum og komið í útrás á Norðurlöndum undir merkjum Hr. Ferdinands. Útgáfunni stýrir Snæbjörn sjálfur frá Kaupmannahöfn þar sem hann býr ásamt konu sinni, Susanne Torpe, sem er framkvæmdastjóri forlagsins, og tveimur börnum þeirra en fyrir á Snæbjörn þrjú börn.

Snæbjörn segir að vissulega þyki sér leitt að ævintýri galdrastráksins séu á enda runnin. „Ég var auðvitað spenntur fyrir síðustu bókinni, það er ekki annað hægt. Maður hefur fylgt drengnum og öllu þessu fólki svo lengi eftir og var auðvitað spenntur fyrir hvert framhaldið yrði. En ég er ekkert að velta mér upp úr því að þetta sé búið. Ég er líklega ekki nógu efnahagslega þenkjandi því ég hugsa aldrei á þeim nótum að við séum að missa af góðri mjólkurkú; það kemur þá einhver önnur í staðinn. Dan Brown er alltént með bók á næsta ári þannig ég hef ekki miklar áhyggjur.“

Fannst Harry ekki byrja vel

Snæbjörn man vel eftir þegar hann las fyrstu bókina, Harry Potter og viskusteininn, og tryggði sér útgáfuréttinn á Íslandi.

„Ég las fyrst einhverja útgáfutilkynningu í erlendu tímariti: „Bók um galdrastrák kemur út.“ Það birtist svo sem urmull svona tilkynninga á hverju ári en þessi vakti athygli mína og ég hugsaði með mér að ég yrði að kíkja á þetta. Ég skrifaði hinum ágæta umboðsmanni Christopher Little og spurði hvort hann gæti sent mér eintak en fékk ekkert svar og hálfpartinn gleymdi þessari bók.“

Síðar átti ég leið til Bandaríkjanna og var að leita að einhverju til að lesa og mundi þá eftir þessari bók um galdrastrákinn og leit að henni í bókaútdöð þar en þá var hún ekki komin út í Bandaríkjunum. Þegar ég kom heim var ég búinn að fá þetta svolítið á peruna, skrifaði Christopher Little aftur og það hann að senda mér bókina sem hann gerði. Mér fannst hún satt best að segja ekki byrja nógu vel, þótti hún alltof bresk í upphafi en svo í sjötta kafla þá kveikti hún á mér og ég tryggði mér réttinn.“

Bækur sem fullorðnir ánetjast

Það hvarflaði þó ekki að honum að Harry Potter væri efni í metsölubók; það var ekki fyrr en á bensinstöð á sólríkum sumardegum árið 1999 sem hann áttaði sig á að hann væri með eitthvað sérstakt í höndunum. „Bókin var komin í þýðingu, átti að koma út um haustið og allt í góðu með það. Dag einn fór ég og tók bensín – það var glampanði sól og feikilega flottur dagur – og þegar ég var að borga bensínið sé ég Harry Potter á forsíðu Time. Þetta var áður en netið ruddi sér almennilega til rúms og maður sá ekki alltaf allt eins og skot. En ég man að þarna áttaði ég mig á því að ég yrði að standa mig með þessa bók á Íslandi.“

Endurvakinn lestraráhuga barna þakka margir bókunum um Harry Potter. En þrátt fyrir miklar vinsældir hafa bækurnar ekki hlotið náð fyrir augum margra menningarþáfa, sem þykir þetta ekki merkilegur pappír. Snæbjörn segir að sem betur fer hafi það ekki verið reyndin á Íslandi. „Það getur vel verið að hjá hinni alþjóðlegu bókmenntaeflu hafi hann ekki notið sanmmælis en á Íslandi þykir mér Harry Potter hafa notið velvildar meðal fólks sem les bækur. Ég hitti oft fullorðið fólk sem les fyrir börnin sín og hefur



SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON Hugsar að Bjartur og Hr. Ferdinand fari að slá af í bili. „Þetta er búið að vera frekar brjálað.“

Ég er hörku businessmaður

Örlög Harry Potter réðust í sjöundu og síðustu bókinni í báknunum sem kom út fyrir rúmri viku. Frá upphafi hefur fóstri hans á Íslandi verið **Snæbjörn Arngrímsson** hjá Bjarti, sem skúraði kirkjugólf til að fjármagna bókaútgáfuna þegar galdrastrákinn rak á fjörur hans. Í samtali við **Bergstein Sigurðsson** rekur hann söguna af því hvernig leiðir hans og Harrys lágu saman, segir frá símtölunum tveimur sem urðu til þess að Bjartur var stofnaður og hvers vegna hann hefur verið kallaður Steven Seagal bókaútgáfunnar.

ánetjast þessum bókum. Bókafólk á Íslandi hefur tekið þessum sögum ótrúlega vel.“

Kirkjan borgaði fyrir útgáfunna

Lengi vel var Bjartur eins manns fyrirtæki, þar sem Snæbjörn allt í senn þýddi, braut um og hannaði kápur á bækurnar sem hann gaf út. Snæbjörn vann í rauninni fyrir sér í alls kyns lausamennsku meðfram útgáfunni, skúraði til dæmis kirkjugólf og hefur því alltaf sagt að upphaflega hafi það verið kirkjan sem fjármagnaði útgáfuna. En með tilkomu Harrys Potter gat hann hins vegar

helgað sig forlaginu alfarið. En hvað rak hann til að stofna bókaútgáfu?

„Það er góð spurning og ég hef oft velt því fyrir mér. Þegar ég var í menntaskóla fannst mér bókaforlög virkilega flottar stofnanir, spennandi vettvangur. Þegar ég var við nám í háskólanum – kominn með þrjú börn ungur að árum – las ég auglýsingu í dagblaði um að bókaforlag vantaði starfsmann í hlustarfar við selja bækur. Ég fór út að svæfa yngsta barnið, gekk hring um hverfið og hugsaði með mér að best væri að hringja þegar ég kæmi heim og sækja um þessa vinnu. Ég var orðinn frekar uppeðraður yfir þessu; hljóp með litla barnið í vagninum, sem vill auðvitað ekki sofna því ég er alltof æstur, en sofnað loksins eftir nokkra hringi um hverfið. Ég hleyp inn, gríp símann og hringi. Ég var enn móður af hlaupunum og hljómaði ábyggilega ekki mjög traustvekjandi í símanum. Ég stundi upp úr mér að ég hefði áhuga á að sækja um en þá sagði Halldór Guðmundsson, sem var þá framkvæmdastjóri forlagsins, að það væri búið að ráða í allar stöður.“

Ég heyrði á honum að hann var að skrökva að mér, leist greinilega ekkert á mig því ég var svo móður og asnalegur. Ég kældi mig því aðeins niður og ákvað að hringja aftur og sýna að ég gæti alveg fengið þetta starf. Ég beið í svona tíu mínútur, mannaði mig upp áður en ég hringdi aftur – breytti meira að segja röddinni aðeins – og sótti aftur um starfið. „Jú, komdu endilega klukkan fimm,“ var þá svarið. Eftir á fannst mér þetta eitthvað svo apalegt, ég skyldi ekki láta svona mann ráða yfir mér og ákvað að stofna forlag sjálfur.“

Steven Seagal bókaútgáfunnar

Snæbjörn kveður sig ekki hafa órað fyrir að forlagið yrði nokkurn tímann jafn stórt og það er nú. „Nei, nei, ég hugsaði aldrei með mér að Bjartur yrði eitthvert stórforlag. Hugsunin hefur þvert á móti alltaf verið sú að Bjartur verði alltaf frekar litill útgáfa. Ég hugsa til dæmis að Jóhanni Páli [Valdimarssyni, forstjóra Forlagsins] finnst hann frek-

ar frelsisskurtur af því að fá alla þessa höfundu yfir sig. Það er auðvitað svakalegt mál að halda utan um svona. Hjá Bjarti viljum við ekki verða mikið stærrí en núna, reynum frekar að halda í smæðina.“

Bókaútgáfa er business og þrátt fyrir hálfkæring í þá veru að hann sé ekki nógu efnahagslega þenkjandi neitar hann því ekki að vera klókur í viðskiptum. „Jú, jú, ég er hörku businessmaður. Og bókaútgáfa er að sumu leyti eins og hver annar business. Þetta snýst allt um sölu á bókum og sölu á hugmyndum. Endurskoðandinn minn kallar mig akido-businessmann. Fyrst þegar hann kallaði mig það fannst mér það mjög flott en spurði hvað hann ætti við. „Steven Seagal er akido-bardagamaður,“ sagði hann. „Steven Seagal er ekki sterkur en hann hagnýtir krafta andstæðingsins; ef einhver reynir að kýla hann kýlir hann ekki á móti heldur grípur í árásarmanninn og notar krafta hans til að fleygja honum út í vegg.“ Þetta segir hann. En jú, ég er nú með einhverja businesshæfileika.“

Danski grísinn

Árið 2003 fór Bjartur í útrás undir nafninu Hr. Ferdinand og helgar sig aðallega útgáfu fagurbókmennta og sakamálasagna. Forlagið hefur nú skrifstofur í Danmörku og Noregi og til stendur að færa út kvíarnar til Svíþjóðar.

„Þetta var ákveðið í algjöru bríari,“ segir Snæbjörn. „Ég vissi í rauninni ekkert hvað við vorum að fara út í. Einn daginn var bara ákveðið að að nú skyldum við prófa að gefa út bók í öðru landi. Fjórum mánuðum síðar kom fyrsta bókinn okkar út í Danmörku sem vildi svo heppilega til að var Da Vinci lykillinn. Það var auðvitað rosaleg heppni, maður finnur það núna þegar maður hefur lært inn á markaðinn í Danmörku og Noregi hvað þetta var mikill grís, því þetta er mjög erfiður markaður. Forlög sem einbeita sér að fagurbókmenntum eru að selja milli þrjú og átta hundruð eintök af hverri bók.“

Hr. Ferdinand lætur lítið fyrir sér fara á norrænum bókamarkaði en Snæbjörn segist þó ekki hafa farið varhluta af því að íslenskir fjárfestar eru fyrirferðarmiklir í dönsku viðskiptalífi.

„Það er mjög fyndið að vera Íslendingur í Danmörku, eða var að minnsta kosti þegar þeir keyptu Magasin Du Nord. Um leið og heimamenn komust að hvaðan maður var byrjaði spurningalíði: „Hvað er með ykkur Íslendingana að ætla að kaupa allt hér?!“ Þeim fannst það ekkert skemmtilegt á tímabili hvað Íslendingar voru aðgangsharðir.“

Ekki allfluttur

Snæbjörn líkar vel í Danmörku en segist merkja greinilegan mun á lífsstíl og þjóðarkarakter Dana og Íslendinga. „Danir eru miklu skipulagðari en Íslendingar og maður lærir af því; það þarf til dæmis að panta pláss í maí í yfirlitsrit fyrir bækur sem koma út í október. Þá þarf kápan auðvitað að vera tilbúin og allt svoleiðis. Mér finnst Danir aftur á móti ekki jafn duglegir og Íslendingar, þeir eru stundum komnir heim klukkan þrjú á daginn, sem er auðvitað síðasta sort,“ segir hann og hlær.

„En það er annað tempó hér en á Íslandi, það er ekki þetta sama skrepp-og-skult samfélag og heima.“ Þótt hann hafi komið sér vel fyrir í Kaupmannahöfn er Snæbjörn þó ekki allfluttur frá Íslandi. „Nei, nei, nei. Við erum hins vegar með tvö lítil börn, tveggja og sex ára, sem eru í skóla þannig að við verðum eitthvað hér áfram, en maður veit aldrei hvað gerist.“

Hvað næsta ár ber í skauti sér fyrir Bjart segir Snæbjörn ómögulegt að segja til um. „Við eigum núna hluta í forlagi í Svíþjóð en ég hugsa að við látum staðar númið í bili; þetta er búið að vera frekar brjálað. Annars erum við með flennistört verkefni í Noregi, 1.200 síðna bók sem heitir Silfurskeiðin – fimmtíu ára gömul biblíja í ítalskri matargerð. Það kostar þrek að koma henni út.“

Þótt langt sé um liðið frá því Snæbjörn var einn um að þýða, brjóta um og hanna kápur á bækurnar sem hann gaf út grípur hann iðulega í slík verkefni þegar með þarf. „Ég er alltaf með hendurnar í þessu. Ég er bara svo mikill sveitamaður í mér, get ekki bara setið og þóst vera einhver stjórnandi. Ég kann það ekki.“

→ SEX BÆKUR, ÍSLENSKAR OG ERLENDAR, SEM SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON HEFUR Í HÁVEGUM

ERLENDAR BÆKUR

Óhuggandi, eða Slepptu mér aldrei eftir Kazuo Ishiguro.

Ishiguro er uppáhaldshöfundur minn, hann er í því líku uppáhaldi að ég voni að ég eigi aldrei eftir að hitta hann. Lífið fær óskiljanlegan tilgang og maður verður allur upplýftur og brjálaður.

Ástkona franska lautinantsins eftir John Fowles.

Allir þeir sem hafa lesið þessa bók þekkja þann tilfinningartortur sem höfundurinn leggur á lesendur. Ég var lengi að ná mér eftir lesturinn.

Hundrað ára einsemd eftir Gabriel Garcia Marquez.

Ein af sterkustu lesreynslum unglingsáranna. Dagar og nætur runnu saman. Í fyrsta skipti

drakk ég heilan lítra af kók, úr lítraglerflösku uppi í rúmi. Ég var sturlaður.

ÍSLENSKAR BÆKUR

Ég nefni ekki höfunda sem ég gef út en ég get nefnt bók Braga Ólafssonar **Samkvæmisleikur** því ég gef hann ekki lengur út. Þetta er örugglega ein af langbestu bókum sem komið hafa út á Íslandi á síðustu árum. Bæði myndin og skelfileg.

Sjálftætt fólk eftir Halldór Kiljan Laxness. Að sjálfsgöðu. Sagan er grundvöllur alls sem Bjartur tekur sér fyrir hendur.

Ljóðabréf eftir Hannes Pétursson.

Kaffistétt í París, maður kemur á hjóli inn í torg og dettur og hirðir upp blýantsstubb: „yfir litlu varstu trú, yfir mikið mun ég setja þig.“ Þetta er uppáhaldið mitt í þessari bók.



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

MIKIÐ ÚRVAL LAMPA

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

8W
14W
21W
28W

Verð frá **995**
UNDIRSKÁPALJÓS

14W
21W
28W

Verð frá **959**
UNDIRSKÁPALJÓS

1 x 36W
2 x 36W
2 x 18W

Verð frá **1295**
IÐNADARLAMPAR

8W
13W

995 **1295**
UNDIRSKÁPALJÓS 8W UNDIRSKÁPALJÓS 13W

3860 **2995**
FLÚRLAMPI 60x60cm 3 x 14W FLÚRLAMPI 60x60cm 4 x 18W

RAKAPÉTTIR FLÚRLAMPAR

2990 2 x 58W
1995 1 x 58W
2990 2 x 36W
1795 1 x 36W
1795 2 x 18W

6995
LJÓSATUNNA 250W OG 400W

2995
SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W

1890
INNFELLD LJÓS

2 stærðir
9 litir

Verð frá **990**
INNFELLD LJÓS

Króm og hvít
1995
LOFTLJÓS 16W OG 28W M/PERU

Verð frá **2995**
SPEGLALJÓS

Verð frá **995**
SPEGLALJÓS

7900 **995**
ÚTIKASTARI LED ÚTIKASTARI

3 gerðir
Verð frá **6999**
HITALAMPI 1300W

Með tenglum
6999
VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W

150W
250W
400W
Verð frá **5995**
FLÓDKASTARAR

150W 500W
1000W 1500W
Verð frá **895**
HALOGENKASTARAR

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

Fáir gera sér vonir um árangur

Enn á ný ætla **Ísraelar** og **Palestínnumenn** að reyna að semja um frið, að þessu sinni í Annapolis í Bandaríkjunum. Þeirri bjartsýni, sem stundum má greina í tali bandarískra, ísraelskra og jafnvel palestínskra ráðamanna, fylgir djúpstæð tortryggni á báða bóga, enda er reynslan af fyrri samningum ekki beinlínis til þess fallin að vekja vonir. *Guðsteinn Bjarnason* rýnir í svartnættið.

Annapolis er um 30 þúsund manna bær í um það bil 50 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Washington, friðsæll reitur í útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Þar ætla Ísraelar og Palestínnumenn enn á ný að reyna að semja um frið nú eftir helgina, að þessu sinni fyrir áeggjan frá Bush Bandaríkjaforseta.

Bush hefur að mestu leyti látið harkalegar deilur og blóðug átök Ísraela og Palestínnumanna afskiptalaus þau tvö kjörtímabil sem hann hefur verið forseti.

Nú þegar hann á aðeins eitt ár eftir í embætti rýkur hann til og ætlar sér að leysa málið. Fáir virðast hafa minnstu trú á að honum takist það.

Samkvæmt skoðanakönnun, sem birt var í vikunni sem leið, segjast 57 prósent Palestínnumanna ekki hafa neina trú á því að fundurinn í Annapolis skili minnsta árangri, en 71 prósent þeirra segjast engu að síður fylgjandi því að Abbas mæti á fundinn. Það sé þess virði að reyna, jafnvel þótt ekki sé von á neinu.

Skrautsýning

Ísraelsmenn hafa reyndar fyrir löngu fallist á að Palestínnumenn stofni sjálfstætt ríki á Vesturbakknum og Gazaströndinni. Stóru deilumálin þrjú eru hins vegar lega landamæranna, framtíðarstaða Jerúsalemborgar og hlutskipti palestínskra flóttamanna. Þessi mál eru enn óleyst með öllu, eftir því sem best er vitað.

Víða heyrast þær raddir að með fundinum í Annapolis sé fyrst og fremst verið að gefa ráðamönnum Bandaríkjanna tækifæri til að afla fylgis meðal arabaríkja við hernaðinn í Írak og hugsanlegar árásir á Íran. Bandaríkjamenn vilji sýna arabaríkjum fram á að þeir hafi í raun og veru áhuga á að leysa Palestínnumvandann, hvort sem einhver árangur fæst eða ekki.

Hvorki Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, né Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hafa þó efni á að hafna þátttöku í ráðstefnunni.

Veikir viðsemjendur

Abbas og Olmert eiga báðir í vandræðum heima fyrir og hafa varla umboð til að semja um nokkurn skapaðan hlut.

Abbas, sem er leiðtogi Fatah, hinnar gömlu stjórnmaláhreyfingar Jassers Arafat, nýtur takmarkaðra vinsælda meðal Palestínnumanna og á auk þess í hörðum deilum við Hamas-hreyfinguna sem hefur tekið öll völd á Gazasvæðinu en ræður litlu á Vesturbakknum. Jafnvel þótt einhvers konar samkomulag takist er engin trygging fyrir því að Hamas og aðrir hópar harðsnúinna Palestínnumanna hafi minnsta áhuga á að hlíta þeim samningum.

Olmert er ekki mikið betur settur, með yfirvofandi málshöfðun vegna spillingarmála og mættir að auki harðri andstöðu frá landtökufólkinu sem vill hvergi gefa eftir í samningum við Palestínnumenn.

Bæði Abbas og Olmert óttast að



renni fundurinn út í sandinn bitni það á Abbas og Fatah-hreyfingunni, sem Ísraelsstjórn vill semja við, en Hamas, sem Ísraelar vilja ekki hafa neitt með að gera, styrkist aftur á móti. Báðir reyna þeir því að bera sig vel og reyna vafalaust hvað þeir geta til að þoka málunum áfram.

Fjöldmenn samkoma

Fundurinn í Annapolis verður býsna fjöldmenn samkoma. Þangað er ekki bara boðið ísraelskum og palestínskum ráðamönnum heldur einnig fulltrúum frá Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, Rússlandi og Arababandalaginu, og enn fremur frá ýmsum öðrum ríkjum og stofnunum sem láta sig deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs varða.

Óljóst er þó hve margir þeirra sjá ástæðu til að mæta. Fulltrúar

allra þessara ríkja og samtaka mæta í algerri óvissu til fundarins. Enginn veit hvort nokkur árangur næst né heldur hvort hugsanlegur árangur muni í raun skila einhverju í bættum samskiptum Ísraela og Palestínnumanna.

Fyrir fáeinum vikum sögðust bæði Ísraelar og Palestínnumenn sammála um að fyrir fundinn í Annapolis þyrftu þeir að senda frá sér sameiginlega yfirlýsingu um meginmarkmið fundarins. Fljótlega kom þó í ljós að þeir gátu engan veginn komið sér saman um markmið þeirrar yfirlýsingar – hvað þá orðalag hennar.

Palestínnumenn lögðu áherslu á að í yfirlýsingunni væri gerð nokkuð ítarleg grein fyrir því hvernig staðið yrði að stofnun Palestínuríkis, en Ísraelar vildu láta nægja að hafa almennt orðaða yfirlýsingu

um sameiginleg framtíðarmarkmið.

Óbreyttar meginlínur

Þegar á reynir er meginkrafta Ísraelsmanna enn sem fyrr að palestínskir ráðamenn sjái til þess að allar árásir á Ísraela verði þegar í stað stöðvaðar. Erfitt er samt að sjá að palestínskir ráðamenn hafi nein þau áhrif meðal eigin þjóðar sem duga til að stöðva herskáa hópa, jafnvel þótt ótvíræður vilji væri fyrir því.

Palestínnumenn geta fyrir sitt leyti engan veginn sætt sig við neitt minna en að losna undan hernámsokinu. Meginkrafta þeirra er enn sú að landamærin verði nokkurn veginn eins og þau voru fyrir stríðið 1967, þegar Ísraelar hertóku Vesturbakkann, Gazaströnd og austurhluta Jerúsalem.



VIÐ MÚRINN Á síðustu misserum hafa Ísraelar reist rammgerðan múr til að skilja á milli sín og Palestínnumanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



VÍGALGIR Ísraelskir hermenn búa sig undir að bregðast við grjótkastinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÆVINTÝRAFERÐIR

Vélsleðaferðir um víðáttur Nýfundnlands og Labradors eru í nú í boði fyrir þá sem hafa áhuga á að ferðast um í vesturvegi.

FERÐIR 3



MARGLITAR RENDUR

Ragg er marglitt garn sem hefur þá eiginleika að rendur og mynstur myndast um leið og þrjónað er svo aldrei þarf að skipta um lit.

TÍSKA 4



allt


HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Tískuföt fyrir fasmiklar konur

StreetOne Uldahl

Stærðir 36-44



20% afsláttur af öllum vörum til 10. des.

YSJA

Grensásvegi 22 - 108 Reykjavík - Sími 553 4000 - Gsm 869 4131



Gunnar Vagn hefur smíðað tvö óvenjuleg þríhjól. Þetta er hið nýrra og stærra. Það er með átta strokka vél. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á 200 hestafla þríhjóli

Er þetta draumur eða veruleiki? var fyrsta hugsun blaðamanns er hann sá fagurrautt þríhjól í fullri bílbreidd að aftan bruna fram hjá. Svo hófst leitin að uppruna þess og eiganda.

Gunnar Vagn Aðalsteinsson reynist hann heita sá sem ekur um á þríhjólinu rauða. Seinna nafnið á vel við manninn því hann smíðaði sér þennan eðalvagn sjálfur frá grunni og kom honum á götuna 2005. „Ég var tvö og hálf ár að smíða hjólið. Það er búið til úr samsafni,“ segir hann og lýsir því nánar. „Hjólið er knúið af átta strokka Chevrolet-vél og hestöflin eru í kringum 200 en það er líka um 800 kíló að þyngd. Undir hjólinu að aftan er Jagúardrif, það er sjálfstæð fjöðrun á því og ég vildi halda breiddinni. Farmendinn er afturgjörð úr Harley Davidson og svo eru ýmsir hlutir héðan

og þaðan. Ég var að vinna hjá Framtaki niðri í Korngörðum og viðaði þá að mér efni í brotajárnsaugunum hjá Hringrás. Bensintankurinn er búinn til úr tveimur Pripps-björkútum þannig að ég nýtti það sem ég gat en sætin lét ég sérpanta að utan.“

Gunnar kveðst hafa ferðast talsvert á hjólinu á góðviðrisdögum. Til dæmis spókað sig á því á bíladögum á Akureyri síðastliðið sumar. „Ég var með lítið hjólhýsi aftan í þá sem Ferðaval á,“ lýsir hann.

Gunnar á annað hjól sem hann lauk við að smíða 1998. Það er minna en rauða hjólið og ekki jafn tilkomumikið en ágætis byrjun eins og hjá Sigur Rós. Gunnar er ættaður frá Þingeyri og kveðst hafa smíðafiktið frá karli föður sínum, Aðalsteini Gunnarssyni. „Pabbi er vélvirki að mennt en ég hef bara lært þessa hluti af lífinu.“ gun@frettabladid.is



Meiri gæða-harðfisk!

Samkvæmt nýrri rannsóknarskýrslu Matis er harðfiskur enn hollari en áður var talið, prótínrikur og inniheldur mikið af vítamínum og bætiefnum. Okkar kælda framleiðsluáferð kemur mjög vel út í öllum samanburði.

Fæst í flestum matvöruverslunum og á bensinstöðvum um allt land

GÆÐAFISKUR

NÆRING OG HOLLUSTA



Parftu betri bíl?

Parftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

alt bílar o.fl.

Fornbílar eru einstaklega glæsilegir á að líta en til þess að svo sé þarf að vera vel um þá hugsað. Þeir þarfnast viðhalds og umhyggju og sem betur fer eru til menn sem er það mjög ljúft að hlúa að þeim.



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk



Heilsársdekk

31" kr. 12.900

(31x10.50R15)

33" kr. 15.900

(33x12.50R15)

Úrval annarra stærða upp í 38".
Felgstærð 15", 16" 17" og 18".

Nánar á jeppadekk.is

Við mælum með míkróskurði

JEPPADEKK.is

Alorka • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080



Nú á að vera auðvelt að finna draumabílinn.

Leitað að nýjum bíl

Endurbættur vefur Avant byggir á reiknivél sem leitar að rétta bílnum miðað við gefnar forsendur.

Nýr og endurbættur vefur Avant á www.avant.is á að auðvelda leit að nýjum og notuðum bílum. Vefurinn byggir á því að reiknivél leitar eftir rétta bílnum miðað við gefnar forsendur.

Hverjum bíl fylgir útreikningur fyrir bílasamning eða bílalan. Margir nýir bílar birtast nú þegar og þeim á eftir að fjölga á næstunni eftir því sem vinnu við tengingar og gagnagrunna vindur fram. Notaðir bílar birtast sjálfvirk af bilasolur.is.

Avant hf. var stofnað fyrir á þessu ári sem sérstakt félag en það hét áður Sjóvá fjármögnun.

- sgi

Jeep-sport-bíla jeppi

Jeppar sem eru eins og klipptir út úr tölvuleikjum sjást æftar á bílasýningum ytra.

Chrysler LLC hefur opnað gægju-gatið á 2008 Jeep Renegade; næsta Jeep-hugmyndabíl sem á nýja árinu verður frumsýndur á North American International Auto Show (NAIAS).

Jeep Renegade er sportlegur tveggja sæta jeppi sem hentar hvers kyns veðráttu og aðstæðum utan vega, eins og til dæmis akstri í sandöldum. Jeppinn er vistvænn, sparneytinn, með veltigrind, sportbílalegri vindhlífarfrámrúðu og hannaður fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar um leið og þeir hugsa um framtíð lands með góðri umhirðu og lítt mengandi farkosti.

2008 Jeep Renegade passar vel í þann flokk jeppa sem sýndir hafa verið undanfarin ár á NAIAS, en sumir benda á að tryllitækið minni á Master Chief's Warthog úr Halo-vídeóleikjunum.

- blg



Jeep Renegade er sportlegur og hentar hvers kyns veðráttu og aðstæðum utan vega.



Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is


Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólánámskeið.

Skráning í næsta námskeið er hafin

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

KERRUÖXKLAR Í ÚRVALI

og hlutir til kerru-smíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

100%
VEFÞJÓNUSTA
us.is



EIGENDASKIPTI ÖKUTÆKJA Á VEFNUM

Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu með eigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.

Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.

www.us.is

UMFERÐARSTOFA

GLITNIR





Ragg-sokka-garnið er slitsterkt og mjúkt.



FRÉTTABLAÐ/PIETUR

Munstrið myndast sjálf

Hvað er betra en ullar-sokkar í útivistina?

Ragg-sokkagarn er ein af nýjungunum hjá garnversluninni Tinnu sem er með útsöluastaði um allt land. Garnið er mjúkt og slitsterkt og rendur og mynstur myndast um leið og þrjónað er þannig að aldrei þarf að skipta um lit. Auður Kristinsdóttir er framkvæmda-



stjóri Tinnu og hún kveðst hafa góða reynslu af Ragg-garninu. „Það er fljótlegt að þrjóna úr því þannig að þær eða þeir sem vilja setja sokka í jólapakkann hafa enn nægan tíma,“ segir hún og bendir á að sokkana megi þvo í þvottavél á ullarprógrammi. Uppskrift að sokkunum er ókeypis inni á vefnum www.tinna.is.
gun@frettabladid.is



Undirföt í miðbænum

NÝ UNDIRFATAVERSLUN VAR OPNUÐ Á LAUGAVEGINUM Í BYRJUN NÓVEMBER.

Undirfataverslunin Systur var opnuð fyrsta nóvember á Laugavegi 70. Í versluninni er mikið úrval alls konar undirfata og meðal annars vörumerki á borð við Damaris & Mimi Holliday, Miller Bertaux, Mint Siren og Nona de Samim.

- eó

Ljómandi hörund með Color Clone

FARÐI MEÐ SÓLARVÖRN SEM ENDIST.

Nýi kremfarðinn Color Clone Hydrapact frá Helenu Rubinstein er einstakur, enda er formúlan bætt með 40 prósentu vökva og plöntuolium sem veita húðinni samstundis raka og mykt. Kremfarðinn er í föstu formi í afar snoturri öskju með stórum spegli. Hann hylur fullkomlega og gefur húðinni ljóma og töfrandi áferð. Color Clone Hydrapact-farðinn endist í tólf klukkustundir og er með 15 SPF sólarvörn.



- þlg

NÆRFÖT



MÓTEFNI VIÐ KULDA



SPJARÐU ÞIG
WWW.CINTAMANI.IS



Gengið í hóp um Grand Canyon

BYRJAD ER AÐ SKIPULEGGJA GÖNGUFERÐIR Á VEGUM ÍT FERDA FYRIR ÁRÍÐ 2008 OG UM AÐ GERA FYRIR ÞÁ SEM HAFU ÁHUGA AÐ PANTA SEM FYRST.

Gönguferðir um Grand Canyon eða Miklagljúfur í Bandaríkjunum eru meðal þeirra ferða sem ÍT ferðir standa fyrir á næsta ári. Uppselst er í ferð sem farin verður 15. mars og stendur í tíu daga en enn er laust í aðra jafnlanga ferð sem áætluð er 19. apríl. Hjördís Hilmarsdóttir, umsjónarmaður gönguferða ÍT ferða, setur ferðirnar upp og stýrir þeim. - eð



Ævintýraferðir í vestri

Vélsleðaferðir um víðáttur Nýfundnlands og Labradors eru í boði fyrir þá sem heimsækja nágretta okkar í vestri.

Tuttugu fyrirtæki í Kanada eru með vöru- og þjónustusýningu í Perlunni nú helgina. Hún ber heitið Markaðstorg Nýfundnlands og Labradors og Eiríkur Sigurðsson ráðgjafi hjá Kom er tengiliður gestanna hér á landi. Hann fræðir okkur um vélsleðaferðir sem þar eru kynntar.

„Samtök vélsleðaklúbba sjá um mjög víðáttumikið slóðakerfi á Labrador og Nýfundnalandi frá hausti fram á vor. Þar eru sem sagt troðnar brautir og fyrirtæki bjóða gistingu og allan aðbúnað í nágrenni við þær. Það er boðið upp á vikuferðir um þennan ævintýraheim og þar er allt innifalið frá því stigið er fæti á Nýfundnaland. Þótt rætt sé um pakkaferðir er eflaust hægt að samræma þær þörfum hópa og jafnvel sameina



Ánægðir ferðamenn á vélfákum í fönninni.

skotveiði og verslun. Í St. Johns er allt á mjög hagstæðu verði miðað við það sem gerist um hinn vestræna heim.“ En hvað skyldu umræddar vélsleðaferðir kosta? „Ég get nefnt dæmi um sjö náttu ferð sem miðast við að lagt sé upp frá Deerlake Airport. Með gistingu, mat og jafnvel skemmtiatriðum á kvöldin kostar hún á bilinu 200 til 250 þúsund. Í henni er farið um þjóðgarðinn Gros Morne sem er á heimsminjaskrá Unesco, gríðarlega fallett landsvæði með vogskornar strendur, há fjöll og djúpa dali. Það er farið um óbyggðir þar sem búast má við að sjá ýmis villt dýr eins og

elgi og hreindýr, jafnvel ísbirni og seli. Einu minjarnar um veru víkinga í Ameríku, þar á meðal Leifs heppna, eru í L'Anse aux Meadows og þar er líka farið um. Vélsleðaferðir eru skemmtilegur ferðamáti enda er ekki skortur á snjó á veturna á Nýfundnalandi og Labrador og veður yfirleitt stillt. Við höfum margt að sækja til þessara staða og þjóðirnar eiga vel skap saman.“ En hvernig á að komast á staðinn? „Því miður er lítið um beinar ferðir frá Íslandi að vetrinum og einfaldast er að fljúga þangað um London.

gun@frettabladid.is

Vetrarveisla á

Tenerife

Sértilboði!



- Ótrúleg sértilboði á síðustu sætumum 29. janúar og 5. febrúar

verð frá aðeins

39.995 kr.*

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegrar vetrarveislu á Kanaríeyjnni vinsælu Tenerife í lok janúar og byrjun febrúar. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Við bjóðum glæsilegar ferðir á ótrúlegum kjörum og vinsæla gististaði.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta og íbúða í boði á þessu verði!

Ótrúlegt verð

El Cortijo – íbúðir

Kr. 39.995

*) Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í viku, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð í viku, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Aguamarina Golf - íbúðir

Kr. 43.895

Netverð á mannm.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í viku 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Kr. 55.490

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð í viku, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Hotel Jacaranda

með hálfu fæði

Kr. 69.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði, 29. janúar, vikuferð. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.

Hotel Bahia Principe

með allt innifalið

Kr. 89.190

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með öllu inniföldu, vikuferð, 29. janúar. Brottför 5. feb. kr. 4.000 aukalega.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099

VETRARSPOURT 2007-2008



Íþróttarhöllinni Akureyri 24. og 25. nóvember 2007

SÝNINGIN ER OPIN FRÁ KL. 10.00-17.00 LAUGARDAG

SUNNUDAG 13.00-17.00

Jólasveinarnir úr Dimmuborgum koma í heimsókn kl. 14.00 á sunnudeginum og gleðja börnin

SÝNING SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

Ekki má gleyma árshátíð vélsleðamanna um kvöldið í Sjallanum

VÉLSLEÐAR - JEPPAR
MÓTORHJÓL - FJÓRHJÓL
AUKAHLUTIR - ÚTIVISTARFATNAÐUR
ALLT FYRIR VETRARSPOURTID

FÉLAG VÉLSLEÐAMANNA Í EYJAFIRÐI EY-LIV.IS



LANDSAMBAND ÍSLENSKRA VÉLSLEÐAMANNA



allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17



HONDA HR-V 2005, ekinn 68, ssk, mjög vel með farið Verð 1.390.000.

Bilahornid
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is



Honda CR-V, árg.03/05, ek.35p, ssk, álfelgur Verð 2240p áhv.2140p 45p á mán.

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
Ég var einlægur aðdáandi leynibloggarans Mengella. Hún var óvæginn tók sem lét allt flakka. Hún virtist alltaf hafa þá skoðun sem var óvinsælust hverju sinni. Hún var særandi fyrir þá sem lentu í henni, en alltaf myndin. Alger skaðræðistík. Í dauðhreinsuðum heimi rétttra skoðana dauðskammaðist maður sín oft fyrir að hafa gaman af henni. Ólafur Sindri, höfundur skepnunnar, er auðvitað algjör andstæða hennar. Lítill og lágróma rólyndispiltur og ekki tákmynd sjálförýggisins eins og Mengella var. Ólafur er 24 ára, fæddur á Akureyri, uppallinn á Suðurnesjum. Þúinn að prófa tölvunarfræði og heimspéki en vinnur nú á sambýli og íhugar næstu skref. Sem sé, nokkuð dæmi-gerður reikandi ungur maður.

Á móti múgsefjuninni

Mengella fæddist á spjallsíðum Barnalands þar sem hún olli fyrir rest svo miklum usla að hún var bönnuð ævilangt. Hvað fær ungan mann til að byrja að hanga á Barnalandi?

„Ég held að besta svarið við þessu sé að það sé áhugaverð mannlífstúdíó,“ segir Ólafur. „Það var stundum eins og að vera fastur í sitcom-þætti að vera þarna. Þetta er það sama og fær mann til að hlusta á Útvarp Sögu eða horfa á Omega. Þegar ég hafði fylgst með umræðunum í nokkra mánuði fékk ég löngun til að pota í grautinn og sjá hvað gerðist. Mengella var mjög fljót að afla sér óvinsælda enda eru einkunnarorð margra á Barnalandi að aðgát skuli höfð í nærveru sálar. Og þótt margt fallet megí segja um Mengellu þá var aðgát sjaldnast hennar sterka hlið.“

Eftir Barnalandsbannið stofnaði Ólafur hið fræga Mengella-blogg (mengella.blogspot.com). Þetta var í janúar. Þegar árið verður gert upp má eflaust kalla það ár múgsefjunarinnar. Mengella komst oft í feitt og gat tjáð sig meðal annars um Byrgis-, klámráðstefnu- og Lúkasarmál – allt hin furðulegustu mál sem þjóðin fór hamförum yfir.

„Í öllum þessum málum tók Mengella réttan pól í hæðina,“ segir höfundurinn, „var á móti múgsefjuninni. Það fór gegndarlaus vitleysa í gang, til dæmis í Lúkasarmálinu. Morðhótanir hingað og þangað án þess að snefill af sönnunargögnum lægi fyrir. Þetta lýsir netsamfélaginu vel. Mengella tjáði sig annars um flest og á ýmsu hafði ég persónulega engan áhuga. Skoðanir Mengellu og mínar lágu heldur ekki saman nema að mjög litlu leyti – ég var yfirleitt ósammála henni.“

Bara eitthvað nóboddí

Frá fyrsta degi voru gríðarlegar þælingar um það hver stæði að baki Mengellu. Fjölmargar kenningar voru settar fram og margir frægir og ófrægir einstaklingar nefndir sem höfundar Mengellu. „Það voru löngu komnar fram mjög góðar sannanir fyrir því að ég væri Mengella en fólk vildi ekki trú á þeim því ég er bara eitthvað nóboddí,“ segir Ólafur. „Nú þegar leyndardómurinn er horfinn er broddurinn auðvitað farinn úr þessu. En ég var aldrei spurður. Ég hefði játað. Allir mínir vinir og fólk í kringum mig hefur vitað þetta lengi. Ég reyndi aldrei að hylja slóðina þótt það hafi verið minnstur vandi með þá tölvuþekkingu sem ég hef. Mengella var hins vegar oft spurð hvort hún væri ég og neitaði auðvitað alltaf.“

Mér dettur Laddi í hug í þessu sambandi. Eiríkur Fjalar myndi aldrei viðurkenna að hann væri Laddi en Laddi myndi auðvitað strax játa að hann væri Eiríkur Fjalar.

„Einmitt. Mengella er bara karakter. Þetta er ekki ég. Fólk er ennþá að hringja í mig og skamma fyrir eitthvað sem Mengella sagði, en ég ætla ekki að fara að rökræða um hennar skoðanir.“

Myndgerðirðu Mengellu í huga þér?

„Nei. Hún var alltaf andlitslaus.“

Hvort fínurðu meira fyrir létti eða söknuði nú þegar Mengella er dauð?

„Það er beggja blands, meiri léttir akkúrat núna. Auðvitað saknar maður Mengellu smá. Hún var bölvuð tók en skemmtileg. Það var mjög gaman að skrifa hana. Ég fór í einhvern ham þegar ég settist niður og skrifaði fyrir þetta skass.“

Það voru margir mjög reiðir út í þig eftir uppljóstrunina. Mogginn var mjög bitur eftir að þú hafðir hann að ginningarfíflum með fólkskum uppljóstrunum og Egill Helgason kallaði þig „rotþró bloggins“.

„Mér fannst það mjög skemmtilegur titill og get vel gengist við honum á Mengellu. Rotþrær eru líka nauðsynlegar.“

Hið hræðilega nafnleysi

Ýmsar öfgafullar skoðanir sem má lesa á netinu eru hættulitlar af því það eru greinilega vitleysingar sem setja þær fram. Það sem gerði Mengellu svo hættulega og kom þar af leiðandi róti á fólk var að hún var greinilega enginn vitleysingur heldur bráðskörp og góður penni. Mengella var pönk. Hún var smekkláus á tímum þegar það er bannað að vera smekkláus. Þessu slengi ég fram og Ólafur er sammála. „Já, hún sagði hluti sem margir eflaust hugsa, en ritskoða svo sjálfa sig og þora ekki að láta í ljós. Það eru allir svo hræddir við að segja röngu hlutina að í staðinn segja þeir ekki neitt. Margir berja á nafnleysinu og segja hrikalegt hvað fólk leyfir sér í skjóli nafnleysis, en ég held að þeir ættu frekar að vera ánægðir með að nafnleysi geti blásið lífi í annars steingeldar umræður.“

En ef maður getur ekki staðið við skoðanir undir nafni – eru þær þá þess virði að þær komi fram?

„Þegar einhver leggur nafn sitt við skoðanir sínar getur annað tveggja gerst, skoðunin hlýtur meira vægi eða vægi nafnins minnkar. Þriðji kosturinn er að nafnið skipti engu máli fyrir skoðunina og samhengi hennar. Þannig var það með Mengellu. Eins og komið er í ljós er flestum sama um bæði



ÓLAFUR SINDRI ÓLAFSSON VAR MENGELLA, „ROTÞRÓ BLOGGINS“: „Mér fannst það mjög skemmtilegur titill og get vel gengist við honum á Mengellu.“

Mengellu og skoðanir hennar nú þegar hulunni hefur verið flett af henni. Ástæðan er auðvitað sú að nafnið jók ekki gildi skoðananna þegar á hölminn var komið og skoðanirnar drógu ekki úr gildi neinnar þekktrar persónu. Ég hefði allan tímann staðið við skrif mín fyrir dómi þótt skoðanir Mengellu hafi ekki verið skoðanir mínar. Ég var að skapa persónu og það er aðalástæða þess að ég skrifaði ekki undir nafni.“

Mengella tók virkan þátt í íslensku dægurmálaumræðunni. En hvar er sú umræða eiginlega? Erú einhverjir með einkaleyfi á því að hafa skoðanir?

„Það mætti stundum halda það. Stundum er eins og það megí ekki taka mark á neinum nema hann sé á Eyjunni. Það eru margir sem dæma allt fyrir fram. Jafnvel þótt það komi sniðugur og innblásinn texti frá til dæmis Hannesi Hólmsteini eða Jóni Vali Jenssyni, þá skiptir það ekki máli því fólk er fyrirfram búið að dæma allt sem frá þeim kemur. Mengella var flótti frá þessu. Hana vantaði þennan stimpil sem nafnið er. Fólk þurfti því hægt og rólega að mynda sér skoðun út frá orðum hennar. Og þar sem enginn vissi nákvæmlega hvar hann hafði hana var það oft mjög erfitt. Hún var því holl þjálfun fyrir marga í að hugsa sjálfstætt.“

Mengella hafði samt alltaf að leiðarljósi að vera skemmtileg.

„Karakter sem er eins hrokafullur og Mengella án þess að vera skemmtilegur er dauðadæmdu frá byrjun. Enda sé ég ekki tilganginn í því að bera eitthvað á borð fyrir fólk sem ekki er skemmtileg.“

Ekkí alveg laus við hégóma

Mengella var valinn besti bloggari landsins í könnun í Mannlífi. Varstu



Auðvitað saknar maður Mengellu smá. Hún var bölvuð tók en skemmtileg. Það var mjög gaman að skrifa hana. Ég fór í einhvern ham þegar ég settist niður og skrifaði fyrir þetta skass.

upp með þér?

„Ég lét mér fátt um finnast en ég er auðvitað ekki alveg laus við hégóma. Ég held að enginn sé það. Mér fannst merkilegast að nafnleysingi skyldi vera valinn besti bloggari.“

Þú hefur greinilega mikla hæfileika til textagerðar og ég ætla að vona að þú ætlir að halda áfram að skrifa.

„Takk fyrir það. Ég er alltaf að skrifa eitthvað og mun halda því áfram. En það er engin bók í smíðum. Varðandi Mengellu er ég á svipuðum stað og þegar ég fékk leiða á henni í vor. Það var í raun fín undankomuleið að varpa af henni hulunni núna. Ég tek mér frí frá rífrildum á netinu. En svo kemur maður með eitthvað.“

Eiga aðdáendur Mengellu nú að snúa sér að olisindri.com?

„Ég sé ekki fram á að sú síða verði einhver míní-Mengella. Það verður bara ég og þessar sömu óáhugaverðu hugrenningar og hafa alltaf verið þar. Ég mæli ekki með þeirri síðu, fólk verður bara fyrir vonbrigðum. Eigi Mengella sér einhverja aðdáendur sem finnst eitthvað vanta í flóruna held ég að það standi upp á þá sjálfa að halda því við.“

Og hvað græddirðu svo á þessu öllu saman – fría drykki á barnum?

„Í veraldlegum skilningi þá er það það eina já, en ég græddi auðvitað hellings skemmtun á þessu. Ég hefði ekki staðið í þessu nema af því að þetta var gaman. Besta viðurkenningin er þó sú að það sé enn til fólk sem trúir því ekki að ég sé Mengella.“

Það segir mér að þetta tókst – að þetta var nógu ólíkt sjálfum mér. Án þess að ég vilji ota mínum tota þá held ég að persónusköpunin hafi heppnast.“

→ GULLKORN ÚR SARPÍ MENGELLU

„Að mótmæla álverum með því að hjóla á (ál)hjólum um borgina og bjóða öllum sem taka þátt í mat, sem eldaður er í (ál)potum er álika gáfulegt og að mótmæla vændi með því að kaupa sér þjónustu vændiskonu og neita sér um fullnæggingu.“ (Um unga róttæklinga sem mótmæltu álveri með hjólatúr)

„Þegar hann kemst í ham – eins og nú í kynferðisbrotamálinum – er ákafinn svo mikill að hann verður ásýndar eins og mýrlendi í jarðskjálfta.“ (Um Össur Skarphéðinsson)

„Skyndilega fer afturendi skepnunnar að kippast við. Stúlkan spyr í sakleysi sínu: „Er þetta byrjað? Er rafmagnsið byrjað?“ En lengi veit er svarið ekkert annað en titrandi dans rasskinnanna.“ (Úr beinni lýsingu á „Byrgismyndbandinu“)

„Það skiptir ekki nokkru einasta máli þótt sýnt sé fram á að tengsl séu milli sjálfsviga og samkynhneigðar. Það eru líka tengsl á milli þess að vera Japani og sjálfsviga. Eiga menn þá að hætta að vera Japani?“ (Úr umræðum um skápahommann Alan Chambers)

„Segjum sem svo að lögregla bannaði fund nasista á efstu hæð byggingar sem væri svoleiðis í móðu vegna asbetryks. Slíkt bann hefði ekkert að gera með fundafrelsi. Og þegar við bönnum aðgengi barna að klámi kemur það engu tjáningarfrelsi við. Það er bannað því það telst með góðu móti börnum afar skaðlegt. Á sama hátt mætti banna listamanni að stunda þann gjörning að stökva öskrandi út úr fataskápum hjartveikra ellilífeyrisþega.“ (Úr umræðu um ritskoðun)

„Síða í dagblaði fyrir ólæsa er álika vitleysa og sjónvarpsfréttir fyrir heyrnarlæsa með öskrandi þulum.“ (Um auðlesinn Mogga)

„Að rífast við vélhjólammenn í rituðu máli er eins og að keppa í sjómann við þalíðómíðbörn.“ (Úr umræðum um vélhjólafólk)

„Í nýstraujuðum skyrtonum, með nýstóguð heidursmerkin hnyta skátageyri á sig klútana, sem eru órofa hluti af viðbúnaði hvers sanns skáta. Klútláus skáti er eins og byssulaus soldáti. Með klútnum má safna vatni, binda um sár og kyrkja smávaxin rándýr, sem gera atlögu að lífi og limum skátanna. Og því lík dýrð að sjá öll börnin trilla um í óaðfinnanlegum einkennisklæðnaði, hrópandi slagorð og heitandi liðsinni við guð og föðurlandið. Skátaskrúðganga á sólríku degi getur orsakað ótímabært sáðlát hjá hvaða fasista sem er.“ (Um skáta)



Mikið úrval af afar vönduðum **borðstofuhúsgögnum**

Opið 13:00 til 16:00 sunnudag



Komdu núna og gerðu frábær kaup



Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

Hræðilegt að tala um stríðið

Aida Ohanjanian er stríðsekkja í miðborg Stepanakert í Nagorno-Karabakh. Maðurinn hennar særðist í stríðinu við Aserbaídsjan árið 2003 og dó skömmu síðar. Aida dregur fram lífið með því að skúra á sjúkrahúsi og lögreglustöð, eins og **Guðrún Helga Sigurðardóttir** fékk að kynnast þegar hún heimsótti Aidu í litlu íbúðinni hennar í Stepanakert.

Ég vinn við að þrifa á sjúkrahúsinu og á lögreglustöðinni. Ég þríf á sjúkrahúsinu á hverjum degi en bara annan hvern dag á lögreglustöðinni. Ég vakna klukkan hálf sjö á morgnana því að ég á að vera mætt á lögreglustöðina klukkan átta. Eftir að vinnunni lýkur þar fer ég á sjúkrahúsið og skúra þar gólfid fram til hálf sex," segir Aida Ohanjanian þar sem hún situr í lítilli blokkaríbúð sinni í miðborg Stepanakert, höfuðborgar Nagorno-Karabakh.

Bróðir Aidu er týndur

Aida á tvær dætur og einn son á aldrinum 18 til 22 ára. Ein dóttirin er gift og farin að heiman. Faðir Aidu og föðurbróðir eru flóttamenn. Bróðir Aidu er týndur og þau vita ekki hvort hann er á lífi eða ekki. Eiginmaður Aidu dó af sárnum sem hann hlaut í stríðinu.

Á meðan stríðinu við Aserbaídsjan stóð var dimmur kjallarin í blokkinni annað heimili fjölskyldunnar. Þangað urðu þau, eins og allir íbúarnir í blokkinni, að leita skjóls þegar sprengjurnar dundu á Stepanakert.

Hún rifjar upp að hún átti ekki skó á börnin í stríðinu og hún varð að hlaupa með þau skólaus niður í dimman, rakan kjallarann í sprengjuárásun. Þar urðu þau að ganga skólaus um á köldu moldargólfinu.

Hvorki brauð né vatn

„Við sváfum ekki almennilega og geymdum alltaf fót í kjallaranum til að eiga til skiptanna. Það var aldrei til brauð og ekkert vatn að fá. Við urðum að sækja drykkjarvatn langar leiðir og gerðum það jafnvel meðan eldflautaskeytin flugu yfir höfði okkar," segir hún. „Það er svo hræðilegt að tala um stríðið.

Við höfum ekki einu sinni lifað einn góðan dag síðan stríðið hófst. Þegar einhver fer að tala um stríðið bið ég hann alltaf að skipta um umræðuefni.“

Ástandið í Nagorno-Karabakh er þó öðruvísi í dag en það var í byrjun tífunda áratugarins. Aida segist sofa á nóttunni núna og hún óttist ekki lengur að vakna og vera andvaka um miðja nótt. Nú sé til matur, og brauð og vinnu sé hægt að fá þó að flestir verði að taka að sér aukavinnu til að hafa ofan í sig og á. Lífið sé nokkurn veginn í lagi, kannski bara tiltölulega gott. „Ég er ekki ánægð með örlög mín og óheppni mína í lífinu en ég er tiltölulega ánægð með lífið almennt séð," segir hún.

Myndi vilja nýja íbúð

Aida býr í lítilli íbúð ásamt tveimur börnum sínum og það eru kannski helst hífýlin sem hún er sérstaklega

HRÆÐILEGT AÐ TALA UM STRÍÐIÐ

Aida Ohanjanian með mynd af eiginmanni sínum en hann særðist í stríðinu við Asera og lést síðar af sárnum sínum. Aida segist nú sofa á nóttunni og hafa brauð og rennandi vatn en áður urðu þau að sækja vatnið langar leiðir. „Það er svo hræðilegt að tala um stríðið," segir hún.



FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÚN HELGA SIGURÐARÐÓTTIR



Við urðum að sækja drykkjarvatn langar leiðir og gerðum það jafnvel meðan eldflautaskeytin flugu yfir höfði okkar

óánægð með. Þau sofa öll þrjú í stofunni því að ekki er um neitt annað að ræða, til viðbótar hefur Aida eldhúskytru og baðherbergi. „Auðvitað myndum við vilja hafa það betra. Ég myndi vilja fá góða íbúð," segir hún, „en ég er ánægð með vinnuna mína.“

Ein dóttirin er gift og flutt að heiman, ógifta dóttirin er í læknaskóla og sonur Aidu hefur lokið grunnskóla. Hann hefur ekki haldið áfram námi því hann vill vinna og hjálpa móður sinni. Aida segir að hann vinnir í einni af heildsölunum í Stepanakert og sé aðallega í erfiðisvinnu, að bera kassa og flöskur og flytja til hluti.

Aida er nægjusöm og dregur fram lífið á sínum lágu launum fyrir skúr-ingarnar.

Hún segist aðeins vilja að friður ríki í Nagorno-Karabakh. Hún segist þó ekki myndu slá hendinni á móti almennilegri íbúð ef ríkisstjórnin gerðist svo örlát að úthluta henni betri húsakynnum. Það er helst það sem hana dreymir um.

→ NAGORNO-KARABAKH



Svæði undir stjórn Armena frá vopnahléinu árið 1994

Á landamæri að Armeníu og Aserbaídsjan. **HÖFUÐBORG:** Stepanakert eða Khankendi.

TUNGUMÁL: Armenska.

FORSETI: Bako Sahakyan.

STADAR: Lýsti yfir sjálfstæði frá Aserbaídsjan 10. desember 1991 en hefur þó ekki hlotið viðurkenningu meðal þjóða heims. Nagorno-Karabakh tilheyrir formlega séð enn Aserbaídsjan þó að það sé í raun sjálfstætt ríki. Aserar telja það hins vegar hersetið af Armeníu. Íbúar Nagorno-Karabakh eru með vegabréf sem armenskir ríkisborgarar.

ÍBÚAR: 138 þúsund.

SAGAN: Átök Armena og Asera um Nagorno-Karabakh hófust strax á síðustu öld þegar bæði löndin fengu sjálfstæði frá Rússlandi 1918. Eftir að Armenía og Aserbaídsjan urðu hluti af Sovétríkjunum varð Nagorno-Karabakh hérað í Aserbaídsjan árið 1923. Þegar Sovétríkin liðuðust í sundur greiddu íbúar Nagorno-Karabakh atkvæði um

sjálfstæði frá Aserbaídsjan sem Lýðveldið Nagorno-Karabakh.

Áður en Sovétríkin liðuðust í sundur var þegar farið að hitna í kolunum milli þjóðanna tveggja út af Nagorno-Karabakh. Stríð braust út 1992 en samið var um vopnahlé árið 1994. Nagorno-Karabakh og nágrannahéruð í Aserbaídsjan heyrta undir sameiginlegan herafla Nagorno-Karabakh og Armeníu. Samningaviðræður eiga sér stað milli aðilanna með milligöngu Minsk-hópsins en þær hafa ekki skilað árangri.

→ RÚSSAR VILJA LYKILINN AÐ EVRÓPU

Frost hefur ríkt milli Armena og Asera frá því þeir sömdu um vopnahlé í stríðinu um Nagorno-Karabakh árið 2004. Niðurstaða í deilunni skiptir þó grundvallarmáli fyrir báðar þjóðir og þá ekki síst fyrir hina orkuríku Asera sem þurfa á því að halda að deilan leysist til að geta haldið forræði yfir orkulindum sínum.

Ilham Alijev, forseti Aserbaídsjan, hefur sagt að náist ekki samkomulag við Armena fari Aserar í stríð. Almennungur í báðum löndum er tilbúinn í átök ef þörf krefur og Aserar eru vel undir slíkt búinir, þeir hafa þrefaldað framlag sitt til vígbúnaðarmála á síðustu árum.

Áhætta með sjálfstæðið

Rússar skipta miklu máli í Kákasus-löndunum. Sambandið milli Asera, Armena og Rússa er viðkvæmt, en Rússar eru taldir hafa stutt báða deiluaðila með vopnum. Aserar vilja halda Rússum góðum um leið og þeir vilja



SINNA UPPBYGGINGU Stjórnmöld í Nagorno-Karabakh sinna uppbyggingu í landinu, reisa fjölbýlishús fyrir fjölskyldur sem misstu fyrirvinnu og byggja upp innviði ríkisins, án þess þó að vanrækja herinn í landinu.

reka sjálfstæða stefnu í sínum málum. Elcin Sixlinski, aðalritstjóri dagblaðs í Bakú í Aserbaídsjan, segir að Aserar vilji þróa, tileinka sér nýja tækni og öðlast lýðræðislegan hugsunarhátt og málfrelsi til að geta tekið stórstígum framförum með land sitt og efnahag. Slíkt sé enginn leikur með Rússa sem nágarna.

„Við tökum auðvitað áhættu með sjálfstæði okkar. Rússar vilja hafa áhrif á gömlu sovétlýðveldin og það viljum við ekki. Við viljum vera góðir vinir, nágarnar og félagar en við viljum ekki vera í ánaud.“

Sixlinski telur að deilan leysist ekki fyrr en vestræn ríki lýsi yfir stuðning við Asera gegn Rússum, því Rússar hafi

skapað þetta vandamál.

Flóttamenn snú heim

Kamal M. Abdullajev, rektor Slavneska háskólans í Bakú, og Sixlinski segja einum rómi að Armenar þurfi að yfirgefa allt hersetna svæðið kringum Nagorno-Karabakh og að allir flóttamenn fái að snúa heim áður en staða Nagorno-Karabakh verði rædd.

Armenía viðurkennir hins vegar ekki að Nagorno-Karabakh sé löglegur hluti af Aserbaídsjan þar sem íbúarnir lýstu yfir sjálfstæði sínu um leið og Aserbaídsjan hlaut sjálfstæði frá Sovétríkjunum. Ríkisstjórn Armeníu krefst þess að fulltrúar Nagorno-Karabakh taki þátt í viðræðum um framtíð svæðisins og hafnar því að yfirgefa svæðið eða að flóttamenn fái að snúa heim áður en framtíð héraðsins verði rædd.

Aserar hafa notið vestrænna fjárfestinga í olíuvinnslu og ríkisstjórnin stefnir að inngöngu í NATO og ESB.



LYÐRÆÐISLEGAN HUGSUNARHÁTT „Við viljum nýjungar, tækni, málfrelsi, lýðræðislegan hugsunarhátt," segir Elcin Sixlinski, ritstjóri dagblaðsins Ayna Zerkalo í Bakú.



STUÐNINGUR RÚSSA Dr. Kamal M. Abdullajev, rektor Slavneska háskólans í Bakú, telur að Rússar vilji styðja Asera við að leysa vandamálið með Nagorno-Karabakh. „En Armenar vilja ekki taka skref í átt til lausnar," segir hann.

Sixlinski telur að inngöngu í NATO og ESB yrði ekki vel tekið af Rússum sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, ekki síst vegna gassins og olíunnar sem Aserar flytja í gegnum olíuleiðslu um Georgíu til Tyrklands. „Rússar vilja hafa lykilinn að orku Evrópu í höndum sér," segir Sixlinski.

Lykillinn hjá Rússum

„Aserbaídsjan getur ekki gengið í ESB og NATO meðan deilan um Nagorno-Karabakh er óleyst. Rússar eru hins vegar á móti því að deilan leysist og án stuðnings Rússa geta Armenar ekki haldið þessu landsvæði," segir Sixlinski.

Abdullajev er því ekki sammála. „Ég held að Rússar vilji gjarnan hjálpa Aserum að leysa þetta vandamál en Armenar vilja ekki taka skref í átt til lausnar. Ég held að Rússar geti notað áhrif sín á Armena til að leysa deiluna. Og Rússar hafa nú þegar gett ýmislegt í viðleitni sinni til lausnar.“

STÓR ÚTSALA Á LIPPÍTÖKLUBBILUM

Frábær afsláttur!
Frábært verð!

ATH!
Fyrsta afborgun
5. mars. 2008

ATH!
Kr. 50.000 til 100.000
gjafakort frá Smáralind
fylgir öllum bílum.

100% lán í allt
að 84 mánuði

Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:

Verð áður kr. 1.470 þús.

Útsöluverð kr. 1.240 þús.



Renault Megane II, árg 2004 ek. 47 þús - sjsk.

Ekkert út og 18.100 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Verð áður kr. 1.390 þús.

Útsöluverð kr. 1.130 þús.



Citroen Xsara, árg 2004 ek. 52 þús - bsk.

Ekkert út og 16.500 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Verð áður kr. 980 þús.

Útsöluverð kr. 820 þús.



Nissan Almera, árg 2004 ek. 81 þús - bsk.

Ekkert út og 11.950 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Verð áður kr. 1.330 þús.

Útsöluverð kr. 1.060 þús.



Renault Scenic, árg 2003 ek. 100 þús - bsk.

Ekkert út og 17.700 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*



Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

Opið virka daga frá kl. 09 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

 Smáralind



bíla_{B&L}
land
notaðir bílar

bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

JUST 4 KIDS



3.980 kr.

Henson galli
Venjulegt lágvöruverð: 4.980 kr.

5.980 kr.

LEGO city
Aðeins 40 stk. í boði



6.980

LEGO kastali
Aðeins 40 stk. í boði



9.980 kr.

LEGO star wars
Aðeins 40 stk. í boði.



24.900 kr.

RoboSapien v2
Venjulegt lágvöruverð: 29.900 kr.



Hringroti — Tibóðn gilda til 26. nóvember 2008 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndabreyting og villur.



...ekki bara leikföng!

Lika t.d. barnaföt, barnarúm og barnavagnar.



1.890 kr.

Playmobil ferðakastali

Takmarkað magn.

Venjulegt lágvöruverð: 2.490 kr.



7.990 kr.

Playmobil sjóræningjaskip

Takmarkað magn.

Venjulegt lágvöruverð: 8.990 kr.



1.480 kr.

Chou Chou dúkka

Venjulegt lágvöruverð: 3.999 kr.

**Frum-
skógar
ísbátur
100 kr.**

**Nammibar
eftir vig!
50%
afsláttur**



4.980 kr.

Bayer bast-dúkkuvagn

Venjulegt lágvöruverð: 7.880 kr.



1.590 kr.

Fisher Price trommur

Venjulegt lágvöruverð: 2.490 kr.




HAFNARFJÖRÐUR

REYKJAVÍK



DÝRARÍKID



Just4Kids er risastór
ævintýraveröld með
leikföng, barnahúsgögn,
barnaföt og ungbarnavörur.

www.just4kids.is

Sungioð í drunga og hjartayl

Tónlistarmaðurinn **Adriano Atchutchi** frá Gíneu Bissá er að taka upp hljómplötu í hljóðveri Sigur Rósar. **Jón Sigurður Eyjólfsson** hitti hann einn hrollkaldan og vætusaman nóvembermorgun. Það var þó enginn hrollur í tónlistarmanninum sem heldur sér heitum með íslenskri hjartahlýju.

Hljómsveitin Super Mama Djombo var stofnuð árið 1972. Þegar Gíneu Bissá var að hrista af sér portúgalska nýlenduherrana tveimur árum síðar gekk Atchutchi til liðs við hana og léði henni pólitíska rödd. „En þó að pólitískar hugsjónir okkar skipi stórt hlutverk þá syngjum við líka alltaf svólítið um ástina,“ segir hann og hlær við.

Egill Ólafsson ljáir þeim rödd sína

En hvernig stendur á því að þessi 14 manna hljómsveit er að taka upp plötu í gömlu sundlauginni í Mosfellsbæ? „Mín fyrstu kynni af Íslandi eru í gegnum Geir Gunnlaugsson en hann vann til margra ára sem barnalæknir í Gíneu Bissá. Svo kom hann þangað fyrir tæpu ári útaf sérstöku verkefni sem UNICEF var með í gangi. Það var svo eitt sinn sem við sátum að spjalli yfir mat og drykk að þessi hugmynd bar á góma og hann linnði ekki látum fyrr en hann hafði fengið góða menn í lið með sér sem allir lögðust á eitt svo þessi draumur gæti orðið að veruleika. Eg er reyndar alveg gáttaður á öllum þeim velvilja sem við njótum hér og verð ég þá sérstaklega að nefna hann vin minn Arburo.“

Blaðamaður veltir vöngum yfir þessum íslenska velvildarmanni meðan bankað er upp á hjá Geir



HLÝTT Á OG HLJÓÐBLANDAÐ Birgir Jón hljóðblendar en Miguel, Fernando, Ze Manel, Atchutchi og Juca Delgado hlýða á í gömlu sundlauginni í Mosfellsbæ. Fernando getur þó ekki á sér setið og leikur með á gítarinn.

Gunnlaugssyni sem Atchutchi vildi hitta og þar leystist ráðgátan. „Já, hann Arburo,“ útskýrir lækningirinn. „Það er hann Hreinn Loftsson en arburo þýðir nefnilega hreinn á portúgölsku.“

En Hreinn er ekki einn um að greiða þeim götu hér á landi. „Ég heyrði Egil Ólafsson syngja,“ segir hann og blaðamaður var ánægður með að Egill okkar skyldi ganga undir sínu íslenska nafni. „Ég hreifst svo af söngnum að við báðum hann um að syngja aðeins inn á plötuna og það var auðsött mál. Hann hefur meira að segja



Svo hef ég brugðið mér út á næturlífið og þá sá ég að Íslendingar eru jafnvel enn elskulegri þegar þeir eru búnir að fá sér einn bjór.

Atchutchi þegar ég var strákur í barnaskóla. Þá gekk ég í hálfgerðum kufli sem náði niður að hnjám og þegar ég var óþekkur reif kennarinn kufliinn upp að maga og gaf mér einn á afturendann,“ segir hann og skellihlær. „Svo var ég eitt sinn í fótboltaleik og það kom í minn hlut að taka vítaspyrnu. Völlurinn var holóttur og grýttur og þegar ég ætlaði að láta skotið ríða af tókst ekki betur til en svo að ég spyrinti í grjót svo ég var bólginn á

lánað okkur hljóðfæri einsog aragrúi annarra tónlistarmanna en það hefði verið dýrt spaug fyrir okkur að koma með hljóðfærin okkar alla þessa leið.“

Sparkmaðurinn verður útvarpsstjóri

Sjálfur er tónlistarmaðurinn ekki þekktur undir sínu skírarnafni en hann heitir fullu nafni Adriano Gomes Ferreira. „Ég fékk gælunafnið



ADRIANO ATCHUTCHI VIÐ ÁLAFOSS Forsprakkinn kann vel við sig á Íslandi og þótt náttúran geti verið köld eins og Álafossinn hefur hjartahlýja umleikið hann hér frá fyrsta degi.

stóru tá lengi á eftir. Viðstaddir höfðu gaman af og gáfu mér nafnið Atchutchi sem þýðir spyrna. Til að byrja með stökk ég á nef mér í hvert sinn sem ég var uppnefndur með þessum hætti en núna hef ég gaman af þessu.“

Blaðamaður hugsar með sér að Arburo eða Hreinn megi hreinlega prisa sig sælan með gælunafnið sitt.

En þótt Sparkmaðurinn, líkt og hann gæti verið kallaður á íslensku, hafi stundum farið halloka í lífinu hefur hann þó líka komist til vegs og virðingar. Hann hefur til dæmis verið yfirmaður ríkisútvarpsins og síðar ríkissjónvarpsins í Gíneu Bissá. Hann er lærður verkfræðingur og hefur unnið sem yfirmaður hjá verksmíðju sem Citroën opnaði skömmu eftir að heimaland hans hlaut sjálfstæði. Nú er hann aðstoðarmaður ráðherra fjölmiðla og virtur í menningar- og listalífínu.

Íslandsvinurinn mikli

Hljómsveitin kom í byrjun nóvember en hinn 3. desember heldur hún út aftur. Það þarf ekki að spjalla lengi við forsprakkann til að skynja að hann unnið hag sínum hið besta hér á landi þótt myrkur og votviðri hrelli landann. „Það er kannski kalt hérna ef við tölum um veðurfræði en ég bý hér við hjartahlýndi,“ segir hann og tekur bakföll. „Hér er séð vel um okkur. Svo hef ég brugðið mér út á næt-

urlífið og þá sá ég að Íslendingar eru jafnvel enn elskulegri þegar þeir eru búnir að fá sér einn bjór.“

Sólin brýst fram þegar við ökum í Mosfellsbæinn að gömlu sundlauginni sem Sigurrósarmenn hafa breytt í hljóðver eins og frægt er. Þar eru nokkrir tónlistarmenn að stilla saman strengi meðan Birgir Jón Birgisson upp-tökustjóri situr umkringdur tækjum og tólum.

„Þetta er fráþærir tónlistarmenn og gaman að vinna með þeim,“ segir hann meðan hann lítur upp frá risavöxnu takka-borði. „Það er í rauninni alveg undarlegt hvað þetta hefur gengið hratt og vel miðað við það að við getum varla talað saman.“

Upptökur gærdagsins hljóma. Þetta er það sem Atchutchi kallar afríkönsk rumba. Diskurinn sem er sá áttundi í röðinni er væntanlegur í verslanir á vordögum en tónlistarmennirnir vilja lítið tala um sölu og útgáfumál meðan þeir eru með hugann við upptökur. Blaðamaður spyr Juca Delgado sem leikur á ýmis hljóðfæri hvort búið sé að finna nafn á diskinn. „Já, við erum að spá í að láta hann heita Super Mama Djambo á Íslandi. Svo má hafa einhvern undirtitil.“

Miguelinho gítarleikari er fljótur með uppástungunni „Spilað í sundlauginni“. Hún vekur mikla kátínu.



ZE MANEL VIÐ SLAGVERKIÐ Slagverksleikarar beita ýmsum leiðum við að halda mönnum í takti. Þeir eru þó fáir sem lemja belg í afskorinni tunnlu líkt og Ze Manel gerir hér.

→ SUPER MAMA DJAMBO Í STUTTU MÁLI

Hljómsveitin var stofnuð árið 1972 í Gíneu Bissá. Hún er þekktust í heimalandinu og nágrennaríkjunum í Vestur-Afríku en einnig í Portúgal.

Atchutchi gengur til liðs við hana árið 1974 sama ár og Gíneu Bissá hlýtur sjálfstæði.

Mama Djambo er skurðgoð í bissáskum trúarbrögðum sem veitti upphafsmönnum hennar styrk.

Þeir hafa gefið út sjö plötur. Þær frægustu heita **Ma Cambanca** og **Festival**.

Fyrsta platan er tekin upp í **Portúgal** árið 1979. Sama ár vann Super Mama Djombo í alþjóðlegri söngvakeppni á Kúbu. Síðasta plata þeirra kom út árið 1998 en síðan þá hefur lítið farið fyrir henni. Þessi endurkoma þeirra er því nokkuð söguleg.

Hljómsveitarskipanin hefur breyst mikið í gegnum tíðina, til dæmis eru tveir upphafsmeðlimanna látnir. Að þessu sinni er söngkonan **Dulce Neves** innanborðs en hún er afar vinsæl í Gíneu Bissá.

Smekkleysa kemur að útgáfu plötunnar sem verið er að taka upp hér á landi.

BT

TOSHIBA

PSAFGE-034012N5
 TOSHIBA SATELLITE A210-184
 AMD Athlon X2 TK-55
 15.4" TFT WXGA TruBrite
 - 1280 x 800 Upplausn
 ATI Mobility X1200 319MB
 1GB Vinnsluminni (1x1GB)
 160GB Harður diskur
 1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
 DVD skrifari Dual Layer
 Innbyggt þráðlaust netkort
 Lyklaborð í fullri stærð
 - með 6 flýtihnöppum
 Innbyggður 5 - 1 kortalesari
 4xUSB2 / FireWire / TV out
 Aðeins 2,72kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
 2ja ára alþjóðleg ábyrgð



MA978ZG/A
 APPLE NANO 4GB SILVER
 Að verðmæti 17.999 Fylgir!

FYLGIR
 17.999

99.999

1. GREIÐSLA
 1. mars 2008

BT LÁN
 Verð frá:
 2.897
 59 mánaða



FRÁBÆR PAKKI FYRIR BYRJENDUR

89.999

FYLGIR

18-55mm Linsa
 1GB Kingston CF
 CF/1GB

BT LÁN
 Verð frá:
 2.632
 59 mánaða

VINSÆLASTA
 VÉLIN

1. GREIÐSLA
 1. mars 2008



FRÁBÆR PAKKI FYRIR LENGRA KOMNA

129.999

FYLGIR

18-55mm Linsa
 55-200mm Linsa
 Batterígríð
 1GB Kingston CF
 CF/1GB

BT LÁN
 Verð frá:
 3.691
 59 mánaða

TOSHIBA

PSU30E-04L01NN5
 TOSHIBA SATELLITE U300-13Z
 Intel Core 2 Duo T5250
 13.3" TFT WXGA TruBrite
 - 1,280 x 800 upplausn
 1GB DDR2 Vinnsluminni
 160GB SATA Harður diskur
 1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
 Dual Layer DVD skrifari
 Innbyggt þráðlaust net
 Innbyggður 5 - 1 kortalesari
 Harman Kardon hátalarar
 4xUSB2 / FireWire / TV out
 Aðeins 1.85kg á þyngd
 Windows Vista™ Premium
 2gja ára alþjóðleg ábyrgð



MA978ZG/A
 APPLE NANO 4GB SILVER
 Að verðmæti 17.999 Fylgir!

FYLGIR
 17.999

1. GREIÐSLA
 1. mars 2008

149.999

BT LÁN
 Verð frá:
 4.220
 59 mánaða



ENGAR SPÓLUR
 Ekkert vesen

1. GREIÐSLA
 1. mars 2008

49.999

FYLGIR

Panasonic

PANASONIC CAMCORDER 30GB
 SDR-H20EB-S
 30GB Harður diskur 2.7" breiðtjaldskjár 16:9
 Mega O.I.S. (Optical Image Stabilizer)
 Anti Shock Shield
 Colour Night View

BT LÁN
 Verð frá:
 2.906
 24 mánaða



Með fyrirvara um prentvillur, myndbrenngi og uppseldar vörur.
 Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

Myndi kenna páfagauknum að segja „Þökkum drottning“

Inga María Leifsdóttir tók við starfi kynningar- og markaðsstjóra hjá Íslensku óperunni nú í sumar og er því á þönum þessa dagana að vasast í leikskrá, auglýsingum sem og punkti innanhúss. Fréttablaðið dró Ingu Maríu undir yfirheyrslukastara helgarinnar.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

Fullt nafn: Inga María Leifsdóttir

Fæðingarár: 1977. Sama ár hófst fyrsta verkfall BSRB.

Á hundvafi: Skurðstofustarfsmaður, myndlistarkennari, New York-námssmaður þegar Tvíburaturnarnir hrundu og menningarblaðamaður á Mogganum sem settist svo hinum megin við borðið og gerðist kynningarstjóri hjá einni mestu menningarstofnun landsins, Íslensku óperunni.

Hvernig veðráttu hentar þér best?
Stórhrið.

Ég panta mér pitsu með ...
... hinu svokallaða Toscana-áleggi á Rizzo. Namm.

Hvaða kæki ertu með?
Ég er sífelld að pota í neglurnar á mér, ósiður í raun.

Þegar ég var lítil hélt ég lengi að ...
... maður segði „Þökkum drottning“ en ekki „Þökkum drottni“ í upphafi borðbænarinnar sem farið var með við matborðið.

Hvaða frasa ofnotar þú?
„Rugl“ og svo alls konar blótsyrði. Ég blóta alltof mikið.

Ef þú yrðir að fá þér tattú – hvernig tattú myndirðu fá þér og hvar myndirðu láta setja það?
Segjum bara að ég sé fegin að hafa ekki „orðið“ að fá mér kínverska táknið fyrir „vin“ á ökkllann, eins og þrjár bestu vinkonur mínar gerðu þegar við vorum fimmtán.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja fóstara?
Snillingana Leó, Önnu, Rún og Einsa. Það er ekki hægt að velja einn úr. Þau gætu kennt börnunum mínum allt um klassíska tónlist, myndlist og fjarlægga staði.

Mig hefur alltaf langað í ...
... kött. Nú er ég með einn í láni.

Eftirlætislykt?
Nýmalað kaffi, hreinn þvottur, ungbörn, kertin slökkt – listinn er endalaus.

Hvernig hringitón ertu með í símanum þínum?
Eitthvað ferlegt, titring og einhvers konar sön. Vildi að ég væri með eitthvað smart.

Eftirlætisgrænmeti og hvaða grænmeti geturðu alls ekki borðað?
Kartöflur í öllum myndum eru uppáhaldið mitt. En ég get alls ekki borðað fennel.

Hvaða sjö hluti leggurðu til í gott afmælisparti?
Kampavín, afmælistertu, píanó, vinina, kertaljós, stórkostleg dress og leigubíla.

Hver var fyrsta færsla lífs þíns á eigið kreditkort?
Hraðbankaúttekt í Tel Aviv.

Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?
Hvort það sé glatt og ánægt, svo ég vitni nú í föður minn.



LA TRAVIATA Í UPPÁHALDI! Inga María Leifsdóttir, kynningar- og markaðsstjóri Íslensku óperunnar, fékk skáldsöguna sem óperan er byggð á, Kamelíufrúna, að gjöf þegar hún var 18 ára og hefur haft mikið dálæti á óperunni allar götur síðan.

Hvaða fáránlega dýra hlut værirðu til í að eiga en munt líklega aldrei kaupa þér, sama hversu rík þú verður?
Kannski einhvern stóran demant. Hann væri auðvitað fagur og besti vinur minn samkvæmt spekinni, en algjörlega tilgangslaus.

Hvaða fjórar vefsíður heimsækirðu gjarnan?
www.opera.is (nema hvað), www.youtube.com, www.baggalutur.is og www.glitnir.is

Hvaða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur?

White Christmas.

Þú færð þér páfagauk. Í hvernig lit – hvað læturðu hann heita – og hvaða fimm orð kennirðu honum að segja?
Svona frostpinnalitaðan ástarfugl, Gauka í höfuðið á Gauka heitnum. Hann gæti sagt Ég elska þig, og Þökkum drottning.

Seint á kvöldin finnst mér gott að fá mér ...
... kornflex.

Að fara í óperuna getur verið ...
... allt nema leiðinlegt. Það getur

reyndar verið ömurlegt, en langoftast er það stórfenglegt.

Og að lokum – eftirlætisópera allra tíma og af hverju?
La Traviata – sem við erum einmitt að setja á fjalirnar í Íslensku óperunni í vor! Amma gaf mér skáldsöguna sem óperan er byggð á, Kamelíufrúna, þegar ég var átján ára. Síðan var ekki til baka snúið enda er þetta ein rómantískasta saga sem skrifuð hefur verið, við fegurstu tónlist í heimi. Muniði ekki þegar Julia Roberts pissaði næstum í buxurnar í Pretty woman?
juliam@frettabladid.is

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið



Sometime. Þetta verður pottþétt næsta stóra útflutningsvara Íslands!

Ofursnyrtivörur. Grámi vetrarins byrjaður og við þurfum allt „lip plump“ og „eye lift“ sem við mögulega getum.

Heimaiðnaður. Nú þegar alheimskreppan vofir yfir væri ekki ónýtt að kunna að elda, slátra og sauma eða jafnvel fara að rækta hænsni, eiga læri ef Bónus fer á hausinn.



Punglyndislampi. Það er innan við mánuður í stysta dag ársins og enginn snjór til að birta upp skammdeg-ið. Við þurfum melatónin!

Það er „Kauptu ekkert“-dagurinn í dag. Gefðu pyngjunni smáfrí áður en þú leggur í ofurkaup jólaanna.



■ Á niðurleið



Herra Ísland. „Velkomin á Herra Ísland árið 2001“ sagði allt sem segja þurfti um misheppnaða keppni. Ef þetta eru heitustu karlmennirnir á Íslandi má kvenfólkið fara að flytja til útlanda.

Dónaskapur. Við viljum að fólk segi „Góðan daginn, „Takk fyrir“ og „Gerðu svo vel“.

Að tönglast á sama orðinu. Hversu oft er hægt að segja orðið „kynferðisafbrotnamaður“ á korteri í Kastljósinu? Teljið!

Fjármálatál. Hundleiðinlegt að tala um tap og húsnæðismarkaðinn endalaust.



Glamúrparti með litáþema. Hversu mikið hlýtur þessu fólki að leiðast.

ego dekor

Sófar frá HOMEFEELING



Pink Dream tungusófi
Stærð: 360X150XTungubr:152
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 198.000,-



Austria tungusófi
Stærð: 333X200XTungubr:112
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 188.000,-



Move tungusófi og skemill
Stærð: 315X172XTungubr: Skemill: 115X70
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 218.000,-

Ný sending af eikarhúsgögnum



Zen leðurstóll
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu leðri
Verð: 16.500,-

Stækanlegt borðstofuborð
160(248)x100
Verð: 89.000,-



Sjónvarpsskenkur með ljósi – svart gler
Stærð: 200x50xH: 33(50)
Verð: 89.000,-



Sófaborð m/skúffu
Stærð: 130x70
Einnig fáanlegt í stærð: 90x90
Verð: 58.000,-



Romeo leðurtungusófi
Einnig fáanlegur í dökkbrúnu leðri
Stærð: 320x165
Verð: 235.000,-



Madrid leðurtungusófi
Stærð: 305x220
Verð: 249.000,-

Ferskir
grenikransar
mikið úrval

Jólastjarna
799
kr/stk

Sýpris - veisla
verð frá
299

50%
afsláttur



Kertastjaki 999
Fyrir 4 kertir eða teljós. ~~1.999~~
2713175



Jóla ljósa dagar
22. - 25. nóvember



blómaval

Frábært
verð
499



Aðventuljós
Rautt, hvítt og víður
5899631-33



Útisería hágæða, Starlight 4.999
20 ljósa
10233129

Útisería hágæða, Starlight 8.999
40 ljósa
10232901



Jólatré stál 1.899
~~2.999~~
2700059



Jólagata
2701809

2.399
~~4.899~~



Útisería
40 ljósa marglit
m/straumbreyti
5899242

999

Útisería
80 ljósa marglit
m/straumbreyti
5899264

1.399



Jólahreindýr 1.499
45 sm
2713155
~~1.999~~

Jólagjöfin í ár!

GISMO.IS

Stærsta og flottasta póker verslun á Íslandi.

verslaðu á netinu og fáðu vöruna senda heim eða komdu við í verslun okkar að Ármúla 38 annarri hæð.

- Pókersett
- Pókerborð
- Kennslubækur
- Kennslu dvd
- Aukahlutir
- Spil

Gismo.is - Ármúli 38
Sími: 5340300 - info@gismo.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Aflitun og brúnkusprautun

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR SPÁIR Í MISMUNANDI FEGURÐARMAT ÞJÓÐA



Ég var að hlusta á útvarpið í gær þar sem umræðuefnið var keppnin um titilinn Herra Ísland. Þar var húðlitur keppenda gerður að umtalsefni og sá sem varð fyrir svörum sagði að allir þeirra hefðu farið í brúnkusprautun enda væri ekki fallett að vera farðaður í framan með mjalla-hvítan skrokk. Þá styngi neðri partur musterisins í stúf við svarbrún-an háls og höfuð. Það vill enginn líta út eins og Chupa-sleikj með kóla-bragði á sviðinu á Broadway.

Mér finnst ekkert ljótara en að vera eins og appelsínubrúnt leður-sófasett í framan, nema ef ske kynni náttúrulegur undanrennilit-

ur flestra okkar Íslendinga. Þess vegna hef ég iðulega lagt hart að mér þegar ég er á sólarströnd og legið við sundlaugarbakkann dægrin löng í þeim tilgangi að hylja æðablámann með brúnku – þó án þess að ganga of langt. Síðasta tilraun mín átti sér stað í Goa á Indlandi. Í stað þess að skoða sögulega staði og kynnst menningu fylkisins skyldi ég koma til borgarinnar Bangalore eins og rjómasúkkulaði. Mér tókst þrýðilega upp að eigin mati. Daginn eftir að ég kom úr reisunni fór ég út í apótek. Þangað rigsaði ég inn eins og bronsgyðja og var þess fullviss að afgreiðslufólki myndi verða yfir sig hrifið af nýju útliti fastakunnans. En, nei. Sú fyrsta sem sá mig greip fyrir munn

ser og rak upp hálfkæft óp. Fórnaði höndum og hjóp inn á kaffistofuna til að ná í yfirmanneskjuna. Sú brást ekki betur við. Hún ramsaði út úr sér einhverjum vel völdum orðum á hindí og greip um axlirnar á mér. Loks róaðist hún og sagði með móðurlegri röddu: „Elskan mín, ekki örvænta – við getum lagað þetta!“ Hún gekk þungum skrefum að kommóðu, opnaði skúffu og tók upp úr henni túpu sem hún þrýsti í lófann á mér. „Þú þarft ekki að borga neitt,“ sagði hún með tárin í augnum og strauk mér um sólblúna kinnina. Aflitunarkreminu „Fair and lovely“ henti ég, en lét sólböðin eiga sig á Indlandi eftir þetta.

Það er ekki öll vitleysan eins!

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



STEVE CARELL

DAN IN REAL LIFE

Vinnngar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þetta eru kominn SMS klúbb, 99 krókeytið.

9 HVER VINNUR!

SENDU SMS JÁ DRF Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru Bíomíðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

FRUMSÝND 23. NÓVEMBER

SMÁRRÁ BIÓ REGNBÓGINN

Góður kisi á gott skilið

- Kisu nammi (harðfisktöflur)
- Kisu bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus



BÓNUS




PLEASE
PET NUTRITION



SANNKALLAÐ ÞARFAÞING Í DAGSINS ÖNN

Í bókinni ***Eldað í dagsins önn*** eru meira en hundrað fjölbreyttar uppskriftir að hollum og ljúffengum heimilisréttum sem auk þess eru einfaldir, fljótlegir og ódýrir. Næringarinnihald er reiknað út fyrir hvern rétt. Jafnframt er vísað á netslóð þar sem hægt er nálgast forrit til að stilla upp handhægum innkaupalistum fyrir uppskriftirnar.

Þessi bók er sannkallað þarfapung fyrir þá sem vilja borða næringaríkan og bragðgóðan mat en kæra sig ekki um að eyða of miklum tíma eða peningum í matreiðsluna.



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**ATH kl. 14**

Tónlistarskólinn í Reykjavík heldur tónleika í Norræna húsinu sem eru hluti af tónleikaröð sem hófst í vetur. Í dag talar Jóhannes Ágústsson um barokktónlist í Vinarborg. Bæði söngvarar og hljóðfæraleikarar flytja tónlist eftir Fuc, Conti, Bononcini og Caldara. Allir eru velkomnir á tónleikana og það kostar ekkert inn en því er lofað að þetta verði þyngsta rokkið í höfuðborginni þann daginn.

menning

menning@frettabladid.is

Lífræn form og endurvinnsla

Myndlistarmaðurinn Guðný Rósa Ingimarsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í sýningarsalnum Suðsuðvestur í Reykjanæsbæ í dag kl. 14.

Sýningin samanstendur fyrst og fremst af teikningum sem unnar eru með ólíkum aðferðum, ýmist á pappír eða beint á vegg sýningar-rýmisins. Undir myndræna hluta sýningarinnar kraumar jafnframt hljóðverk eftir Guðnýju Rósu, sem leggur sitt af mörkum til þess að skapa óáþreifanlegt andrúmsloft.

Líta má á sumar teikningar Guðnýjar sem endurvinnslu. Grunnur verkanna sem hún sýnir í Suðsuðvestur er gömul verk sem hún hefur unnið á árum áður, til að mynda á námsárum sínum. Tilraunir með handgerðan pappír frá árinu 1993 snúa aftur árið 2007 í nýju hlutverki, gamall notaður kalkpappír er nýttur, sem og gömul próf úr framhaldsskóla sem líkjast nú fremur hefðbundinni handavinnu. Teikningar



BLIND DATE Verk eftir Guðnýju Rósu Ingimarsdóttur.

Guðnýjar Rósu geta tekið sífelldum breytingum ílengist þær á vinnustofunni, því þar er engu hent. Með þessari endurvinnslu tekst Guðnýju að viðhalda vissum tón í verkum sínum, sem eru vissulega breytileg en hafa engu að síður sterk höfundareinkenni.

Verk hennar einkennast gjarnan af lífrænum formum sem þróast og stækka eins og af sjálfu sér og endurteknum mynstrum sem heilla áhorfandann.

Guðný Rósa hefur verið búsett í Belgíu frá árinu 1994 og tekið þátt í sýningum þar og víðar í Evrópu. Hún hefur þó talsvert sýnt í ýmsum sýningarrýmum hérlendis, til að mynda á Nýlistasafninu, en hún sýndi síðast hér heima í Skaftfelli í fyrra.

Suðsuðvestur er til húsa að Hafnargötu 22 í Reykjanæsbæ. Sýning Guðnýjar stendur yfir til 31. desember.

Frelsun Kristjáns

Kristján Ingimarsson hefur komið hingað með þrjár sýningar, telst mér til. Hann starfar í Danmörku og er þar viðurkenndur fyrir látbragðsleiki sína – ef það orð nær yfir leiki hans. Kristján er óhemju flinkur maður, feikilega fimur, hugmyndaríkur um beitingu, hann ræður ekki yfir víðu rófi andlitsbrigða en sannaði í Frelsararum aldeilis makalaus tók á huga sínum sem geislar missterkt gegnum andlitið með löngum hugsanarunum sem allar enduðu á hinu kunnuglega kalli: me.

Í kvöld sýnir Kristján ásamt þeim Camilla Marienhof og Bo Madvig þriðju sýninguna hér á landi af Frelsararum. Fyrri sýningararnar tvær voru vel sóttar: þau eiga í raun þá athygli skilið að slegist sé um miðana. Auk Kristjáns eiga aðrir landar hlut að verkinu, Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir, Rúnar Magnússon semur tónlistina, Aðal-

**LEIKLIST**

Neander sýnir í Reykjavík og Akureyri: **Frelsarinn eftir Kristján Ingimarsson**

★★★

Tæknilega flott en reikul sýning

steinn Stefánsson lýsir og Guðrún Þórsdóttir er aðstoðarleikstjóri.

Þetta er flott verk í útliti, það á meira undir dans en látbragðsleik og Íslenski dansflokkurinn ætti að munstra Kristján sem fyrst í sína þjónustu og láta hann semja verk fyrir flokkinn. Þetta er afburða hrein sýning í formi, en hana vantar fókus, erindið er óskýrt. Það er eins og æfing fyrir virtúósa, tæknisýning. Þá er miðjan þess Kristján og fyrir bragðið skapast ekki jafnvægi í snilldarlega framkvæmdum brögðum.

Kristján er mikill fengur hvaða starfi sem er og óskandi væri að hann ynni hér meira og kæmi hingað reglulega með sýningar sínar. Að þessu sinni nýtur hann tilstyrks aðila eins og Eimskips, Akureyrarbæjar og Saga Capital. Það er alltaf gaman að sjá hann þótt erindið væri dálítið óljóst að þessu sinni.

Páll Baldvin Baldvinsson



USS PORTER Á YTRI HÖFNINI Verk eftir Huldu Hákon.

Andstæður mætast

Sýningin „Kvikar myndir“ verður opnuð í Listasafni ASÍ í dag. Tilefni sýningarinnar er 90 ára afmæli Reykjavíkurhafnar og má því sjá á henni verk sem á einn eða annan hátt tengjast hafinu og höfninni.

unni varpa ekki síst ljósi á það hversu mikil áhrif Reykjavíkurhöfn hefur haft á mótun borgarmyndarinnar. Á meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ásgrímur Jónsson, Hanna Styrmissdóttir, Magnús Þór Jónsson, Nína Tryggvadóttir, Ólafur Eliasson og Jóhannes S. Kjarval.

„Elsta verkið á sýningunni er frá árinu 1900 og er eftir Þórarín B. Þorláksson. Yngstu verkin eru eftir Harald Jónsson og Ólöfu Björnsdóttur og eru frá því núna í haust. Verkin ná sem sagt yfir lengri tíma en þessi níutíu ár sem Reykjavíkurhöfn hefur starfað sem slík og þau vísa líka til framtíðar í formi tónlistarhússins sem mun rísa á hafnarbakkanum. Á sýningunni má því skoða allt í senn fortíð, nútíð og framtíð hafnar-svæðisins. Höfnin er í sífelldri endurskoðun og því er videigandi að nota þessi tímamót til þess að skoða hvað höfnin hefur staðið fyrir áður, hvað hún stendur fyrir í dag og hvert stefnir í framtíð hennar,“ segir Hulda.

Listasafn ASÍ er á Freyjugötu 41 og er opið alla daga nema mánu-daga frá 13-17. Aðgangur að sýningunni er ókeypis. Á morgun verður boðið upp á listamanna-spjall með myndlistarmanninum Huldu Hákon kl. 15.

vigdis@frettabladid.is



Brúðulistahátíð

í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg

Opið hús í dag 24. nóv. frá kl. 13.00 - 17.00.

Lifandi brúðuleiklist og sýning á leikbrúðum Jóns E. Guðmundssonar og fleiri íslenskra brúðulistamanna.

Dagskrá:

14.00 Tíu fingur Helgu Arnalds: Mjallhvít

16.00 Brúðuleikhús Helgu Steffensen: Númi á ferð og flugi

Aðgangur er ókeypis í boði Landsbankans.



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS



Landsbankinn

Götótt málverk reynist verðmætt

Málverk sem þykir varpa mikilvægu ljósi á evrópska listasögu bjó árum saman við þann ósöma að vera notað sem skotskífa í pílukasti og að vera að auki skorðið með hnífum. Þessa illu meðferð hlaut það þegar það hékk á vegg á upptökuheimili fyrir vandræðadrengr í Buckinghamskíri í Bretlandi.

Ástand málverksins var vægast sagt slæmt þegar það var flutt úr upptökuheimilinu á níunda áratugnum. Ekki tók þó mikið betra við þar sem því var stungið í opinberar geymslur á vegum yfirvalda þar sem það mátti dúsa afskipt í nokkur ár í viðbót. Þó fór svo að lokum að listfræðingur fann verkið og gerði sér strax grein fyrir verðmæti þess.

Verkið sýnir hús flæmska listmálarans Rubens eins og það leit út á sautjándu öld. Talið er að verkið hafi verið málað af Anton Günther Gheringh einhvern tíma á tímabilinu 1645 til 1675. Heimili Rubens er



HEIMILI RUBENS Svona lítur málverkið út eftir lagfæringar.

nú opinbert hollenskt safn og er málverkið því talið vera ómetanleg heimild um sögu hússins. Á málverkinu má til að mynda sjá að myndverk hefur skreytt framhlið hússins, en myndverkið er löngu afmáð og engar aðrar heimildir til um tilvist þess.

Lagt var í miklar viðgerðir til þess að reyna að bæta skaðann. Málverkið var í vikunni afhjúpað í National Gallery í London þar sem það mun hanga framvegis og þar með vonandi komast hjá frekari skemmdum af völdum hnífa og annarra beittra áhalda.



LITRIKT Málverk eftir Guðmundu Kristinsdóttur.

Vinnustofu-innlit

Hverja helgi fram til 16. desember stendur listhópurinn ART 11 fyrir sýningum á nýjustu verkum sínum. Sýningarnar fara fram í vinnuástöðu hópsins að Auðbrekku 4 í Kópavogi.

Tveir listamenn sýna verk sín hverja helgi. Nú um helgina má sjá verk eftir þær Guðmundu Kristinsdóttur og Þóru Friðriksdóttur.

Opið er í vinnustofunni á laugardögum og sunnudögum frá 13 til 17. Allir eru velkomnir. - vþ



FRÍÐUR FLOKKUR SÖNGVARA Sönghópurinn VoxFox.

VoxFox í Listasafni Íslands

Sönghópurinn VoxFox kemur fram ásamt hörpuleikaranum Moniku Abendroth í Listasafni Íslands annað kvöld kl. 18. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt en heildarsvipur hennar er hugljúfur. Meðal annars verður frumflutt nýtt verk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, en hann er meðlimur í hópnum.

VoxFox er sex manna sönghópur skipaður þeim Þórdísi Sævarsdóttur, Vigdísi Garðarsdóttur, Lilju Dögg Gunnarsdóttur, Gunnari Thorarensen, Hreiðari Inga Þorsteinssyni og Sverri Erni Hlööverssyni. Hópurinn hefur sérhæft sig í flutningi sunginnar tónlistar án undirleiks.

Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur en 1.000 fyrir börn og eldri borgara. Miðasala fer fram við innganginn. - vþ

Upplestur barnabóka

Þrjú barnabókahöfundar lesa úr nýútkomnum bókum sínum í



Bókasafni Kópavogs á morgun kl. 14. Höfundarnir eru þau Jónína Leósdóttir sem les úr unglingsbók sinni Kossar og ólífur, Þórarinn Eldjárn sem les úr bókinni Gælur, fælur og þvælur sem

hann vann með systur sinni Sigrúnu Eldjárn og Þórarinn Leifsson sem les úr hrollvekju sinni, Leyndarmálið hans pabba.

Boðið verður upp á kaffi og smákökur meðan á lestrinum stendur. - vþ

Fagottið fær að njóta sín

Aðrir tónleikar vetrarins í TKTK, Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs, verða haldnir í Salnum, Hamraborg 6, í dag kl. 13. Á tónleikunum verða flutt fjögur verk fyrir fagott og strengi. Flytjendur á tónleikunum eru þau Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Margrét Kristjánsdóttir fiðluleikari, Guðrún Þórarinsdóttir víóluleikari, Pawel Panasiuk sellóleikari, Þórir Jóhannsson kontrabassaleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari.

Í hefðbundnum skilningi er fagottið meðleikshljóðfæri sem er mest notað í kammarmúsík og í hljómsveit. Það var ekki fyrr en á 20. öld sem þetta viðhorf tók að breytast og tónskáld fóru að skrifa

fyrir fagott og fleiri hljóðfæri sem einleikshljóðfæri. Undantekning frá þeirri reglu er þó sú að til eru tæplega 40 konsertar fyrir fagott eftir feneyska barokktónskáldið Antonio Vivaldi.

Á tónleikunum verður leikinn Konsert nr. 27 í Es-dúr eftir Antonio Vivaldi, Tales from a Forlorn Fortress eftir Lárus H. Grímsson, Ágústsonnetta eftir Pál Pampichler Pálsson, og að lokum Divertissement frá árinu 1942 eftir Frakkann Jean Francaix, en það verk er meðal þeirra skemmtilegustu sem skrifuð hafa verið fyrir fagott í einleikshlutverki.

Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs var hleypt af stokkunum af Kópavogsbæ haustið 2000 og hefur reynst dýrmætt




TKTK VIÐ ÆFINGAR Kennarahópurinn sem leikur á tónleikunum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

tæki til símenntunar. Sex tónleikar eru áformaðir í TKTK-röðinni árlega. Tónleikarnir eru öllum

opnir og eru klukkustundarlangir án hlés. Miðaverð er 1.500 krónur. - vþ

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON



Einstaklega glæsileg þreföld ferilsplata eins dádasta söngvara Íslands, fyrr og síðar!

PLATA 1

- 1 SÖKNUÐUR
- 2 ÉG FER Í NÓTT
- 3 EINI ÞÉR ANN ÉG
- 4 RAMÓNA
- 5 HLUSTIÐ Á MIG
- 6 FROSTRÓSIR
- 7 ANGELÍA
- 8 EINBÚINN
- 9 ÉG LABBAÐI Í BÆINN
- 10 LITLA SÆTA LJÚFAN GÓÐA
- 11 ÁRIÐ 2012
- 12 EINHVERNTÍMAN
- 13 FÁTT ER SVO MEÐ ÖLLU ILLT
- 14 VIÐ EIGUM SAMLEIÐ
- 15 EINU SINNI VAR
- 16 ÍSLENZKT ÁSTARLJÓÐ
- 17 ÞÚ ÁTT MIG EIN
- 18 LITLA FLUGAN
- 19 HEIMKOMA



PLATA 2

- 1 LJÚFA LÍF
- 2 KVEÐJA ÚTLAGANS
- 3 SJÓMANNAVISA
- 4 ÁSTARSORG
- 5 Í GRÆNUM MÓ
- 6 VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA
- 7 ÞÓRÐUR SJÓARI
- 8 HALLÓ
- 9 EINSHLJÓÐFÆRISSINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN
- 10 BÍÐDU PABBI
- 11 MANNI
- 12 JAMAICA
- 13 SVEFNLIÐ
- 14 VOR Í VAGLASKÓGI (Kvöldið er okkar)
- 15 GLUGGINN HENNAR KÖTU
- 16 DANS GLEÐINNAR
- 17 LITLI TÓNLISTARMADURINN
- 18 ÞAÐ ER BARA ÞÚ



PLATA 3

- 1 BLIKANDI HAF
- 2 LÍTILL DRENGUR
- 3 ALPARÓS
- 4 LÍTILL FUGL
- 5 DRAUMUR FANGANS
- 6 MYNDIN AF ÞÉR
- 7 LANGT, LANGT ÚT Í HEIM
- 8 ÞAÐ ER SVO SKRÝTTIÐ
- 9 RAUNASAGA
- 10 ÉG HVÍSLA ÞITT NAFN
- 11 DAGNÝ
- 12 S.O.S ÁST Í NEYÐ
- 13 HÚN HRING MINN BER
- 14 HRAFNINN
- 15 ÞÚ ERT VAGGA MÍN, HAF
- 16 HVERS VEGNA
- 17 SUMARAUKI
- 18 Í RÚMI OG TÍMA
- 19 BERGMÁL HINS LIÐNA



sena

okkar heimur // þín skemmtun



Hafrót

í kvöld

Fjölbreyttur sérrettaseðill og tilbodsmatsæðill á leikfúskeyöldum

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vестurport

22. nóvember - uppselt
23. nóvember - uppselt
30. nóvember - uppselt
1. desember - uppselt
7. desember - uppselt
8. desember - uppselt

Míðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is




DIDDÚ

BJARNI THOR

ÁGÚST

SIGRÍÐUR

ÓPERUPERLUR

Í KVÖLD, 24. NÓVEMBER, KL. 20

WWW.OPERA.IS
MÍÐASALA 511 4200



ÍSLENSKA ÓPERAN

Enn bætist við timarit.is

Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn hefur undanfarin ár unnið að því að koma öllum íslenskum tímaritum og dagblöðum frá upphafi útgáfu til ársins 2000 á stafrænt form og birta þau á vefnum timarit.is.

Öll tímarit fram til 1920 eru á vefnum og auk þess Dagur, Lögberg-Heimskringla og Morgunblaðið frá upphafi til 2000. Nú er unnið við Þjóðviljann og DV og bætist daglega við efni þeirra. Er sú vinna unnin með tilstyrk útgefandans. Ýmis önnur rit má einnig finna á vefnum; íslensk, færeysk og grænensk. Stefnt er að því að öll dagblöð sem gefin voru út á síðustu öld til landsdreifingar verði aðgengileg á timarit.is síðla árs 2009. Auk þess efnis sem þegar er getið bætast öðru hvoru við rit þegar útgefandi/eigandi semur sérstaklega við Landsbókasafn um stafræna endurgerð ritsins.

Útgáfufyrirtækið Heimur hf. hefur samið við Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn um að vinna stafrænar myndir af öllum



BÓKMENNING Benedikt Jóhannesson, útgefandi og framkvæmdastjóri Heims, og Ingibjörg Steinunn Sværisdóttir landsbókavörður við undirskrift samningsins.

MYND/LANDSBÓKASAFN

tölublöðum Frjálsar verslunar og Vísbendingar samtals um 37.500 blaðsíður, frá upphafi útgáfu ritanna til þess tíma að PDF-útgáfur eru tiltækar. Útgáfufélagið Heimur hf. greiðir Landsbókasafni fyrir gerð stafrænu myndanna en Landsbókasafn mun miðla ritunum endurgjaldslaust til almennings um vefinn timarit.is.

Í framtíðinni munu fyrirbyggjandi eintök Frjálsrar verslunar og

Vísbendingar á PDF-formi og þau eintök sem framvegis verða gefin út verða afhent Landsbókasafni til miðlunar og mun Landsbókasafn ábyrgjast framtíðarvarðveislu stafræna efnisins.

Það er Landsbókasafni mikill akkur að fá Frjálsa verslun og Vísbendingu til viðbótar þeim 247 ritum með um 1.150.000 bls. sem nú eru aðgengileg um vefinn timarit.is.

- pbb



LAUGARDAGUR 24. NÓV KL. 13
TKTK: FAGOTT Í FORGRUNNI
KRISTÍN M. JAKOBSDÓTTIR O.FL.
Miðaverð 1500/500 kr.

LAUGARDAGUR 1. DES KL. 17
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
AUÐUR GUNNARSDÓTTIR,
BERGÞÓR PÁLSSON OG
JÓNAS INGIMUNDARSON.
SÖNGLÖG EFTIR
JÓN ÁSGEIRSSON.
Miðaverð 2000/1600 kr.

GEFÐU UPPLIFUN !
NÝ OG FALLEG GJAFAKORT
OG MARGIR FRÁBÆRIR
TÓNLEIKAR Í BOÐI !

ADALSTYRKARADILI SALARINS SPARISÖÐURINN
SÍMI 5 700 400 • WWW.SALURINN.IS

Fagfélag norðlenskra myndlistarmanna

Kynningarfundur vegna stofnunar fagfélags myndlistarmanna á Norðurlandi verður haldinn í Deigluinni í Listagili á Akureyri í dag kl. 17.

Á fundinum verða kynntar hugmyndir að félaginu og valin verður undirbúningsnefnd sem stendur að stofnun þess. Enn fremur verða rædd málefni á borð við eflingu myndlistar og menningar á Norðurlandi og sameiginleg reynsla og hagsmunamál myndlistarmanna á þessu landsvæði.



AKUREYRI í bænum er öflugt menningarlíf.

Allt myndlistarfólk er boðið velkomið á fundinn.

- vþ

GERÐUBERG



24. nóvember - 13. janúar

Sigrún Eldjárn

Allt í plati!

Ritþing og sýning
Stjórnandi þings: Sigrúður Gunnarsdóttir
Spyrlar: Aðalsteinn Ásberg og Margrét Tryggvadóttir

25. nóvember

Dagur hljóðfærins

Fiðlan ræður ríkjum!

Landslið fiðluleikara býður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna!
Í samstarfi við Félag íslenskra tónlistarmanna



6. desember - 13. janúar

Í Kaffi Bergi

18

Einn og átta

Sunna Emanúelsdóttir sýnir handgerða jólasveina og skóthjúin Grýlu og Leppalúða

6. desember kl. 20

Dimmalimm

Íslensku myndskreytverðlaunin 2007 í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda, Myndstef og Pennann
Hljómsveitin Tepokarnir leikur fyrir gesti



17. nóvember - 13. janúar

Í Boganum

Málverkasýning Togga

Sýning á landslagsmálverkum Þorgríms Kristmundssonar, alþýðulistamanns

24. nóvember - 13. janúar

Þetta vilja börnin sjá!

Myndskreytingar úr barnabókum ársins Boðið er upp á leiðsögn fyrir 8 ára skólabörn í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur



Gerðuberg • www.gerduberg.is • sími 575 7700

Vináttulandsleikur í gítarleik ...

ÍSLAND - NÝFUNDNALAND OG LABRADOR

BJÖRN THORODDSEN OG DUANE ANDREWS

leiða saman hesta sína



Domo

Þingholtsstræti 5
Reykjavík

Sunnudagur
25. nóvember
KL. 21:00

Aðgangseyrir 1000 kr

ásamt Brad Power
og Jóni Rafnssyni

Vinsæl tónlist



Einar Ágúst
– Það er ekkert víst að það klikki
Árítar og spilar á Akureyri
kl. 15:00 á laugardaginn



Luxor
Áríta og spila í Kringlunni kl. 13:00 á
laugardaginn og kl. 15:00 á sunnudaginn.
Smáralind kl. 15:00 á laugardaginn og
kl. 14:00 á sunnudaginn



Páll Óskar
– Allt fyrir ástina
Árítar og spilar í Smáralind kl. 14:00
á laugardaginn og í Kringlunni kl.
16:00 á laugardaginn




Guðrún og Friðrik
– Ég skemmti mér um jólin
Áríta og syngja í Smáralind
kl. 13:00 á sunnudaginn og
í Kringlunni kl. 14:00 á sunnudaginn



Magni
Árítar og spilar í Smáralind kl. 13:00
á laugardaginn og í Kringlunni kl. 15:00
á laugardaginn



Sígga Beinteins
– Til eru fræ
Árítar og spilar í Kringlunni kl. 14:00
á laugardaginn. Smáralind kl. 16:00 á
laugardaginn og kl. 16:00 á sunnudaginn



Birgitta
– Ein
Árítar og spilar í Smáralind
kl. 15:00 á sunnudaginn



Skoppa og Skrítrla
Áríta og syngja í Kringlunni
kl. 16:00 á sunnudaginn

Úrval af nýrri íslenskri tónlist



Hjálmar
– Ferðasót



Ellen Kristjáns
– Einhversstaðar einhverntímann aftur



100 Íslensk barnalög



Laddi
– Jóla hvað?



Ragga Bjarna – Gleðileg jól
Ragnar syngur ný jólalög í útsetningu Gunnars Þórðarsonar

Gildir til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

> TAKTU ÞETTA MED Á LISTAOPNUNINA...

Hefurðu ekki lent í því að standa með hvítvín í hönd og hafa ekki hugmynd um hvað þú átt að segja um nýjustu verk Gjörníngaklúbbsins? Nú fæst þetta snilldarsprey í Kisunni. Nokkur þúst upp í munninn og þú bæðir felur vínandardráttinn og munt skilja allt sem þarf að skilja. „Understand Modern Art Breath Spray“ fæst í Kisunni, Laugavegi.



stíll
utlit@frettabladid.is



... seðlaveski frá Soniu Rykiel. Eyddu síðustu krónunum í það. Fæst í Kisunni, Laugavegi.

... hnésokka frá Gaspard Yurkivich. Dásamlega töff. Fást í KronKron.

OKKUR LANGAR Í ...

... kuldaskó eftir Marc by Marc Jacobs. Svalasta skótáur vetrarins. Fást í KronKron, Laugavegi.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Baugar eru töff

Þegar ég keyrði litla dóttur mína í skólann, örþreytt með blautt hárið sagði hún varfærnislega: „Mamma, mér finnst þú eigir að skreppa heim og mála á þér augun og þurrka hárið áður en þú ferð í vinnuna. Þú ert nú dálítið syfjuleg svona.“ Sorglegt að geta ekki verið eins og gyðja svona beint út úr sturtunni en fínt að hafa lítinn stíllista til að leiðbeina sér. Baugar eru svona persónulegt hugðarefni hjá mér þar sem ég erfði fjölskyldubaugana og lít því alltaf út fyrir að vera dauðþreytt, sama hvaða fjárans augnkrem ég nota. Bróðir minn er mjög ósammála og minnir mig á að „baugar eru töff“. Skrifandi um bauga þá varð mér hugsað um fyrsta súpermódelið. Sú hét Elizabeth, kölluð Lizzie, Siddal. Lizzie þessi var ekki uppi á tímum glanskvænna eins og Gisele Bundchen. Hún lifði um miðbik nítjándu aldar og var uppáhaldsfyrirsæta ensku málaraanna sem kölluðust hreyfing Pre-Raphaelita – þið vitið, Rosetti, Millais, Blake „et al“. Eitt frægasta málverk síðari alda er einmitt af Lizzie Siddal eftir Millais, þar sem hún er í hlutverki hinnar tragísku Ófelíu. Hún flýtur unaðsfögur en að drukkna í stöðuvatni fylltu af táknaðum blómum, dauðahvít andlitið rammað inn af eldrauðu síðu hári sem flæðir á eftir henni eins og skarlatsrauð slæða. Lizzie var líka músa og viðhald Dante Gabriel Rossettis (listamenn virðast nú alltaf vera mikið fyrir það). Hún átti frekar dapurlega ævi en þótti gífurlega falleg. Hún var afskaplega grön, föl, með hræðilega bauga og leit reyndar út eins og hún væri um það bil að deyja úr berkum eða einhverju þaðan af verra. Reyndar mætti segja að Lizzie þessi hefði verið svona fyrsta töff rokkaralega gellan og fyrirrennari þess lúcks sem dúkkaði upp í lok síðasta áratugar sem Vogue kallaði „heroin chic“. Kannski að „Opium chic“ væri meira nærri lagi. Þeir sem hafa áhuga á ævi og ástum Lizzie Sidall geta svo lesið mjög áhugaverða bók sem heitir „Lizzie Siddal – The Tragedy of a Pre-Raphaelite Supermodel“ eftir Lucindu Hawksley og fæst á Amazon.com



FJALAKÖTTURINN

Hedda Gabler
eftir Henrik Ibsen

SÝNT Í TJARNARBIÓI

Fimmtud.	22.nóv	Örfá sæti laus
Föstud.	23.nóv	Örfá sæti laus
Laugard.	24.nóv	Örfá sæti laus
Fimmtud.	29.nóv	
Föstud.	30.nóv	
Laugard.	1.des	
Fimmtud.	6.des	
Föstud.	7.des	
Laugard.	8.des	

SÝNINGAR HEFJAST KL. 20:00

Miðasalan er opin alla daga frá kl. 17:00-20:00
Sími miðasölu er 551 2477
Einnig bendum við á að miðar eru seldir á www.midi.is



GALLAJAKKI Blár jakki með stórum öxlum við bikíni hjá Chanel.



GLANSANDI Axlir í Star Trek-stíl hjá Martin Margiela við svartar leggings.



GEGNSÆTT SIFFON Fallegur brúnn kjóll frá Chanel.

NÝR FÓKUS Á AXLIR:

Áberandi herðar á tískupöllum í París

Sjaldan hafa herðar verið stærri eða meira áberandi í tískunni en núna á sýningum fyrir vor og sumar 2008 í París. Ekki var þó lítið til fortíðar eins og til dæmis nýfunda áratugarins heldur fremur til framtíðar, því sniðin hjá hönnuðum eins og Margiela og Alexander McQueen minntu meira á einhvers konar geimaldarbúninga. Lagerfeld fyrir Chanel notaði stundum herðapúða á annarri öxl og skildi hina eftir nakta, og Yves Saint Laurent minnti þó dálítið á tísku stríðsáranna þegar herðar voru stífar og mitti þröng. Axlir eru sumsé nýja erótíska svæði tískuhönnuða næsta árið og um leið eru breiðar axlir ákveðin leið til að sýna nýjan styrk konunnar.

- amb

NÝTT PÖNK? Axlabreiður bolur með gotnesku prenti hjá Martin Margiela.



SUMARLEGT Fallegar axlir í hvítu frá Yves Saint Laurent.



ELEGANT fallega sniðin kápa eftir Alexander McQueen fyrir Dior.



TÖFFARALEGT blýantsgrár toppur við stutt píls og stígvél hjá Martin Margiela.



Sett
1.890,-



Sokkar 3 í pakka
990,-



Sett
2.590,-



Útigalli
3.690,-



Húfa og lúffur
1.390,-

Bolur
890,-



Bolur
790,-

fyrstu jólin mín

next

Kringlunni • 551 3200

> ALLIR EINS

„Hver sem er gæti verið í El True Hollywood Story. Hver sem er. Allir eiga sínar sorgir og harmleiki og erfiðleika og kvöld sem þeir skammast sín fyrir. Nema maður sé dýrlingur,“ segir leikkonan Natalie Portman í nýju viðtali við Teen Vogue.



fólk
folk@frettabladid.is

Ríkir eru snobbaðir og nískir

Heather Mills, sem stendur í harðvítugri forræðisdeilu við Sir Paul McCartney, segir að ríkasta fólk heimsins sé bæði snobbað og algjörir nískupúkar.

Þetta sagði Mills, sem sjálf fer fram á hundruð milljóna króna fyrir skilnað sinn við McCartney, í ræðu sinni í Trinity-háskóla í Dublin. „Því miður þarftu að umgangast ákveðnar manngerðir til að safna þeim peningum sem þú þarft til góðgerðarmála,“ sagði Mills. „Þetta fólk er mjög snobbað. Þeir sem eiga mikinn pening eru annaðhvort snobbaðir eða nískir. Þegar þú átt mikinn pening verður þú að vera nískur, því hvers vegna þarftu annars á öllum þessum pening að halda?“

Mills líkti sjálfri sér einnig við

mannréttindafrömuði sögunnar sem hafa verið harðlega gagnrýndir fyrir baráttu sína. „Ef þú lítur á allar þær manneskjur í sögunni sem hafa reynt að breyta hlutum þá var lengi vel illa komið fram við þær af stjórnmöldum og fjölmiðlum,“ sagði hún.

Eigur Pauls McCartney eru metnar á tæplega hundrað milljarða króna. Samkvæmt breskum fjölmiðlum hefur hann boðið Mills um þrjá milljarða vegna skilnaðarins en hún vill tvöfalda þá upphæð.



HEATHER MILLS Mills segir að ríka fólk sé annaðhvort snobbað eða nískt.

Sendu fólk heim í önnur föt

Útgáfufyrirtækið Sena stóð fyrir mikilli veislu á Apótekinu á laugardag þar sem um 500 manns mættu til að taka þátt í gleðinni. Gestum var fyrirfram gert skylt að mæta í rauðum, svörtum og hvítum fötum en margir virtust hafa gleymt því og var þeim gert að fara heim og skipta um föt af þeim sökum. Flestir komu þó aftur í nýjum fötum í réttum litum. Meðal þeirra voru knattspyrnukappinn Tryggvi Guðmundsson, Andrea Jónsdóttir á Rás 2 og Jónsi úr Í svörtum fötum sem mætti aftur á svæðið með rautt og glæsilegt bindi.

Aðrir gestir voru með sitt á hreinu og greinilegt að margir höfðu kafað djúpt í fataskápinn. Rauð nærföt, hattar, stafir, buxur og hárskraut var meðal þess sem fólk gróf upp í þeim tilgangi að uppfylla fyrrgreindar kröfur um klæðnað. Logi Bergmann Eidsón

stóð fyrir sínu og það gerðu líka Gillzenegger, Andrea Róbertsdóttir, Unnur Birna Vilhjálmisdóttir og Ásgeir Kolbeinsson. Björgvin Halldórsson var líka mættur en hann eyddi töluverðum tíma í að sannfæra dyraverðina um að litaval hans stæðist inntökuskilyrði.



BLÓMARÓSIR Þær Telma og Svanhildur skemmtu sér konunglega í veislunni.



FLOTTIR Í TAUINU Hárgreiðslumennirnir Einar Guðnason á Zoo og Böðvar Þór Eggertsson, eða Böddi á Jóa og félögum, klikkuðu ekki á fatavalinu. Hvítt, svart og rautt í glösum.

Baltasar og Grímur í eina sæng

Kvikmyndafyrirtæki Baltasars Kormáks, Sögn, hyggst framleiða fyrstu kvikmynd Eddu-verðlaunahafans Gríms Hákonarsonar í fullri lengd. Miðlamynd, segir Grímur í samtali við Fréttablaðið.



BJARTASTA VONIN Grímur hefur fengið mikið lof fyrir stuttmyndir sínar, Slavek the Shit og Bræðrabylta, en hér er verið að leikstýra þeirri síðarnefndu.

„Hún heitir Sumarlandið og er eftir handritinu mínu,“ segir Grímur en þetta verður gamanmynd um fjölskyldu sem hyggst markaðsetja spíritisma í þjóðfélagi þar sem allt er falt fyrir fé, eiginlega um andatrú í ríki mammons. „Ég hef aðeins verið að kynna mér þetta og hef farið á fundi með Magnúsi Skarphéðinssyni,“ útskýrir Grímur en mikið af því sem kemur fyrir í myndinni er byggt á sannsögulegum atburðum. Spurður hvort hann hafi einhvern tímann farið á miðilsfund svarar Grímur að einu sinni hefði miðill spáð því að hann ætti eftir að fá símhringingu frá Mexíkó þar sem honum yrði boðið gull og grænir skógar. „Ég er reyndar enn að bíða,“ segir Grímur sem var staddur í Barcelona þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Leikstjórnin er af mörgum talinn vera bjartasta vonin í íslenskrum kvikmyndagerð um þessar mundir. Hann fékk

FRAMLEIÐANDI Baltasar Kormákur hyggst framleiða myndina sem verður fyrsta kvikmynd Gríms í fullri lengd.



freyrgigja@frettabladid.is

OPNUM Í DAG KL. 17 00



Erna Flygenring og Pétur Þór Gunnarsson

Gallerí
BORG
Skiopholti 35, 105 Reykjavík

Hörð átök um Gyllta áttavítann

New Line Cinema hefur kært fyrirtækið Koch Entertainment fyrir brot á höfundarrétti vegna gerðar heimildar myndarinnar Beyond the Golden Compass: The Magic of Philip Pullman, eða Handan Gyllta áttavítans: töfrar Philip Pullman. Heimildar myndin kom út á DVD-diskum 19. nóvember síðastliðinn, en stórmyndin The Golden Compass, eftir sögu Philip Pullman um stúlkuna Lýru verður frumsýnd fyrir jólin.

New Line Cinema heldur því fram að Koch Entertainment sé að reyna að hagnast á þeirri umfjöllun og auglýsingum sem eru eðlilegir fylgifiskar frumsýningar jólamyndarinnar. Koch Entertainment hefur viðurkennt að hafa miðað útgáfudag sinn við útgáfu myndarinnar. Þar að auki vill New Line Cinema meina að umslagi DVD-diska með heimildar myndinni svipi óþægilega mikið til auglýsingaveggspjalda fyrir The



HAGNAST Á LÝRU New Line Cinema hefur kært Koch Entertainment fyrir brot á höfundarrétti. Hér má sjá Nicole Kidman og Dakota Blue Richards í hlutverkum sínum í Gyllta áttavítanum.

Golden Compass. Á báðum gefur að líta ísbjörn og áttavita, en auk þess skarta veggspjöldin Nicole Kidman og David Craig.

Koch Entertainment hefur vísað ásökunum um brot á höfundarrétti á bug. Báðir aðilar komu fyrir rétt í New York síðastliðinn mánudag, en enn hefur ekki verið úrskurðað í málinu.

SETT ER MEÐ VÖNDUÐ HÚSGÖGN FYRIR JÓLIN

SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORDSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA

BJÓÐUM
MIKIÐ ÚRVAL AF
TUNGUSÓFUM
Á HAGSTÆÐU
VERÐI

CALIA ITALIA SÓFARNIR ERU
HÁGÆÐA FRAMLÆÐSLA OG HÖNNUN FRÁ ÍTALÍU



89.900.-
Borð + 6 leðurklæddir stólar

TRYGGÐU
PÉR GLÆSILEGT
BORDSTOFUSETT
FRÁ SVÍÐPJÓÐ Á
SANNKÖLLUÐU
SPRENGI-
TILBOÐI

Lukas borðstofuset (Borð 180 x 95 sm + 6 leðurklæddir stólar)
Mjög vandað borðstofuset frá Svíþjóð úr gegnheilli hnotu
Verð aðeins 89.900.- (verð áður 177.300.-)

Calia Italia tungusófi (Stærð: 274 x 150 sm)
Fæst með hvítu eða svörtu leðri. Hægt að velja hvoru megin tungan er
Verð kr. 229.900.-



Calia Italia Premium hvíldarsófi (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
Verð kr. 179.900.-



Fakta tungusvefnsófi (Stærð: 237 x 160 sm)
Hægt að velja hvoru megin tungan er. Fæst einnig sem hornsófi
Verð kr. 109.900.-



Bali hornsófi (Stærð 250 x 210 sm)
Fæst með ljósu eða dökku áklæði
Verð kr. 129.900.-

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS

OPNUNARTÍMI: MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 - 16:00 • SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

Nýtt í bíó **LAUGARÁS BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

RENDITION
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðum!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

RENDITION	kl. 5.30, 8 og 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 4, 7 og 10	16
MR. WOODCOCK	kl. 2, 4, 6 og 8	L
ROGUE ASSASSIN	kl. 10	16
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 2 og 3.50 - 600 kr.	L
HÁKARLABEITA	kl. 2	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midla.is

Frægir flýja plötufyrirtæki

Tónlistarmennirnir Mugison, Eivör Pálsdóttir, Sigga Beinteins og Guðmundur Jónsson hafa öll sagt skilið við útgáfufyrirtæki sín og ákveðið að halda sjálf utan um sín mál.



EIVÖR PÁLSDÓTTIR Hin færeyska Eivör gefur nýjstu plötuna sína, Mannabarn, út en.

Eiður Arnarson, útgáfustjóri Senu, segir að auðveldara sé að gefa út núna en fyrir fimmtán til tuttugu árum. „Bara breytingin úr vínplötu í geislaplötu er töluvert mikil. Geislaplatan er miklu vörðanlegra form og netútgáfan gerir þetta einnig kleift,“ segir Eiður, sem hafði Siggu Beinteins og Guðmund Jónsson á sínum snærum. Síðasta sólóplata Siggu var gefin út hjá Senu eins og fyrsta sólóplata Guðmundar, sem gaf síðan næstu tvær út sjálfur.

Eiður vill þó ekki meina að listamenn séu í auknum mæli farnir að gefa út sjálfir. „Það hefur verið mikið um þetta í töluvert langan tíma og að þetta sé að aukast held ég að sé ekki rétt enda hefur umfang útgáfunnar okkar verið svipað frá ári til árs.“



LÁRUS JÓHANNESSON Lárus sér eftir gullkálfunum Eivöru og Mugison.

Útgáfufyrirtæki nauðsynleg

Þrátt fyrir að auðveldara sé að gefa út sjálfur en fyrr á árum telur Eiður að útgáfufyrirtæki séu síður en svo dauð úr öllum æðum. „Menn geta ekki litið á listamenn eins og Mugison, Madonna eða Radiohead. Þarna erum við að tala um listamenn sem eru mjög þekktir. Þekktur listamaður getur mögulega gert þetta með mikilli kænsku, skipulagi og góðri vinnu. En nýr listamaður er í sömu sporum og fyrir tuttugu, þrjátíu eða fjórutíu árum. Hann þarf á þeim stuðningi að halda sem útgáfufyrirtæki veitir.“

Lárus Jóhannesson segir að vinna með listamönnum og treysta þeim algjörlega.

Skrefinu á undan

12 Tónar gaf út fyrstu plötur Mugison og Eivöru og var Eivör meira að segja fyrsti listamaðurinn sem 12 Tónar sömdu við.

Lárus viðurkennir að það hafi verið slæmt að missa þessa færni listamenn úr þeirra herbúðum en

HLUTI FLYTJENDA SEM GEFA ÚT SJÁLFIR

- Eivör Pálsdóttir
- Mugison
- Sigríður Beinteinsdóttir
- Guðmundur Jónsson
- Einar Ágúst Víðisson
- Páll Óskar Hjálmtýsson
- Raggi Bjarna
- Védis Hervör
- Einar Scheving
- South River Band

það komi alltaf eitthvað annað í staðinn. „Við erum ekkert að velta okkur upp úr því. Við getum samt verið stoltir af því að við vorum fyrstir til að „spotta“ þessa listamenn. Þeir eru með bestu listamönnum þjóðarinnar og þetta sýnir að við erum alltaf skrefinu á undan,“ segir Lárus.

Hann bætir því við að skilnaðurinn við Eivör hafi verið á góðu nótnum. „Það má segja að hún sé að fara í sína átt og við í okkar átt. Við erum ekki rétti samstarfsaðilinn þegar kemur að svona tónlist eins og hún er að gera núna.“

Misskilningur varðandi Mugison

Lárus vill jafnframt leiðrétta misskilning sem hefur verið upp um viðskilnað Mugison við 12 Tóna. „Við komum upp á svipuðum tíma og nutum allir góðs af því samstarfi. Það hefur alltaf legið fyrir að Mugison er listamaður sem vill halda flestum þráðum í sinni hendi,“ segir Lárus. „Hann hefur komið fram og sagt að útgáfufyrirtæki séu búnin að vera og nefnt dæmi um að hann hafi gefið út plötur og selt í tugum þúsunda eintaka en ekki fengið neinn pening. Hann nefnir dæmi með Lonely Mountain. Hann fékk hundrað þúsund fyrir fullt af seldum eintökum hjá erlendum útfénda sínum en það hefur ekkert með okkur að gera. Við dreifðum þessari plötu fyrir hann og seldum hana mjög vel. Hann fékk finan pening fyrir hana frá okkur. Mugimama og Little Trip seldust líka mjög vel og menn fengu mikinn pening út úr því. Hann er að gagnrýna þessa stóru aðila en ekki þessa litlu. Það er ágætt að það komi fram.“ frey@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

LÚXUS **DAN IN REAL LIFE** DAN Í RAUN OG VERU

Stórkemmtileg rómantísk gamanmynd

WEDDING DAZE BRÚKAUPTSÍLUN

ÁSTARSORG

LIÓN FYRIR LÖMB

SÍÐUSTU SÝNINGAR

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

DAN IN REAL LIFE	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	DAN IN REAL LIFE	kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15
DAN IN REAL LIFE LÚXUS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNA	kl. 5.20 - 8 - 10.40
WEDDING DAZE	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	LIONS FOR LAMBS	kl. 3-6-8-10
BALLS OF FURY	kl. 2-4-6-8	THIS IS ENGLAND	kl. 3-6-8-10
ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR.	kl. 2-4-6		
THE HEARTBREAK KID	kl. 8-10.30		
DARK IS RISING	kl. 1.30		
LIÓN FYRIR LÖMB	kl. 10		

www.SAMBIO.is 4575 8900 midla.is

BEOWULF

AMERICAN GANGSTER

FORELDRAR

JESSE JAMES

BEOWULF	kl. 12:30 - 3 - 5:30-8-10:30	BEOWULF	kl. 3-5:30-8-10:30
AMERICAN GANGSTER	kl. 5 - 8 - 11	MR. WOODCOCK	kl. 8 - 10
AMERICAN GANGSTER	kl. 2 - 5 - 8 - 11	BALLS OF FURY	kl. 6
JESSE JAMES	kl. 8 - 11	ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 1.30
30 DAYS OF NIGHT	kl. 8 - 10:30	ÞRÓTTAHEITJAN	kl. 2
MICHAEL CLAYTON	kl. 8 - 10:30	RATATOUILLE	kl. 2.00
ÞRÓTTAHEITJAN	kl. 1 - 3 - 5:30	BEOWULF	kl. 4-6-8-10-10
STARDUST	kl. 12:30 - 3 - 5:30	AMERICAN GANGSTER	kl. 8
RATATOUILLE	kl. 12:30 - 2:45	RATATOUILLE	kl. 2
ÁSTRÖPÁ	kl. 1 - 3 - 5:30	ÞRÓTTAHEITJAN	kl. 2-4
BEOWULF	kl. 12:30 - 3 - 5:30-8-10:30	STARDUST	kl. 5:50
AMERICAN GANGSTER	kl. 6 - 9	30 DAYS OF NIGHT	kl. 11
FORELDRAR	kl. 2:10 - 4 - 6 - 8		
THE INVASION	kl. 10		
ÞRÓTTAHEITJAN	kl. 12 - 2 - 4		
RATATOUILLE	kl. 12		

450 kr. **REGNBÖGINN** 450 kr.

WEDDING DAZE, DAN IN REAL LIFE, MR. WOODCOCK, LIONS FOR LAMBS, THIS IS ENGLAND

kl. 3:00 í Háskólabíó, kl. 3:00 í Háskólabíó, kl. 3:00 í Regnbögnum, kl. 3:00 í Regnbögnum, kl. 3:00 í Regnbögnum

Ódýrt í bíó

MR. WOODCOCK, ÆVINTÝRAEYJA IBBA, HÁKARLABEITA

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

www.SAMBIO.is

ÞRÓTTAHEITJAN - kl. 1 í álfabakka, kl. 12 í kringlunni og kl. 2 á akureyri, keflavík og selfossi

STARDUST - kl. 12:30 í ÁLFABAKKA

ÆVINTÝRAEYJA IBBA M. ÍSL. TALI - kl. 1:30 Á SELFOSI OG 2 Í KEFLAVÍK

RATATOUILLE M. ÍSL. TALI - kl. 12:30 Í ÁLFABAKKA, 12 Í KRINGLUNNI, 3:50 Á SELFOSI OG KL. 2 Á AKUREYRI



GÍTARFÉLAGAR

Björn, Duane Andrews og Brad Powers spila saman í fyrsta sinn á sunnudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gítarleikarar spila „vináttulandsleik“

Það verður sannkallaður „vináttulandsleikur“ í gítarleik á sunnudagskvöld þegar Björn Thoroddsen og gítarleikararnir Duane Andrews og Brad Powers frá Nýfundnalandi spila saman í fyrsta sinn á skemmtistaðnum Domo ásamt bassaleikaranum Jóni Rafnssyni.

„Sendinefnd á vegum Nýfundnaland er að koma hingað og kynna sína menningu. Þá kom þessi hugmynd upp, hvort það væri ekki sniðugt að halda tónleika með Íslendingum og þeim „nýfundnu“.

Mér fannst það mjög spennandi og sló til,“ segir Björn Thoroddsen.

Duane Andrews blandar í tónlist sinni saman hefðbundnum djassi og austur-kanadískri þjóðlagahefð, auk þess að sækja í smiðju Django Reinhardt. Duane, sem hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar, spilar á fjölda hljóðfæra, auk þess að framleiða plötur og kvikmyndir. Hann hefur spilað með fjölmörgum þekktum kanadískum listamönnum og gefið út tvær plötur.

-fb

Hvergi slakað á gæðunum

Þegar Sigur Rós ákvað að gera tónleikamynd þá var ákveðið að gefa samhlíða kvikmyndinni út tónleikaefni á geisladiski sem þó væri ekki með sömu upptökum og heyrast í myndinni sjálfri. Sú hugmynd þróaðist út í tvöfalda pakkann Hvarf/Heim sem kom út fyrir nokkrum dögum.

Hvarf hefur að geyma nýjar upptökur af fimm gömlum Sigur Rósar lögum. Hún er rafmögnuð og tekin upp í hljóðveri. Á Heim eru hins vegar órafmagnaðar tónleikaupptökur af sex lögum af Sigur Rósar plötunum fjórum.

Þrjú laganna fimm á Hvarf hafa ekki verið gefin út áður; - Salka, Hljómalind (þekkt hjá hörðustu aðdáendum sem „Rokklagið“) og Í gær. Hin tvö, Von og Hafsól, eru gjörbreyttar útgáfur af tveimur laganna á fyrstu Sigur Rósar plötunni, Von. Lögin á Heim eru Samскеyti, Starálfur, Vaka, Ágætis byrjun, Heysátan og Von.


Ég verð að viðurkenna að áður en ég hlustaði á Hvarf og Heim var ég máturega spenntur. Órafmagnaðar útgáfur og ónotuð lög. Er það ekki bara eitthvað b-efni? Útkoman er hins vegar enn ein gæðaplata frá hljómveitinni. Það er greinilegt að þeir drengir hafa tekið þetta verkefni mjög alvarlega og legið yfir vali á

lögum og tónleikaupptökum. Lögin fimm á Hvarf eru öll fyrsta flokks. Hljómveit sem setur lög eins og Hljómalind og Salka til hliðar þegar hún klárar plöturnar sínar er engin venjuleg hljómveit. En það vissum við svo sem fyrir.

Tónleikaplatan Heim er líka mjög vel heppnuð. Það er gaman að heyra hvernig hljómveitin glímur við þessi lög án rafmagns. Strengjasveitin fær t.d. aukið vægi og söngurinn verður hlýrri og viðkvæmari. Það var ekkert sjálfsagt mál fyrir Sigur Rós að spila órafmagnað, en fyrstu órafmögnuðu tónleikarnir voru í mót-mælendabúðum við Kárahnjúka. Þar kviknaði hugmyndin og síðan hefur sveitin spilað órafmagnað við nokkur tækifæri. Á plötunni eru m.a. upptökur frá Gömlu Borg í Grímsnesi, Vík í Mýrdal og Selárdal. Það er frekar léttur og næstum poppaður blær yfir þessum upptökum, þær eru ólíkar upp-runalegu útgáfunum og það gefur þeim að sjálfsögðu aukið vægi.

Það er hvergi slakað á gæðunum á Hvarf/Heim. Lagavalið og uppröðun laga er flott, umslagið er fallegt og hljómurinn er fullkominn. Á heildina litið er þetta plata sem virkar mjög vel frá upphafi til enda.

Trausti Júlíusson



TÓNLIST

Hvarf/Heim

Sigur Rós

★★★★

Hvarf/Heim er tvöföld plata með nýjum útgáfum af nokkrum gömlum lögum og órafmögnum tónleikaupptökum. Sérstaklega vel unninn pakki sem er skyldueign fyrir aðdáendur sveitarinnar.



MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison verður viðfangsefni heimildarþáttarins Sleepless in Reykjavík.

Mugison í nýjum þætti

Tónlistarmaðurinn Mugison verður á næstunni viðfangsefni heimildarþáttarins Sleepless in Reykjavík sem hefur verið sýndur á heimasíðunni kvikmynd.is undanfarna mánuði við góðar undirtektir.

Pungarokk hefur verið í aðalhlutverki þáttarins hingað til og þótt Mugison flokkist frekar undir blúsara sýnir hann á köflum hressileg dauðarokkstílfrið á nýju plötunni sinni, Mugiboogie. Í nýjasta þætti Sleepless in Reykjavík, sem er sá sautjándi í röðinni, er fjallað um gerð myndbandsins Spawn of Disgust með dauðarokksveitinni Severed Crotch.



WEEZER Hljómveitin Weezer gefur á næsta ári út sína sjöttu plötu.

Nafn komið á nýja plötu

Nýjasta plata hljómveitarinnar Weezer nefnist Tout Ensemble og verður sú sjötta úr þeim herbúðum. Platan, sem hefur að geyma átján lög, er væntanleg í búðir 22. apríl.

Ný plata frá forsprakka Weezer, Rivers Cuomo, kemur aftur á móti út 18. desember, viku eftir áætlaðan útgáfudag. Nefnist hún Alone og hefur að geyma ýmsar demóupptökur frá ferli hans. Þar á meðal verða lög af Songs From a Black Hole sem átti upphaflega að vera önnur plata Weezer en ekkert varð úr.

Nýir Latabæjar- diskar

Metið slegið

5 þættir

Nýi jólasveinninn

Veggspjald fylgir með

6 þættir

Tilnefndur til BAFTA verðlauna fyrir besta alþjóðlega barnaefnið

Myndform ehf • Trönuhraun 1 • Sími: 534 0400 • www.myndform.is • myndform@myndform.is

> Ísland niður um tíu sæti

Íslenska landsliðið í knattspyrnu fellur um ein tíu sæti á nýjasta FIFA-listanum, sem var gefinn út í gær. Ísland er í 89. sæti en var í 79. sæti fyrir mánuði. Lettar eru í sætinu fyrir ofan okkur en Armenía er einu sæti fyrir neðan Ísland. Ísland hefur lægst verið í 117. sæti listans en það var í ágúst á þessu ári. Argentína, Brasília og Ítalía eru í efstu sætum sem fyrr.



sport
sport@frettabladid.is

FERENC ANTAL BUDAY, ÞJÁLFARI FRAM: TELUR LIÐ SITT EIGA GÓÐA MÖGULEIKA Í EHF-ÁSKORENDAKEPPNINI

Ég vona að Framarar fjölmenni í Safamýrina

Fram tekur á móti tyrkneska liðinu Ankara İl Özel Idare í EHF-áskorendakeppni Evrópu í handbolta karla í Safamýrinni kl. 16.00 í dag, en seinni leikur liðanna verður einnig spilaður í Safamýrinni, á morgun kl. 16.00. Ferenc Antal Buday, þjálfari Fram, kvaðst vita þónokkuð um tyrkneska liðið.

„Við höfum aflað okkur sæmilegra upplýsinga um mótherja okkar og þeir eru þekktir fyrir að spila hraðan og nútímalegan handbolta og tyrkneskur handbolti hefur reyndar verið að sækja í sig veðrið hvað það varðar undanfarin ár. Özel Idare spilar yfirleitt 5-1 eða 3-2-1 vörn og allir leikmenn liðsins eiga landsleiki að baki, þannig að við munum ekki vanmeta þá. Bestu leikmenn liðsins eru líklega vinstri skyttan Ömer Aslan, markvörðurinn Evren Ozan Kurban og hinn ungi og efnilegi linumaður Mehmet Demirezen,“ sagði Buday og kvað möguleika Fram engu að síður góða.



„Þrátt fyrir að hafa eins og ég segi ágætar upplýsingar um Tyrkna þá rennum við tiltölulega blint út í fyrri leikinn á móti þeim. Við þurfum því að mæta einbeittir til leiks og ef leikmenn mínir halda haus í 60 mínútur þá efast ég ekki um að við munum tryggja okkur sæti í 16-liða úrslitum keppinnar. Það er líka mjög jákvætt að handknattleiksdeild Fram hafi komið því í kring að við spilum báða leikina okkar í Safamýrinni og ég fagna því að þurfa ekki að fara í langt og strangt flug til Ankara. Þessi tilhögun mun tvímælalaust verða til þess að auka möguleika okkar enn frekar og eins hjálpar það okkur í N1-deildinni hér á Íslandi, upp á að sleppa við aukið álag vegna ferðabreytu,“ sagði Buday og vonaðist til þess að sem flestir mæti á leikinn.

„Ég sá það í leiknum hjá Val í Meistaradeildinni á móti Veszprém að ungværir aðdáendur voru álíka margir og þeir íslensku og það má ekki gerast á heimavelli. Við þurfum á stuðningi áhorfenda að halda og ég vona að Framarar fjölmenni í Safamýrina og hvetji lið sitt til sigurs.“



ÁKVÆÐIN Dagný Linda Kristjánsdóttir stefnir ótraud að því að taka þátt í Ólympíuleikunum í Kanada árið 2010.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Dagný Linda Kristjánsdóttir: Í þriggja ára samstarf við N1

SKÍÐI Dagný Linda Kristjánsdóttir, sem hefur um áráraðir verið í fremstu röð skíðakvænna á Íslandi, hefur undirritað þriggja ára samstarfssamning við N1 sem verður jafnframt einn af aðalstyrktaraðilum Skíðasambandsins næstu þrjú árin.

„Samningurinn er afar mikilvægur og gerir mér kleift að stunda mína íþrótt áfram af fullum krafti. Eg stefni eindregið að því að keppa á Ólympíuleikunum í Kanada árið 2010 og samningurinn hjálpar mér vonandi til þess að uppfylla það markmið mitt,“ sagði Dagný Linda í fréttatilkynningu í kjölfar undirritunar samningsins. - óþ

N1 N1 DEILD KARLA
Laugardagur 24. nóv.
Vestmannaeyjar kl. 15.00
ÍBV - Afturelding
Ásvellir kl. 17.00
Haukar - Stjarnan

Held veskjunum ef fólk hendir þeim í mig

Jón Þorgrímur Stefánsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Fram. Hann býst fastlega við að verða strítt vegna ummæla sem hann lét falla síðastliðið sumar um að hjartað væri stærra en veskið. Hann fagnar því.

FÓTBOLTI Það kom mörgum talsvert á óvart þegar HK-ingurinn Jón Þorgrímur Stefánsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Fram. Jón Þorgrímur er mikill HK-maður og fór frá meistarum FH niður í 1. deild til HK á sínum tíma og héldu flestir að hann myndi ljúka ferli sínum hjá félaginu.

„Ég veit að þessi ákvörðun kemur mörgum á óvart og hún kemur mér líka á óvart. Ég átti ekki von á þessu. Það eru persónulegar ástæður fyrir því að ég ákvað að yfirgefa HK og fara í Fram,“ sagði Jón Þorgrímur við Fréttablaðið í gær. „Ég ætlaði mér alltaf að klára ferilinn hjá HK en því miður gekk það ekki eftir.“

Framarar fengu einnig miðjumanninn Halldór Hermann Jónsson frá Fjarðabyggð í gær og áður hafði Auðun Helgason gengið til liðs við Fram.

„Það er gaman að vera kominn í þjálfun hjá Þorvaldi Örlygssyni því síðast þegar við mættumst á vellinum þá lá við slagsmálum á milli okkar. Það var mjög gaman og við hlógum mikið að þessari sögu þegar við skrifuðum undir samninginn. Ég var í viðræðum við fleiri lið en ég kolféll fyrir þeirri hugmyndafræði sem Þorvaldur kynnti fyrir mér,“ sagði Jón sem segist hafa gengið hreint og heiðarlega til verks í viðskilnaðinum við HK.

Eitt eftirminnilegasta viðtal síðasta sumars var tekið við Jón eftir að HK hafði lagt KR að velli. Þá sagði Jón að hjartað væri sterkara en veskið. Því spyrja menn í dag



HJARTA MITT ER GRAFIÐ Í KÓPAVOGINUM Jón Þorgrímur Stefánsson vill ekki meina að veskið sé orðið sterkara en hjartað þó svo að hann sé farinn til Fram frá HK. Jón fagnar hér marki gegn KR í fyrra en ummæli hans eftir leikinn eru fræg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvort veskið sé orðið sterkara en hjartað?

